



Fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum vegagerðar í Vopnafirði



Varða á Vesturárdalsleið

Guðný Zoëga
Bryndís Zoëga
Guðmundur St. Sigurðarson
Október 2005

2005/47

© Guðný Zoëga, Bryndís Zoëga, Guðmundur St. Sigurðarson
Byggðasafn Skagfirðinga
Sauðárkróki
2005/47

Efnisyfirlit

EFNISYFIRLIT	1
MYNDALISTI	2
INNGANGUR	3
TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGA	3
FORNLEIFASKRÁNING OG AÐFERÐIR.....	4
JARDANÚMER	5
TEGUND, HLUTVERK OG HEITI	5
LEGA	5
STADHETTIR OG LÝSING	6
HÆTTUMAT	6
HEIMILDIR	6
HELSTU MINJAFLOKKAR	6
HOFÁRDALSLEIÐ	10
SAGA JARDANNA	10
<i>Bustarfell 156452 50</i>	10
<i>Einarsstaðir 156461 53</i>	12
<i>Þorbrandsstaðir 156538 54</i>	13
<i>Teigur 156530 49</i>	14
FORNLEIFASKRÁ.....	15
<i>Hofsárdalsleið Einarsstaðamegin</i>	15
HOFÁRDALSLEIÐ BUSTARFELLSMEGIN	39
HOFSHÁLSLEIÐ	45
SAGA JARDANNA	45
<i>Hauksstaðir (Haukstaðir) - 156482-39</i>	45
<i>Hof 156484 48</i>	47
FORNLEIFASKRÁ.....	49
<i>Hofshálsleið</i>	49
MILLIDALALEIÐ	65
VESTURÁRDALSLEIÐ	66
SAGA JARDANNA	66
<i>Brunahvammur (Brúnahvammur) 156449 52</i>	66
<i>Búastaðir - 156450-41</i>	68
<i>Vakursstaðir 156534 35</i>	70
<i>Norður-Skálanes 156507 42</i>	71
<i>Leiðarhöfn 156500 43</i>	72
FORNLEIFASKRÁ.....	74
<i>Vesturárdalsleið frá Hölná um Vesturárdal út á Tanga</i>	74
SAMANTEKT	110
MINJAR Í OG VIÐ FRAMKVÆMDASVÆÐI /MÓTVÆGISADGERÐIR	111
NIÐURLAG	124
HEIMILDASKRÁ	125
FYLGISKJÖL – HNITALISTI, KORT, TEIKNINGAR	127

Myndalisti

MYND 1. VARÐA 52-41	15
MYND 2. VARÐA 52-44	16
MYND 3. VARÐA 52-4	17
MYND 4. VARÐA 52-48	18
MYND 5 FORNBÝLIÐ KLEIF Í LANDI BUSTARFELLS	38
MYND 6. HORFT TIL SUÐURS YFIR RÉTTARTÓFTIR VIÐ HÖLKNÁ	72
MYND 7. VARÐA 50-30	73
MYND 8. SMALABYRGI OG VARÐA	74
MYND 9. VARÐA 52-34	75
MYND 10. VARÐA 52-35	75
MYND 11. VARÐA 52-36	75
MYND 12. VARÐA 52-38	76
MYND 13. BRUNAHVAMMUR, FJÁRHÚSTÓFTIR, BÆJARHÓLLINN OG GRUNDIRNAR Í BAKSÝN	77
MYND 14. VARÐA 52-26	81
MYND 15. VARÐA 52-27	82
MYND 16. SMALATÓFT 39-24	82
MYND 17. SMALABYRGI 39-25	83
MYND 18. LEIFAR AF TÓFT VIÐ HESTHÚS	98
MYND 19. TÓFTIR Í NÁGRENNI KIRKJUGARÐS YST Í VOPNAFJARÐARKAAPTÚNI	102

Inngangur

Vegna fyrirhugaðra vegaf framkvæmda í Vopnafirði gerði Fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga fornleifaskráningu vegna mats á umhverfisáhrifum fyrir svæðið að beiðni Vegagerðarinnar. Vettvangsrannsókn fór fram dagana 25-29 júlí og 5 ágúst 2005.

Gengnar voru allar veglínur sem í athugun eru vegna umhverfismats, Vesturárdalsleið, Vesturárdalsleið um Hofsháls, Hofsárdalsleið og einnig tengileið, svokölluð millidalaleið, milli Vesturárdals og Hofsárdals.

Í skýrslunni er hver leið fyrir sig upplistuð og fornleifar sem fundust á vettvangi skráðar í landfræðilegri röð eftir veglínunum. Skráðar voru allar sýnilegar fornleifar í 100 m fjarlægð frá miðlínu vegar (sbr. lög um umhverfisáhrif frá 2000 nr. 106, viðauki. iii, c). Nokkrar fornleifar sem þó eru utan 100 m frá veglínunum voru skráðar og sýndar á meðfylgjandi kortum sem svæði þar sem sérstaka gát þarf að sýna. Einungis er um að ræða skráningu minja í og í námunda veglína en ekki heildarskráningu fornleifa þeirra jarða sem um ræðir.

Vettvangsvinna og skýrslugerð var unnin af Bryndísi Zoëga landfræðingi, Guðmundir St. Sigurðarsyni nema í fornleifafræði og Guðnýju Zoëga fornleifafræðingi.

Sérstakar þakkir fá heimildarmenn okkar: Grétar Jónsson bóndi Einarstöðum, Pétur Jónsson bóndi Teigi, Bragi Vagnsson og Björg Einarasdóttir bændur Bustarfelli, Gunnlaugur Einarsson starfsmaður vegagerðarinnar, Hólmsfríður Ófeigsdóttir bóndi Búastöðum, Hallgrímur Helgason fv. bóndi Þorbrandsstöðum, Gunnar Methúsalemsson Vopnafirði. Friðbjörn H. Guðmundsson bóndi Hauksstöðum og Sverrir Jörgensson og Sigurbjörg Kr. Guðmundsdóttir bændur Vakursstöðum II.

Tilgangur fornleifaskráninga

Í Þjóðminjalögum nr. 107/2001 er kveðið á um að stuðla beri að verndun menningar-sögulegra minja í eigin umhverfi og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða, að auðvelda eigi aðgang að þeim, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Í 9. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

[...] hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;

- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið.
- i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Minjar 100 ára og eldri teljast fornleifar, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar [...].

Samkvæmt lögnum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 10. grein segir að fornleifum megi enginn „spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema leyfi Fornleifaverndar ríkisins komi til.” Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Fornleifavernd ríkisins. Komi fornleifar í ljós við jarðrask skal fresta vinnu á staðnum uns ákvörðun Fornleifaverndar liggur fyrir um hvort og með hvaða skilyrðum framkvæmdir megi halda áfram (sjá 14. gr.).

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausu. Fornleifaskráning er forsenda skipulegrar minjavörslu svo sem þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknum og kynningum.

Þeir sem stýra hvers konar framkvæmdum verða að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á framkvæmdasvæðinu, svo unnt sé að taka tillit til minja við skipulagsvinnu og varðveita sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að framkvæmdaraðilar rekist í miðjum klíðum á fornleifar, sem þeir gerðu sér ekki grein fyrir að gætu verið fyrir hendi, en reynist nauðsynlegt að rannsaka með tilheyrandi kostnaði og töfum á framkvæmdum. Því er mikilvægt að fornleifaskráning sé gerð með nægilegum fyrirvara áður en framkvæmdir eiga sér stað.

Þjörgunaruppgröftur, sem unninn er vegna framkvæmda og undir þrýstingi vegna þeirra, er engan veginn æskilegur. Hvorki fyrir framkvæmdaaðila né frá sjónarmiði fornleifafræðinnar, og því sameinar fornleifaskráningin hagsmunum beggja.

Fornleifaskráning og aðferðir

Helstu heimildir eru kannaðar svo sem jarðabækur, örnefnaskrá, túnakort og fornrit til að leita að vísbendingum um fornleifar á svæðinu. Þessar upplýsingar eru allar skráðar í sameiginlegan gagnagrunn minjavörslunnar, Sarp.

Í fornleifaskrá Sarps eru fornleifarnar flokkaðar eftir jörðum og miðað bæði við opinbera fasteignaskrá og jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847.¹

Í inngangi með skránum fyrir hverja veglínu er sögulegt yfirlit yfir hverja jörð sem fornleifar fundust á og sem veglínan liggur um. Í sögukaflanum er gerð grein fyrir takmörkum jarðanna, breytingum, atburðum og öðrum þáttum sem geta varpað ljósi á sögu byggðar og búskapar á staðnum.

Að öðru leyti er skráin byggð upp með þeim hætti sem að neðan greinir.

Jarðanúmer

Jarðirnar eru auðkenndar með heiti jarðarinnar og tveimur númerum; í fyrsta lagi landsnúmeri sem Fasteignamat ríkisins hefur úthlutað, t.d. Hof 156484 48 - 54 , og í öðru lagi númeri jarðarinnar samkvæmt Jarðatali Johnsens (1847), 48 í nefndu tilviki. Þar að auki er fornleifunum gefið raðnúmer innan hvernar jarðar; bæjarstæði Hofs væri nr. 1 og þar af leiðandi auðkennt með eftirfarandi hætti: Hof 156484 48 - 1. Sé jörð með landnúmer en ekki númer í Jarðatali Johnsens flokkast allar fornleifar á jörðinni undir landsnúmer jarðarinnar og númer þeirrar jarðar er fornleifarnar tilheyrðu við ritun jarðatalsins.

Tegund, hlutverk og heiti

Í fáum orðum er tegund og hlutverki minja lýst, þ.e. hvort um sé að ræða tóftir bæja eða útihúsa, höfn, byrgi, túngarð og þar fram eftir götunum.

Stundum sjást fornleifar ekki í landslaginu, þótt þeirra sé getið í heimildum, og kunna margar ástæður að vera fyrir því. Kemur þá fram í fornleifaskránni að „heimild“ sé til um t.a.m. útihús. Er leitast við að hafa fornleifaskrána eins nákvæma og kostur er, því að leifar fornminja kunna að leynast í jörðu þótt ekki sé unnt að sjá þær með berum augum á yfirborðinu.

Hafi fornminjarnar sérnafn, t.d. Tungusel eða Gröf, er það sérstaklega skráð, en þegar engu slíku er til að dreifa kemur fyrir að hlutverki þeirra sé lýst þar sem heitið stæði annars, t.d. fjós eða hlaða.

Lega

Nákvæm staðsetning er skráð. Tekin voru GPS hnit á vettvangi og þau færð í skrána. Staðsetning minjanna er einnig færð inn á meðfylgjandi loftmyndir frá Vegagerðinni. Hnitin sem gefin eru upp eru í landskerfinu ISN93.

¹ J. Johnsen. Jarðatal á Íslandi.

Staðhættir og lýsing

Í kafla um staðhætti og lýsingu er greint frá því hvað heimildir segja um staðhætti og lýsingu á minjum.

Hættumat

Leitast er við að leggja mat á þá hættu sem að fornleifunum kann að steðja, bæði af völdum náttúru og manna. Þetta er gert til þess að unnt sé að grípa til viðeigandi ráðstafana liggja minjar undir skemmdum eða geti orðið fyrir raski. Hætta vegna ábúðar þýðir að framkvæmdir eða álag kunni að raska fornminjum. Hætta vegna veðrunar þýðir að fornleifar séu smám saman að mást í burtu fyrir áhrif lofts eða vatns. Hætta vegna landbrots þýðir að fornleifar geti glatast af völdum vatns eða uppblásturs.

Ekki er lagt mat á hættuna þegar einungis er til heimild um fornleifar en þær ekki fundist við vettvangsskráninguna. Við skipulag framkvæmda er engu að síður nauðsynlegt að taka tillit til þessara heimilda, því að fornleifar geta, sem fyrr segir, leynst undir sverðinum.

Í þessari skýrslu eru allar minjar sem eru innan 100 metra frá veglínu skráðar í hættu vegna framkvæmdanna.

Heimildir

Vísað er í helstu ritheimildir um sérhverja hinna skráðu fornleifa. Hér eru einnig skráðar þær heimildir sem stuðst er við í fyrri kafla um staðhætti og lýsingu, en ekki neðanmáls eins og þó er gert í öðrum texta þessarar skýrslu. Ræðst það af því að fornleifaskráningin á helst að geta staðið ein og óstudd af öðru efni skýrslunnar.

Helstu minjaflokkar

Búsetuminjum má gróft séð skipta í tvo flokka, minjar í túni og minjar utan túna. Þær minjar er mesta sögu geyma eru bæjarstæði/hólar og umhverfi þeirra. Stærsti minjaflokkurinn saman stendur hinsvegar af útihúsum hverskonar. Innan túns má nefna fjós, fjárhús, hrútakofa, hesthús, lambhús, smiðjur, ýmsa kofa, kvíar, hlöður og skemmur. Utan túns má nefna sel, beitarhús, stekki, heytóftir, réttir, nátthaga, smalakofa o.fl. Aldur útihúsa er sjaldnast þekktur en oft voru þau byggð öldum saman á sama stað. Því kunna leifar eldri mannvirkja að leynast undir tóftum þeirra yngri. Lega og útlit minja gefur oft til kynna hverskyns minjar þar er um að ræða þótt engar heimildir séu til um notkun þeirra. Þó er ekki alltaf hægt að ákvarða nánar hver notkun húss kann að hafa verið.

Minjar í túni

Bæjarstæði

Útlit og lega bæjarstæða helgast af því hvort um er að ræða viðvarandi eða styttri byggð. Oft varðveitast vel afbýli eða skemmri tíma bústaðir s.s. sel þar sem þau eru gjarnan þannig staðsett að seinni tíma framkvæmdir hafa ekki raskað við þeim. Slík bæjarstæði/bústaðir geta gefið miklar fornleifafræðilegar upplýsingar. Bæjarhólar verða til við sífelldar endurbyggingar húsa á sama stað. Þeir varðveita mikla sögu um húsakost

og lifnaðarhætti, og þar eru mestar líkur á að verðmætir gripir finnist. Oft voru bæjarstæði nokkurskonar þorp bygginga þar sem útihús hverskonar voru áföst eða fast við bæjarhúsin.

Kirkjur voru oftast gegnt bæjarhúsum eða mjög nærri bæjarstæðum.

Á **alkirkjum**, höfuðkirkjum (beneficium) var messað hvern helgan dag og þar mátti jarða.

Á **hálfkirkjum**, svokölluðum útkirkjum (annexium), var messað helmingi sjaldnar en á alkirkjunum eða annan hvern helgan dag. Þar mátti jarða. Djákni aðstoðaði prest ef margar slíkar kirkjur heyrðu undir alkirkju. Djáknar máttu messa en ekki vígja eða jarða.

Á **fjórðungs-** og **þriðjungskirkjum** var messað sjaldnar, ýmist þriðja hvern eða fjórða hvern helgan dag. Þær höfðu ekki allar graftarleyfi.

Bænhús voru einskonar heimiliskapellur. Í þeim mátti messa en biskupsleyfi þurfti til að gifta, skíra eða veita sakramentið. Þar mátti ekki grafa lík.

Grafreitir voru oftast afmarkaðir af garðhleðslu. Þeir voru við eða nærri bæjarstæðum, umhverfis kirkjur og hálfkirkjur. Elstu kirkjugarðarnir voru hringlaga en þeir urðu seinna ferhyrindir. Ætla má að greftrun hafi farið fram við sóknarkirkjur en fjöldi grafa sem fundist hafa við jarðrask á jörðum þar sem engar heimildir eru til um kirkjur eða bænhús bendir til að víðar hafi verið jarðað en áætlað hefur verið.

Minjar í eða við tún

Minjar innan túns eru oft horfnar vegna jarðabóta eða annarra framkvæmda. Dæmi um slíkar minjar eru:

Fjós: Fjóstóftir eru oft á bæjarstæðinu sjálfu eða nærri því.

Fjánhús: Fjánhústóftir eru margvíslegar og stærð þeirra og fjöldi króa geta verið mismunandi. Oft má greina garða eftir miðri tóftinni eða stalla undan jötum upp við vegg. Oft eru hlöður eða heytóftir áfastar aftan við fjárhúsin.

Hrítakofar: Smærri kofar oft yst í túni.

Lambhús: Yfirleitt smáar tóftir, einnar króar hús.

Hesthús: Oft smærri hús yst í túni eða við túngarð.

Smíðjur: Smíðjur voru yfirleitt nálægt bæjarstæðinu sjálfu en einnig eru dæmi þess að þær hafi staðið í túni dálítið frá bænum, vegna eldhættu. Oftast frekar smáar tóftir.

Kofar: Yfirleitt fremur smáar tóftir. Kofarnir voru af ýmsu tagi s.s. hæsnakofar.

Brunnar: Brunnar eða vatnsból voru mikilvæg enda greiður aðgangur að vatni oftast grunnforsenda þess hvar bæjum var valinn staður. Oft eru brunnar grjóthlaðnir, gjarnan hringlaga en stundum ferkantaðir. Ef byggt var svokallað brunnhús yfir brunnninn eða við hann líkjast tóftirnar öðrum kofatóftum. Einnig var algengt að hafa innangengt eftir rangala frá bæ til brunns.

Myllur: Kornmyllur, svokallaðar vatnsmyllur, knúðar vatni voru við marga bæi. Þær voru víðast hvar aflagðar um síðustu aldamót. Stundum er í heimildum getið um myllusteina sem varðveist hafa eftir að myllurnar sjálfar hrundu, og mylluörnefni eru á flestum bæjum. Tóftirnar liggja við ár eða læki. Þær eru litlar, grjót- og torfhlaðnar og dyr eða op á tóftinni þangað sem vatnið var leitt inn og út. Oft eru grafnar rennur úr læk ofan við að tóftinni og vatnsmagninu þannig verið stýrt. Á stöku stað voru vindmyllur og sér lítið eftir af þeim en heimildir um staðsetningu þeirra eru mikilvægar.

Kvíar: Kvíar voru oftast í túni eða rétt utan þess. Þangað var ánum smalað til mjalta. Kvíum svipar mjög til stekkja en oft eru þær þó aðeins ein kró, ekki tvískipt eins og

stekkirnir.

Minjar utan túns

Sá flokkur minja sem jafnan hefur varðveist best eru hverskyns minjar utan túns. Þær liggja gjarnan á stöðum þar sem nútíma jarðrækt hefur aldrei verið beitt.

Kuml/haugur/dys/kumlateigur: Kuml/haugar eru grafstæði úr heiðni. Þau geta verið einstök eða nokkur saman og mynda þá svokallaðan kumlateig. Stundum eru slíkar grafir upphlaðnar og því greinilegar í landi en oft eru þau þó ósýnileg á yfirborði. Stundum er einföld grjóthleðsla umhverfis eða yfir gröfinni. Kuml og kumlateigar eru oft rétt utan túns í um 2-300 m fjarlægð frá bæ. Þau geta þó legið nokkuð utan túns og oft virðast þau liggja á eða við landamerki jarða eða við alfara- eða þjóðleiðir. Stundum eru hólmyndanir í landi, manngerðar og ómanngerðar, álitnar kuml, stundum grafstæði nafngreindra landnáms- eða fornanna. Sögur, hjátrú eða helgi fylgja oft slíkum fornmannahaugum eða dysjum. Viðskeytin kuml og dys má stundum finna í örnefnum.

Réttir: Réttir, aðhald eða annað gripheldi er gjarnan að finna fjær bæjum, oft mitt á milli bæja. Smærri réttir voru til heimabruks en lögréttir eða skilaréttir nefndust þær réttir þar sem smalað var saman af stærra svæði, sveitum (heimfjöllum) eða afréttum. Þær voru yfirleitt grjót- og torfhlaðnar, gjarnan upp við klettaveggi eða við náttúrulegt aðhaldi einhverskonar. Réttir sem voru notaðar á einstöku bæjum voru smáar og einfaldrar gerðar en lögréttir stærri og oft margskipt upp í dilka.

Stekkir: eru smaréttir með einum dilk eða kró, svokallaða lambakró og voru notaðir fyrstu dagana við fráfarur. Lömb voru færð frá ánum að kvöldi og byrgð inni í krónni til að hægt væri að mjólka ærnar til heimilisins morguninn eftir. Stekkirnir eru gjarnan nokkurn spöl frá bæjum, svokallaðan stekkarveg. Þeir eru oftast hlaðnir úr torfi og grjóti. Þeir eru gjarnan hlaðnir upp við stóra náttúrusteina eða klettaveggi.

Nátthagar: Nátthagar eru frá tíma fráfarana. Mylkum ám var haldið innan nátthagans á næturnar en sleppt út fyrir á daginn. Lömb voru á sama tíma hýst í lambakrónni yfir nóttina, en sleppt til ána á daginn. Nátthagarnir voru notaðir bæði á stekktíma og á fyrstu vikum með kvíunum og eru því oftast en ekki í næsta nágrenni.

Sel: Sel eru venjulega nokkurn veg frá bæjum, oftast við ár eða læki. Þangað var búsmali rekinn á sumrum og þar hafði fólk sumardvöl við að vinna mjólkurmat til vetrarins. Sel voru í notkun allt frá landnámstíð og fram undir 17-18. öld. Seltóftir eru jafnan leifar þriggja eða fleiri tófta, oft samfastar. Stundum voru þar líka réttir eða gripheldi. Oft byggðust upp býli af þessum seljum og einnig beitarhús. Býli þessi tóku þá gjarnan nafn með viðskeytinu -sel. Erfitt getur verið að greina milli tófta selbúskapar eða smábýla þar sem búseta var í e.t.v. í skemmri tíma. Þó má oft greina smábýlin á túngarðinum sem hefur verið hlaðinn umhverfis bæjarhúsin.

Stöðull: Kýr voru mjólkaðar á stöðli. Þurrum stað ekki langt frá bæ. Þar eru sjaldan nokkur kennileiti önnur en örnefnið.

Beitarhús: Beitarhús voru byggð utan túns þar sem haglendi var gott og getur verið langt í þau að ganga. Oft voru þau byggð upp á gömlum selstæðum, allt upp í nokkurra kílómetra fjarlægð frá bæ. Þar var fé beitt yfir vetrartímann til að hlífa túnnum og heimahögum. Beitarhúsatóftir samanstanda af myndarlegri fjárhústóft eða tóftum, og oftast en ekki er hlaða áföst fjárhúsunum.

Smalakofar: Fé var smalað í haga að morgni og heim til mjalta að kveldi. Smalar sátu

yfir fénu á daginn og voru það oft börn eða unglingar sem gegndu því starfi. Algengt var að smalar hlæðu sér smákofa eða afdrep fyrir veðri og vindum meðan setið var yfir. Tóftir smalakofa eru oft mjög litlar og standa í brekkum eða á hólum þar sem víðsýnt var.

Heytóftir: Þar sem hey var slegið á engjum eða mýrum voru hlaðnar upp tóftir, svokallaðar heytóftir eða heykuml. Þar var heyinu safnað saman og það byrgt til geymslu fram á veturinn er fóðra þurfti búsmala. Slíkar tóftir eru oftast ferkantaðar og engar dyr á þeim. Að vanda standa tóftirnar nokkru hærra en umhverfið til að halda heyinu þurru og til að varna því að búsmali kæmist að því. Ekki voru veggir eða þak á slíkum tóftum og hleðslur því óverulegar.

Fjárborgir: Fjárborgir voru hringlaga úr grjóti, nokkurskonar réttir eða afdrep fyrir búfé.

Garðlög: Margskonar garðlög er að finna umhverfis tún og utan þeirra. Bæjarstæði voru oftast afmörkuð með hlöðnum túngarði þá oftast úr grjóti og torfi. Garðar voru og stundum umhverfis beitarhús eða smábýli. Vallargarðar eru garðar utan túns. Oft er erfitt að geta sér til um not þessara garða en líklega hafa þeir þjónað þeim tilgangi að aðgreina land í nytjaeiningar. Garðar voru einnig hlaðnir á mörkum landeigna, svokallaðir landamerkjagarðar.

Heyvinnsla: Stundum má sjá minjar um fyrstu tilraunir til túnsléttu og kallast það beðasléttur. Frá aldamótum og fram um 1930 var unnið að túnsléttun og framræslu á flestum bæjum. Tímabilið er í þessu sambandi oft nefnt þaksléttutími. Fyrsta áratuginn voru notuð handverkfæri. Sléttað var í aflöngum spildum eða beðum sem síðan settu svip á túnið. Sléttaðar voru tóttir næst bæjum og jafnað úr gömlum peningshúsum sem staðið höfðu dreifið innan túns.

Við sjó/vötn

Menjar um sjósókn varðveitast oft illa vegna nálægðar sinnar við hafið. Margar þeirra hafa og horfið við framkvæmdir vegna þéttbýlismyndunar og hafnargerðar. Verstöðvar eða útgerðastaðir voru oft notaðir frá mörgum bæjum/byggðarlögum og því kunna þar að finnast nokkuð fjölbreyttar minjar.

Sjóhús/verbúðir: Sjóhús og verbúðir voru íverustaðir sjómanna á meðan á vertíð stóð. Stundum voru þessi hús á tveimur hæðum. Geymsla undir veiðarfæri og annan búnað á neðri hæðinni en svefnstaður manna á þeirri efri. Grunnur húsanna var grjóthlaðinn en efri hæðin úr timbri. Einnig voru verbúðir oft einföld grjót- og torfhlaðin hús.

Fiskbyrgi: Oftast grjóthlaðnar einfaldar byggingar, ferhyrndar eða hringlaga, þar sem fiskur var geymdur.

Hjallar: Oft finnast hleðslur undan hjöllum, fiskhjöllum og geymslum. Slíkar hleðslur eru oft ferköntuðu upphleðsla sem myndar sléttan flöt eða grunn. Einnig er oft einföld grjótröð sem markar af grunninn.

Naust/hróf: Tóftir í eða við fjöruborð þar sem bátar voru dregnir upp og geymdir. Naust geta verið á ýmsa vegu, allt frá tóftum sem reft hefur verið yfir til einfaldra vegghleðsla sem bátar hafa verið lagðir á milli. Oft eru naust líka bátslaga og hefur bátum þá verið smeygt inn í naustið.

Uppsátur: Þar settu menn upp báta. Uppsátur eru oft samsíða grjóthleðslur sem liggja í sjó fram. Upphlaðnir sjógarðar eða bryggjur eru voru líka til en eru sjaldgæfari.

Fiskgarðar: Upphlaðnir garðar til að þurrka fisk á voru á stöku útgerðarstað.

Hofsárdalsleið

Á Hofsárdalsleið voru skráðar fornleifar á eftirfarandi jörðum: Bustarfelli, Einarstöðum, Þorbrandsstöðum, Teigi og Hofi. Verður saga þessara jarða birt fremst í kaflanum, nema saga Hofs sem fylgir Hofshálsleið en síðan fylgir skrá um fornleifar í og við veglínuna í landfræðilegri röð frá Hölkná að Teigi.

Saga jarðanna

Bustarfell 156452 50

Saga

Jörðin Bustarfell stendur í dalbotni undir samnefndu fjalli, sem bærinn dregur nafn sitt af. Bustarfells er fyrst getið í Sturlungu þegar Ólafur bóndi á Bustarfelli, barðist með Þorvarði Þórarinssyni frá Hofi í Þverárbardaga 1255 (Sjm, 133).

Jörðin hefur alla tíð verið í bændaeign en samkvæmt Jarðarbók Johnsens var jörðin árið 1760 talin 30 hundruð að dýrleika en var síðar skipt niður með jörðunum Fossi (í eyði 1760) og Brunahvammi (Brúnahvammi) sem fyrst er nefndur 1804 (JJ, 352).

Jörðin var stórbýli og sátu þar meðal annars sýslumennirnir Björn Gunnarsson og Bjarni Oddsson tengdasonur hans. Sonarsonur Bjarna var Björn Pétursson (1696-1720) en í Sveitum og jörðum segir að hann hafi reist bænhús á Bustarfelli en það mun hafa brunnið í búskapartíð Marteins sonar hans (Sjm, 133).

Bustarfell hefur verið í eigu sömu ættar frá 1532 þegar Árni Brandsson prófar á Hofi keypti hana, um það segir í Íslensku Fornbréfasafni „[...] vorum vier i hiä säum og heyrðum æ ath Þorsteinn Pälsson sellde Arna Brandzsyni með handabande til fullrar Eignar og frialz forrædis tuo parta i jordunne Bustarfelle er ligur j vopnafirdej Hofskyrkiausökn [...]” (DI I X , 608, Sjm, 133). Hálfkirkja hefur verið áður á Bustarfelli en í Íslensku Fornbréfasafni frá 1397 er nefnd Péturskirkja að Bustarfelli. Er þar sagt frá munum í eigum kirkjunnar og þar segir orðrétt; „þar skal syngia annann hvern dag helgann og lvka ij merkur” (DI IV, 217).

Fjórar hjáleigur voru í landi Bustarfells: Þuríðarstaðir, Síreksstaðir, Ljósstaðir og Kleif. Auk þeirra er Bjargs og Skorar (óvíst hvort um er að ræða sömu Skor og getið er í Fosslandi) getið í heimildum, en ekki eru neinar heimildir til um búsetu á þeim og talið að þær hafi farið í eyði fyrir Svartadauða. Í Jarðabók Johnsens er jarðanna Foss og Brunahvamms getið sem hjáleiga frá Bustarfelli en í Sveitum og jörðum kemur fram að umræddar jarðir hafi verið í eigu Bustarfellsmanna og að þáverandi íbúar (1974) hafi talið að jarðirnar hafi verið lögbýli í eign Bustarfellsmanna (Johnsen, 352).

Á spildu vestan Hofsár og Gestreiðarstaðarkvíslar eru býlin Fagrakinn og Gestreiðarstaðir. Það land tilheyrði Vopnafirði og Brunahvammi frá 1892.

Búið var í gamla torfbænum, sem stendur enn, til ársins 1966. Árið 1943 var bærinn seldur ríkinu og hefur hann síðar verið í vörslu Þjóðminjavarðar (Sjm, 133-135). Þar er nú til húsa Byggðasafn Vopnfirðinga.

Náttúrufar og jarðabætur

Bustarfell var í Jarðabók Johnsens talin 20 hundruða jörð að dýrleika. (Johnsen, 352). Meðfram Hofsá er láglendi með harðvellisnesjum, síðan hækkar landið og melar, hjallar, grundir, hólur og móar taka við og einkenna landið neðan Bustarfells. Þar ofan er gróin hlíð en svo taka við brattar skriður og klettabelti. Upp á fellinu er Þuríðarvatn, úr því rennur Þuríðará í Hofsá. Innan Þuríðarár breytist gróðurfar og við taka harðvelli og kjarr, þar er Bustarfellsskógur. Engjar voru fremur snöggar og dreifðar og gamla túnið var harðlent bæði þýft og hólótt. Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir frá að grasatekja sé á Bustarfelli auk þess á jörðin veiðirétt í Hofsá og vötnunum á heiðinni en lítið hefur veiðst í þeim (SS, 2000, Sjm, 134).

Landamerki

„Landamörk eru að utan við Teigará, sem þjóðvegurinn liggur nú niður með af fjallinu, að norðvestan um Nykurvatn og kíll sv. úr því í Fiskivatn að suðvestan með Fremrisniðalæk niður af fjallinu rétt innan við Bustarfellsskóg, og að austan er Hofsá. Vegalengd meðfram Hofsá marka á milli er um 10 km” (Sjm, 133).

Heimildarskrá

Finnur N. Karlsson, Indriði Gíslason og Páll Pálsson, 2000; *Múlasýslur, Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1847*. Bls. 39-56. Sögufélag og Örnefnastofnun. Reykjavík.

Íslenzkt fornbréfasafn IV 1265-1449. Kaupmannahöfn, 1907.

Íslenzkt fornbréfasafn IX. Reykjavík. 1909-1913.

J. Johnsen: *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripri úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu*. Kaupmannahöfn. 1847. Bls. 352.

Sveitir og jarðir í Múlaþingi I, 1974, bls.133-135. Búnaðarsamband Austurlands.

Einarsstaðir 156461 53

Saga

Einarsstaðir liggja vestan í Þorbrandsstaðahálsi og Einarsstaðafjalli í Hofsárdal. Jörðin var í bændaeigu en snemma á 17. öld var jörðin í eigu Bjarna Oddssonar sýslumanns á Bustarfelli síðar var hún seld Brynjólfi Sveinssyni biskupi. Í Móðuharðindunum er jörðin aftur komin í eigu Bustarfellsmanna en þá býr þar Málfríður Marteinsdóttir Björnssonar sýslumanns Péturssonar. (Johnsen, 352, Sjm, 140).

Náttúrufar og jarðabætur

Í Jarðatali Johnsens eru Einarsstaðir talin 10 hundruða jörð. Engjar voru á spildunni sem liggur meðfram Hofsá að Þrengingum, þær voru venjulega snöggar en greiðfærar. Einnig voru engjar sóttar í flóa uppi á fjalli og inn í dalbotn við Tunguá. Einnig voru engjablettir utan við bæinn. Gamla túnið liggur þar sem undirlendi er breiðast, það liggur í skeifu sem Hofsá hefur grafið austur í dalbotninn. Kráká fellur úr Einarsstaðafjalli en hlíð þess er brött, skriðurunnin og klettótt, uppi á fjallið (Johnsen, 352, Sjm, 140-141).

Landamerki

„Landamörk við Þorbrandsstaði eru við Merkgil um 2,5 km utan við bæ og liggja síðan þvert sa. Á hálsa í Skjónugilsdrög að mörkum Hraunfells, þá inn endilangan Hraunfellspart, sem er heiðarbunga milli Hraunfellsdals og Hofsárdals, mikið afréttarland með melöldum, mólendi og víðáttumiklum flóum, og áfram suður liggja mörkin sem næst vatnaskilum allt suður að Pyttá vestur af Sandfelli, þangað eru um 20 km heiman frá bæ (sjá aths. við Hraunfell varðandi landamörk við Skjöldólfsstaði, kort). Síðan fylgja landamörk Tunguá na. grunnan heiðardal og síðast Hofsá” (Sjm, 140).

Heimildarskrá

J. Johnsen: *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágrípi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu.* Kaupmannahöfn. 1847. Bls. 352.

Sveitir og jarðir í Múlaþingi I, 1974, bls.140. Búnaðarsamband Austurlands.

Þorbrandsstaðir 156538 54

Saga

Þorbrandsstaðir eru í Hofsárdal og liggja norðvestan undir Þorbrandsstaðahálsi. Þeir eru fyrst nefndir í Vopnfirðingasögu en þar bjó Brúni sem reið til vorþings í Fljótsdalshéraði með Bjarna Brodd-Helgasyni, sú fór endaði með bardaga í Böðvarsdal milli Bjarna og Þorkels Geitissonar. Þar segir; „En með Bjarna váru í för Þorvarðr læknir af Síreksstöðum, Brúni af Þorbrandsstöðum, Elífr Tjörvason af Torfastöðum, bræðr tveir af Búastöðum, Bergr og Brands, Skíði, fóstri Bjarna, ok Haukr Loftsson, ok váru þeir átján saman” (ÍS; X, 54). Þorbrandsstaðir eru í Jarðatali Johnsens (bls, 352) talin 12 hundruða jörð. Á 18. öld eru þeir á jarðeignaskrá Björn Péturssonar sýslumanns, síðar, eða um 1800, í eigu Guðmundar Péturssonar sýslumanns (Sjm, 142).

Bænhús var á Þorbrandsstöðum og er þess getið í máldaga frá 1491-1518, þar segir; „Bænhusit a þorbrandszstodvm j vopnafirde j hofs kirkiu sokn a eina ku oc eitt asavdarkugillde. Þar skulu syngjast tolf messur hver ar oc gialldazt presti se x aurar j tidaoffur” (VII, 19-20). Í máldaga Laurentíuskirkju á Refstöðum í Vopnafirði frá 1367 er þess getið að kirkjan hafi átt heimaland allt á Þorbrandsstöðum (DI III, 236). Þess er aftur getið á máldögum frá 1397 nema þá eingöngu hálf heimaland (DI IV, 217).

Utan við Steinsá var hjáleigan Frambær eitthvað í byggð í lok 19. aldar (Sjm, 142).

Náttúrufar og jarðabætur

Undirlendi er um 4 km löng og mjó spilda milli Hofsár og fjalls. Við ána eru grösugir hvammar en annarsstaðar melar og móar og harðvellisgrundir inn með hálsinum. Hlíðin er allbrött og ofan hallandi fláar allt upp á Sandháls. Skammt suður af bænum rennur Steinsá í Hofsá. Engjar voru bæði á vallendi og í mýrum, þær voru greiðfærar til sláttar. Gamla túnið sem greiðfært var af náttúrunnar hendi var grasgefið og jarðdjúpt. Túnið hefur minnkað nokkuð af völdum Hofsár sem rennur á eyrunum neðan við það. Hlunnindi eru veiðiréttur í Hofsá (Sjm, 142).

Landamerki

„Hof (þ.e. eyðibýlið Hofsborgartunga) er næsta jörð na. við Þ og mörk við Miðdegisgil við Hofsá og landamerkjagarð þvert yfir hálsendann. Mörk við Einarsstaði eru við Merkgil (sjá þar). Háhálsinn ræður mörkum við Síreksstaði og Hraunfell, en Hofsá að nv.” (Sjm, 142).

Heimildaskrá

Íslendingasögur x bindi. Austfirðinga sögur, Guðni Jónsson bjó til prentunar, Reykjavík, 1953.

Íslenzkt fornbréfasafn III 1262-1415. Kaupmannahöfn, 1896.

Íslenzkt fornbréfasafn IV 1265-1449. Kaupmannahöfn, 1907

Teigur 156530 49

Saga

Teigur liggur milli Hofs og Bustarfells, vestan Hofsár. Teigs er ekki getið í fornsögum en í Sveitum og jörðum er getið munnmæla sem sögðu Teig vera upphaflega hluta af Hofslandi og hafi þar búið Ögmundur sneis (Sjm, 131). Í Jarðabók er jörðin sögð bændaeign en um aldamótin 1900 var hún komin í eigu Vopnafjarðarhrepps. Árið 1942 keypti Valdimar Jóhannesson jörðina (Johnsen, 352; Sjm, 131).

Náttúrufar og jarðabætur

Í Jarðabók Johnsens var Teigur talin 8 hundruð að dýrleika.

Ofan við áreyrar Hofsár eru Teigsnes, gróin nes sem liggja niður undan bænum. Utan við þau eru brattir melar upp frá ánni. Ofan við melana upp frá nesjunum taka við tún og síðan bærinn sem stendur á hólhjalla undir hálsi. Utan við túnin rennur Þvottalækur, á milli hans og Teigarár, sem fellur úr Nykurvatni, er gróin brekka upp á Bæjarbrún. Þar ofan við skiptast á mýrahjallar og lyngi vaxin brekkuhöll, auk nokkurra stakra mela. Síðan flói, nefndur Teigsflói og uppaf honum Teigsflóahlíð. Gróðurfar er áþekkt utan við bæinn. Gamla túnið var fremur harðlent, hólótt og þýft. Engjar voru reytingssamar aðallega á mýrlendi, flóum og harðvellisbökkum. Jörðin átti veiðirétt í Hofsá og mótaka var á þremur stöðum í landinu (Sjm, 131-132).

Landamerki

„Að norðan Rangá og frá henni um Rangárdrög sjónhending í Oddsgilssteina: að vestan úr Oddsgilssteinum uppi í fjallsbrún Urðarfells í Nykurvatn, að sunnan Teigará í Hofsá, að austan Hofsá” (ÖJE, 1).

Heimildir

J. Johnsen: *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu*. Kaupmannahöfn. 1847. Bls. 352.

Sveitir og jarðir í Múlaþingi I, 1974, bls.131-133. Búnaðarsamband Austurlands.

Örnefnaskrá fyrir Teig. Jakob Einarsson skráði (Heimildarmenn: Gunnar Valdimarsson ofl). Örnefnastofnun Íslands.

Örnefnaskrá fyrir Teig. Jakob Einarsson skráði (Heimildarmenn: Gunnar Valdimarsson ofl). Örnefnastofnun Íslands.

Fornleifaskrá

Hofsárdalsleið Einarstaðamegin

Myndir 1, 3, 4, 5, 6 og 10 aftast í skýrslu

Brunahvammur 156449 52 – 40

(1. mynd)

Hlutverk: Leið

Tegund: Vegur

Staðsetning: X : 663929,05 Y: 561281,98

Ástand: Gott

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Vegaframkvæmdir

Staðhættir

Punktur tekinn um 116 m norðvestur af Hofsá á greinilegri götu sem liggur meðfram þurru árfarvegi niður á bakka Hofsár. Gatan liggur niður að Hofsá og meðfram henni í átt að Brunahvammi.

Brunahvammur 156449 52 – 41

(1. mynd)

Hlutverk: Varða

Tegund: Varða

Staðsetning: X : 663978,98 Y:
561163,04

Ástand: Gott

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Vegaframkvæmdir

Staðhættir

Tvær vörður standa fremst á melbrún vestan Hofsár.

Lýsing

Vörðurnar eru nokkuð smáar sú sem er lengra til suðvesturs er um 30 sm á hæð, hlaðin ofan á stein.



Mynd 1. Varða 52-41.

Brunahvammur 156449 52 - 42

(1. mynd)

Hlutverk: Varða

Tegund: Varða

Staðsetning: X : 663979,01 Y: 561161,98

Ástand: Gott
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegaframkvæmdir

Staðhættir

Tvær vörður standa fremst á melbrún vestan Hofsár.

Lýsing

Vörðurnar eru nokkuð smáar sú sem stendur lengra til norðausturs er um 60 sm á hæð.

Brunahvammur 156449 52 – 43

(1. mynd)

Hlutverk: Varða
Tegund: Varða
Staðsetning: X : 664017,30 Y: 561353,20
Ástand: Gott
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegaframkvæmdir

Staðhættir

Á melunum austan Hölknár þar sem fyrirhuguð veglína liggur niður á láglandið meðfram Hofsá, eru tvær vörður tæplega 100 m í vestur frá Hofsá.

Lýsing

Varðan liggur sunnar er um 130 sm á hæð en sú sem liggur um 25 m norðar er lægri eða um 1 m á hæð. Hvorug þeirra er mjög vönduð smíð.

Brunahvammur 156449 52 – 44

(1. mynd)

Hlutverk: Varða
Tegund: Varða
Staðsetning: X : 663996,84 Y:
561364,83
Ástand: Gott
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegaframkvæmdir



Mynd 2. Varða 52-44.

Staðhættir

Á melunum austan Hölknár þar sem fyrirhuguð veglína liggur niður á láglandið meðfram Hofsá, eru tvær vörður tæplega 100 m vestur frá Hofsá.

Lýsing

Varðan sem liggur norðar lægri eða um 1 m á hæð. Fremur óvönduð hleðsla.

Brunahvammur 156449 52 - 45

(1. mynd)

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðsetning: X : 664016,88 Y: 561453,41


Ástand: Gott

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Vegaframkvæmdir

Staðhættir

Tóft stendur á lækjarbakka undir mel, þar sem að lækurinn rennur niður á milli tveggja hóla. Hún er um 195 m vestnorðvestur af Hofsa.



Lýsing

Vallgróin tóft með gulmöðru og smá víði. Dyr eru óljósar en gætu hafa verið á tveim stöðum á norður og norðaustur horni tóftar. Innanmál er 2 x 4 m, breidd veggja er frá 2-3 m og hæð frá gólfi um 50-60 sm. Veggir til vesturs eru nokkuð hrundir.

Brunahvammur 156449 52 – 46

(1. mynd)



Mynd 3. Varða 52-4.

Hlutverk: Varða

Tegund: Varða

Staðsetning: X : 664174,46

Y: 562105,09

Ástand: Gott

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Vegaframkvæmdir

Staðhættir

Varða um 136 m norðvestur af Hofsa.

Lýsing

Varða, hlaðin ofan á stein um 6 m norðvestan við lækjafarveg sem hugsanlega hefur verið

farvegur stærra vatnsfalls áður.

Brunahvammur 156449 52 – 47

(1. mynd)

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Tóft

Staðsetning: X : 664287,08 Y: 562235,96


Lengd: 15 m

Breidd: 6 m

Ástand: Gott

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Vegaframkvæmdir



Staðhættir

Um 75 m norður af efnistökusvæði A1 og um 136 m norðvestur af Hofsá er hóll og vestan hans gömul stekkjartóft.

Lýsing

Stekkjartóftin er bæði torf og grjóthlaðin og virðist sem að reistur smalakofi úr grjótinu úr stekknunum, við vesturendann. Lambakróin er til norðausturs. Grjót er vel greinanlegt í hleðslu. Dyr eru á milli króa. Vestan við vegginn milli króa er stór hellulaga steinn. Hæð veggja að utan er um 30 sm en smalakofans um 50 sm. Breidd veggja er almennt um 2 m en sums staðar breiðari. Stekkurinn er um 15 m að lengd og um 6 m að breidd að utanmáli.

Brunahvammur 156449 52 – 48

(1. mynd)

Hlutverk: Varða

Tegund: Varða

Staðsetning: X : 664367,20

Y: 562232,40

Ástand: Gott

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Vegaframkvæmdir



Mynd 4. Varða 52-48.

Staðhættir

Reisuleg varða um 120 sm há stendur á melnum um 15 m vestan við efnistökusvæði A1 og 77 m norðvestur frá Hofsá.

Hof 156484 48 - 52

(2. og 3. mynd)

Sérheiti: Tungusel

Hlutverk: Bústaður

Tegund: Tóft

Staðsetning: X : 676082,72 Y: 569675,14

Lengd: 17


Breidd: 12

Ástand: Gott

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Vegaframkvæmdir

Tungusel - 156484 48-52



Staðhættir

Í Sveitum og jörðum segir; „Auk þess á Hofskirkja þá og enn Steinvarartungu til upprekstrar og beitar, þ.e. afréttarlandið milli Hofsár og Tunguár með Tungukolli, Fríðufelli og Bruna og eyðibýlunum Tunguseli yst í tungunni og Mel inn í heiði” (Sjm, 128). Þar segir einnig; „Í Steinvarartungu í Tunguheiði var Tungusel í tungusporðinum yst. Það er talið á skrá Hofsprests 1794 og byggt aftur af Jóhannesi Friðrikssyni frá Fossi 1861-’64” (Sjm, 129). „Í Hofssókn eru 16 bæir, og eru þá Síringstaðir og Tungusel talin með, ei þeir bæir eru nýlega endurbyggðir, eftir að hafa staðið lengi í eyði, en í Refsstaðarsókn eru bæirnir 14” segir í Íslenskum sögustöðum (KK,111). Í eyðibýlaskrá Halldórs Stefánssonar segir: Tungusel, afréttarbyli frá Hofi. Talið á skrá Hofsprests 1794. Þar var endurreist byggð þrjú ár frá 1861 (EHS, 175). Í örnefnaskrá segir: „Tungusel heitir utan Skerslanna í Tungusporðinum. Gamalt eyðibýli og beitarhús. Var búið þar

kring um miðja 19. öld, og réttað þar úr afréttum fram á síðustu tíma” (ÖJE, 2). Í örnefnaskrá Helga Gíslasonar, er býlinu nánar lýst: “Gamla býlið Tungusel var á Tungusporði. Um langan aldur var þar Tunguselsrétt fyrir fjársafnið úr heiðinni”(ÖHG, 5).

Lýsing

Austan við fjárhús/beitarhúsatóftina er bæjartóftin og liggur hún suðvestur/norðaustur um það bil 7 m suður af túngarðinum. Tóftin samanstendur af 5 greinilegum herbergjum. Tvö stærri herbergi liggja suðvestur/norðaustur og hefur verið innangengt milli þeirra. Innanmál er 8 x 2 m og snúa dyr mót suðvestri. Mesta hæð veggja er 1 m frá gólfi og mesta breidd um 1 m en flestir veggjanna eru mjórri en það. Þrjú herbergi liggja sunnanvert í tóftinni og snúa þau n/s. Innanmál þeirra er talið frá norðaustri: Fyrsta herbergið er 1,5 x 3 m, 2. herbergi er 2 x 3 m og 3. herbergi er 2 x 2 metrar að innanmáli. Af þessum þremur herbergjum er miðjutóftin greinilegust með 45 sm háum veggjum. Austan við bæjartóftina er lítil tóft 1 x 6 m að innanmáli. Veggjalög eru mun ógreinilegri heldur en á bæjartóftinni og hæð veggja aðeins um 20 sm. Þar austan við er 4 x 4 m efnistökusvæði. Sunnan og vestan við bæinn er einnig tóft 3 x 4 m að innanmáli. Hún liggur töluvert lægra en bæjartóftin. Veggir eru um 30 sm á hæð og um 1 m á breidd. Dyr virðast vera í suðvesturhorni tóftar.

Heimildaskrá

Sveitir og jarðir í Múlaþingi I, 1974, bls.139-140. Búnaðarsamband Austurlands.
Halldór Stefánsson: Fornbýli og eyðibýli í Múlasýslum. *Múlaþing V, 1970*, bls. 172-187.
Kálund, P.E. Kristian: *Íslenzkir sögustaðir IV*. Austfirðingafjórðungur. Reykjavík 1986.
Örnefnaskrá fyrir Steinvarartungu, Tunguheiði. Sr. Jakob Einarsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.
Örnefnaskrá fyrir Steinvarartungu, Tunguheiði. Helgi Gíslason skráði, 1975 (Borið undir Björgvin Sigurðsson). Örnefnastofnun Íslands.

Hof 156484 48 - 54

(2. og 3. mynd)

Sérheiti: Tungusel

Hlutverk: Beitarhús, sel

Tegund: Tóft

Staðsetning: X : 676071,08 Y: 569680,21

Lengd: 19 m

Breidd: 23 m

Ástand: Gott

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Vegaframkvæmdir

Staðhættir

Í Sveitum og jörðum segir; „Munnmæli herma frá og nafn bendir þar [Tungusel] til sels áður, en síðar voru þar sauðahús Hofspresta fyrir aldamót og sauðamaður á Einarssstöðum. Þar drápust í tíð séra Halldórs 80 sauðir, sem gleymst hafði að hleypa út eftir rýingar” (Sjm, 129).

Í örnefnaskrá segir: „Tungusel heitir utan Skerslanna í Tungusporðinum. Gamalt eyðibýli og beitarhús. Var búið þar kring um miðja 19. öld, og réttað þar úr afréttum fram á síðustu tíma” (ÖJE, 2). Í örnefnaskrá Helga Gíslasonar segir um beitarhúsin: „Beitarhúsatótt, lengi voru beitarhús frá Hofi á Tunguseli, a.m.k. í prestsskapartíð sr. Guttorms Þorsteinssonar 1805-1848” (ÖHG, 5).

Lýsing

Um 2 metrum vestan við bæjarhúsatóftirnar eru tóftir fjárhúsa/beitarhúsa. Tvöföld fjárhús með garða. Fjárhúsin eru svipuð að stærð, 13 metra löng að innanmáli og um 1 metri frá vegg að garða báðum megin. Garðinn er einnig um 1 m breiður og um það bil 45 sm hár. Dyr snúa líklega mót suðvestri en erfitt er að greina þær. Aftan við vestari fjárhúsin er tóft sem er nokkuð lægri og gæti verið hlaða, 2 x 3 m að innanmáli. Austan við eru einnig 3 hús sambyggð. Tóftin stendur nokkuð hátt, er vel grasi gróin og virðist nokkuð yngri en tóftir bæjarhúsanna. Ummál tóftanna er 19 x 23 m og mesta breidd veggja er um um 2 metrar og mesta hæð er um 130 sm. Veggir standa mjög vel og á sér í grjóthleðslur á nokkrum stöðum. Fyrsta tóftin frá norðaustri er um það bil 3 x 3 að innanmáli. Önnur tóftin hús frá norðaustri er um 4 x 4 m að innanmáli og 3. tóftin sem er ógreinilegra en hin er 3 x 4 m að innanmáli.

Heimildaskrá

Sveitir og jarðir í Múlaþingi I, 1974, bls.139-140. Búnaðarsamband Austurlands.

Örnefnaskrá fyrir Steinvarartungu, Tunguheiði. Sr. Jakob Einarsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Örnefnaskrá fyrir Steinvarartungu, Tunguheiði. Helgi Gíslason skráði, 1975 (Borið undir Björgvin Sigurðsson). Örnefnastofnun Íslands.

Hof 156484 48 - 55

(2. og 3. mynd)

Sérheiti: Tungusel

Hlutverk: Rétt

Tegund: Tóft

Staðsetning: X : 675986,03 Y: 569664,00

Lengd: 47 m

Breidd: 30 m

Ástand: Gott

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Vegaframkvæmdir

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Tungusel heitir utan Skerslanna í Tungusporðinum. Gamalt eyðibýli og beitarhús. Var búið þar kring um miðja 19. öld, og réttað þar úr afréttum fram á síðustu tíma” (ÖJE, 2). Í örnefnaskrá Helga Gíslasonar, er býlinu nánar lýst: “Gamla býlið Tungusel var á Tungusporði. Um langan aldur var þar Tunguselsrétt fyrir fjársafnið úr heiðinni. Grónir réttarveggir sjást þar enn. Nú er réttað á Þorbrandsstöðum” (ÖHG, 5)

Lýsing

Vestan við bæjarstæðið fast upp við túngarðinn þar sem hann liggur suðaustur/norðvestur er tóft réttar. Fimm hólf eða dilkar eru í réttinni og ein lítil kró eða kofarúst utan í henni

að austan, 5 x 1 m að innanmáli. Stærsta hólfið er í norðvesturhluta réttarinnar, 21 m langt og 11 m breitt. Hlið hefur verið á því út til norðurs. Vegg hæð allt að 170 sm, breidd veggja á bilinu 2-2,5 m. Réttin er 47 m löng í heild til norðausturs og 30 m breið.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá fyrir Steinvarartungu, Tunguheiði. Sr. Jakob Einarsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Örnefnaskrá fyrir Steinvarartungu, Tunguheiði. Helgi Gíslason skráði, 1975 (Borið undir Björgvin Sigurðsson). Örnefnastofnun Íslands.

Hof 156484 48 - 56

(2. og 3. mynd)

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Staðsetning: X : 676028,59 Y : 569623,94

Lengd: 550 m

Ástand: Gott

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Vegaframkvæmdir

Staðhættir

Í örnefnaskrá Helga Gíslasonar segir: „Tunguselsþýfi er túnstæðið á gamla býlinu með garðlagi í kring, Tunguselsmór í vestur þaðan, meðfram Hofsa” (ÖHG, 5-6).

Lýsing

Túngarður liggur umhverfis bæjarstæði og tún á Tunguseli.

Lýsing

Garðurinn er mjög jarðsokkinn og lyngi vaxinn. Hann er um 4 m þar sem hann er breiðastur og um 1 m á hæð þar sem hann er hæstur. Garðurinn er í heild um 550 m. Túnið innan garðs er um 200 m að lengd frá austri til vesturs og um 90 m að breidd. Við norðvestur horn garðsins liggur annað garðlag [48-96] út frá garðinum og liggur á um 100 m kafla í boga til vesturs fyrir túngarðinn og til austurs að túngarðinum aftur og liggur þar samsíða garðinum á um 40 m kafla. Ekki er augljóst hvort um einhverskonar afmörkun eða hól uppi við túngarðinn að ræða eða hvort þarna sé um eldri hluta túngarðsins að ræða. Frá suðaustur horni túnsins liggur garðlag [48-95] til austurs í um 50 m en beygir þar til norðurs og liggur á um 20 m kafla. Þar hverfur garðlagið í uppblástursbakka á vestur brún gilsins sem Tunguá rennur um og sést ekki meir.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá fyrir Steinvarartungu, Tunguheiði. Helgi Gíslason skráði, 1975 (Borið undir Björgvin Sigurðsson). Örnefnastofnun Íslands.

Hof 156484 48 – 95

(2. og 3. mynd)

Hlutverk: Garður

Tegund: Garðlag

Staðsetning: X : 675995,58 Y : 569750,34

Lengd: 72 m
Ástand: Gott
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegaframkvæmdir

Staðhættir

Í örnefnaskrá Helga Gíslasonar segir: „Tunguselsþýfi er túnstæðið á gamla býlinu með garðlagi í kring, Tunguselsmór í vestur þaðan, meðfram Hofsa“ (ÖHG, 5-6). Við suðausturhorn túngarðsins er annar garður og liggur til suðausturs.

Lýsing

Garðurinn virðist eldri og jarðsokknari en túngarðurinn og liggur til suðausturs í átt til Tunguár og beygir síðan til norðausturs við gilbarminn. Hann er 72 m að lengd.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá fyrir Steinvarartungu, Tunguheidi. Helgi Gíslason skráði, 1975 (Borið undir Björgvin Sigurðsson). Örnefnastofnun Íslands.

Hof 156484 48 - 96

(2. og 3. mynd)

Hlutverk: Garður
Tegund: Garðlag
Staðsetning: X : 676123,91 Y: 569558,45
Lengd: 140 m
Ástand: Gott
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegaframkvæmdir

Staðhættir

Í örnefnaskrá Helga Gíslasonar segir: „Tunguselsþýfi er túnstæðið á gamla býlinu með garðlagi í kring, Tunguselsmór í vestur þaðan, meðfram Hofsa“ (ÖHG, 5-6).

Túngarður liggur umhverfis bæjarstæði og tún á Tunguseli og Við norðvestur horn garðsins liggur annað garðlag út frá garðinum og liggur á um 100 m kafla í boga til vesturs fyrir túngarðinn og til austurs að túngarðinum aftur og liggur þar samsíða garðinum á um 40 m kafla.

Lýsing

Út frá norðvestur horni túngarðs og liggur á um 100 m kafla í boga til vesturs fyrir túngarðinn og til austurs að túngarðinum aftur og liggur þar samsíða garðinum á um 40 m kafla. Ekki er augljóst hvort um einhverskonar afmörkun eða hólff upp við túngarðinn að ræða eða hvort þarna sé um eldri hluta túngarðsins að ræða.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá fyrir Steinvarartungu, Tunguheidi. Helgi Gíslason skráði, 1975 (Borið undir Björgvin Sigurðsson). Örnefnastofnun Íslands.

Hof 156484 48 - 97

(2. og 3. mynd)

Sérheiti: Tungusel
Hlutverk: Stekkur
Tegund: Tóft
Staðsetning: X : 676068,99 Y: 569605,07
Lengd: 19 m
Breidd: 23 m
Ástand: Gott
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegaframkvæmdir

Staðhættir

Suður undir túngarðinum á Tunguseli eru tvær samliggjandi tóftir, hugsanlega tóftir stekkjjar.

Lýsing

Tóftirnar liggja undir hlíðum hóls og markar hann eina hlið tóftanna. Minni tóftin sú sem lengra er til suðausturs er um 3 x 5 m að innanmáli. Dyrnar eru 1 m lengd. Hún er vel gróin og er meðal annars í henni lynggróður. Mesta breidd veggja er um 70 sm og hæð veggja er mest þar sem veggurinn snýr að hólnum um 140 sm. Tóftin liggur suðaustur/norðvestur. Stærri tóftin er vel gróin grasi og lynggróðri. Veggir tóftarinnar eru bæði hærri og breiðari en Tungu 1 og snúa dyr mót norðaustri. Hæð veggja er mest um 160 sm og mesta breidd um 2 m. Innan mál er 3 x 13 m. Til norðausturs er lítil tóft sambyggð, hugsanlega lambakró. Hún er 1,5 x 3 m að innanmáli og eru dyr á henni til norðvesturs. Hnit: 676062/569607.

Hof 156484 48 - 98

(2. og 3. mynd)

Sérheiti: Tungusel
Hlutverk: Óþekkt
Tegund: Tóft
Staðsetning: X : 676073,73 Y: 569634,22
Lengd: 3 m
Breidd: 1,5 m
Ástand: Gott
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegaframkvæmdir

Staðhættir

Rúmunum 20 m norður af (156484 48 - 97) er önnur tóft sem lítur út fyrir að vera nokkru eldri.

Lýsing

Tóftin er vel gróin og veggjalög eru vel greinileg. Ekki eru neinar dyr greinanlegar á tóftinni. Innanmál tóftar er 3 x 1,5 m. Mesta hæð veggja frá gólfi er 50 sm og mesta breidd veggja er um 1 m. Tóftin snýr suðaustur/norðvestur og eru veggir lægri mót norðri.

Hof 156484 48 - 99**(2. og 3. mynd)**

Sérheiti: Tungusel

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðsetning: X : 676025,42 Y: 569722,96

Lengd: 8 m

Breidd: 4 m

Ástand: Gott

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Vegaframkvæmdir

Staðhættir

Tóft liggur um 6 m austan við túngarð um 40 m norðvestur af bæjarhóli á Tunguseli.

Lýsing

Mjög jarðsokkin og ógreinileg tvískipt tóft, vaxin lyngi. Veggjaþykkt mest um 1,5 m en hæð veggja um 60 sm. Að utanmáli er tóftin um 8 m að lengd en um 4 m að breidd. Hún snýr norðnorðvestur-suðsuðaustur. Dyr hafa vitað til suðsuðausturs en nyrst á austur langvegg tóftarinnar mótar eins og fyrir dyrum og smá afhýsi þar inn af.

Hof 156484 48 - 100**(2. og 3. mynd)**

Sérheiti: Tungusel

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðsetning: X : 676007,98 Y: 569706,00

Lengd: 9 m

Breidd: 4 m

Ástand: Gott

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Vegaframkvæmdir

Staðhættir

Tóft liggur um 50 m vestur af bæjarstæði á Tunguseli, austan túngarðs.

Lýsing

Tvískipt tóft vaxin lyngi. Þykkt veggja er 1,5 m en dýpt tóftarinnar er um 70 sm. Tóftin liggur norðaustur-suðvestur og er um 9 x 4 m að utanmáli. Veggur virðist skipta tóftinni í tvennt en dyr hafa verið á norðaustur skammvegg. Tóftin er mjög lyngi vaxin og útlött.

Hof 156484 48 - 101**(2. og 3. mynd)**

Sérheiti: Tungusel

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft
Staðsetning: X : 676020,07 Y : 569691,03
Lengd: 20 m
Breidd: 7 m
Ástand: Gott
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegaframkvæmdir

Staðhættir

Þrískipt tóft liggur um 50 m vestur af bæjarhólnum á Tunguseli á dálítilli upphækkun.

Lýsing

Tóftin er vaxin grasi og lyng tekið að vaxa á útveggjum. Þykkt veggja er um 2 m en hæð mest um 80 sm. Grjót sést ekki í hleðslum gróðurfar og útlit tóftarinnar virðist benda til að hún sé yngri en elstu tóftirnar á svæðinu en þó virðist hún eldri en tóftirnar á bæjarhólnum.

Tóftarupphækkunin er um 20 m að lengd og um 7 m að breidd og liggur hún norðvestur-suðaustur. Vestast í tóftaþyrpingunni er smátóft um 2 x 3 m að innanmáli. Dyr hafa verið á tóftinni við suðaustur horn hennar. Tóftin er áföst stærri tóft um 2 x 6 m að innanmáli. Dyr eru á þeirri tóft við suðvestur horn hennar. Áföst henni að austan er svo þriðja tóftin, um 2 x 4 m að innanmáli. Dyr hafa verið á henni syðst á eystri skammvegg. Ekki er hægt að sjá að innangengt hafi verið á milli þessara tófta en þær eru nú mjög grónar.

Hof 156484 48 – 102

(2. og 3. mynd)

Sérheiti: Tungusel
Hlutverk: Óþekkt
Tegund: Tóft
Staðsetning: X : 675983,00 Y : 569704,83
Lengd: 9 m
Breidd: 2 m
Ástand: Gott
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegaframkvæmdir

Staðhættir

Tóft liggur fast upp við norðvestur horn túngarðsins vestan bæjarhóls.

Lýsing

Tóftin liggur norðvestur-suðaustur og er áföst sunnanvert við túngarðinn. Tóftin er mjög jarðsokkin og vaxin lyngi. Tóftin er um 9 x 2 m að innanmáli og hafa dyr verið við norðaustur horn hennar. Smá garðbrot, um 3 m langt, liggur til suðurs frá austur langvegg tóftarinnar. Óljóst veggjarlag er greinilegt við suðaustur horn tóftarinnar og kann á vera að garðbrotið sé hluti af lítilli tóft áfastri á austurvegg tóftarinnar. Hæð veggja er um 70 sm.

Hof 156484 48 - 103**(2. og 3. mynd)**

Sérheiti: Tungusel

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðsetning: X : 676094,07 Y: 569630,97

Lengd: 7 m

Breidd: 5 m

Ástand: Gott

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Vegaframkvæmdir

Staðhættir

Mjög ógreinileg tóft liggur um 35 m suðaustan bæjarhóls á Tunguseli.

Lýsing

Veggjalög eru mjög ógreinileg en tóftin virðist vera um 7 x 5 m að utanmáli og er tvískipt. Veggir eru mjög útflattir um 70 sm að þykkt og um 40 sm á hæð, vaxnir lyngi.

Hof 156484 48 - 104**(2. og 3. mynd)**

Sérheiti: Tungusel

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðsetning: X : 676113,00 Y: 569593,04

Lengd: 1 m

Breidd: 1,5 m

Ástand: Gott

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Vegaframkvæmdir

Staðhættir

Smátóft er áföst túngarðinum að innan, rúmlega 80 m suðaustur af bæjarhólnum á Tunguseli.

Lýsing

Eystri langveggur tóftarinnar er túngarðurinn en tóftin sjálf er um 1 x 1,5 m að innanmáli vaxin grasi og lyngi eins og túngarðurinn. Dyr hafa verið til suðurs. Veggir eru um 1 m að þykkt og um 50 sm að hæð.

Einarsstaðir 156461 53 - 20**(2. og 3. mynd)**

Hlutverk: Leið

Tegund: Gata

Staðsetning: X : 676331,85 Y: 569593,04

Ástand: Gott
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegaframkvæmdir
Heimildamaður: Grétar Jónsson

Staðhættir

Gamla póstleiðin niður í Vopnafjörð lá út með Hofsárdalnum sunnanverðum, sunnan Hofsár og eru víða greinilegar götur í hlíðinni út dalinn. Gps punktur var tekinn í hvamminum utan við Tunguá (X : 677948,97/Y: 570627,99).

Einarsstaðir 156461 53 - 31

(4. mynd)

Hlutverk: Fjárhús
Tegund: Tóft
Staðsetning: X : 676685,06 Y: 569653,27
Lengd: 2 m
Breidd: 6 m
Ástand: Gott
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegaframkvæmdir
Heimildamaður: Grétar Jónsson

Staðhættir


Tóft, ef til vill fjárhús, liggur í grösugum hvammi um 400 m austan Tunguár og um 250 m innan við beitarhús [53-2].

Lýsing

Tóftin liggur nálega a-v og er um 2 x 6 m að innanmáli, Dyr hafa verið austast á nyrðri langvegg tóftarinnar. Veggir eru um 1,5 m að þykkt og um 60 sm á hæð. Tóftin kann að tengjast beitarhúsum frá Einarsstöðum sem stóðu uppi á svokallaðri Beitarhúsa- eða Húsafliót.

Einarsstaðir 156461 53 – 2

(4. mynd)



Staðhættir

Í Sveitum og jörðum segir: „Beitarhús voru inni á dal utan við Tunguá í notkun eitthvað fram á þessa öld” (Sjm, 141). Í örnefnaskrá segir: „Húsgrund heitir dálítið fyrir innan Krákugrundina. Þar voru beitarhús” (ÖBS, 2). „Beitarhús voru á Húsagrund” (ÖHG, 5). Beitarhús liggja um 30 m ofan við áætlaða veglínu á flatlendi ofan við nokkuð bratta melbrekku. Grétar Einarsson bóndi á Einarisstöðum segir svæðið alltaf hafa verið kallað Beitarhúsagrund.

Lýsing

Fjórar tóftir eru greinilegar á svæðinu. Tóftir torf- og grjóthlaðins fjárhúss og hlöðu liggja um 15 m ofan við brekkubrún og um 7 m austur af öðru fjárhúsi. Tóftin er um 13 x 8 m að utanmáli og snýr suðvestur-norðaustur. Fjárhúsið er að innanmáli 7 x 3 m og er garði eftir því miðju. Dyr hafa verið vestast á norðvestur langvegg. Áföst aftan við fjárhúsin er hlaða um 5 x 3 m að innanmáli. Innangengt hefur verið á milli fjárhúss og hlöðu. Veggjaþykkt er um 2 m og hæð 1,5 m, grjót sýnilegt í hleðslu og standa hleðslur vel en eitthvað farnar að hrynja. Tóftin er vaxin grasi.

Heimildaskrá

Sveitir og jarðir í Múlaþingi I, 1974, bls.140-142. Búnaðarsamband Austurlands.
Örnefnaskrá fyrir Einarssaði. Björgvin Sigfússon skráði. Örnefnastofnun Íslands.
Viðbót við Örnefnaskrá fyrir Einarssaði. Helgi Gíslason skráði (Heimildamaður: Jón Haraldsson). Örnefnastofnun Íslands.

Einarssaðir 156461 53 - 21

(4. mynd)

Hlutverk: Beitarhús

Tegund: Tóft

Staðsetning: X : 676937,96 Y: 569747,90

Lengd: 3 m

Breidd: 2 m

Ástand: Gott

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Vegaframkvæmdir

Heimildamaður: Grétar Jónsson

Staðhættir

Í Sveitum og jörðum segir: „Beitarhús voru inni á dal utan við Tunguá í notkun eitthvað fram á þessa öld” (Sjm, 141). Í örnefnaskrá segir: „Húsgrund heitir dálítið fyrir innan Krákugrundina. Þar voru beitarhús” (ÖBS, 2). „Beitarhús voru á Húsagrund” (ÖHG, 5). Beitarhús liggja um 30 m ofan við áætlaða veglínu á flatlendi ofan við nokkuð bratta melbrekku. Grétar Einarsson bóndi á Einarsstöðum segir svæðið alltaf hafa verið kallað Beitarhúsagrund.

Lýsing

Fjórar tóftir eru greinilegar á svæðinu. Sú nyrsta þeirra sem næst er veglínu er smátóft um 3 x 2 m að innanmáli. Veggjaþykkt er um 1 m og hæð um metri. Dyr hafa verið á suðvesturvegg. Um 9 m langt veggbrót liggur í vinkel um 3 m suðaustan tóftarinnar. Veggurinn kann að vera hluti tóftarinnar eða hluti af einhverskonar gripheldi.

Heimildaskrá

Sveitir og jarðir í Múlaþingi I, 1974, bls.140-142. Búnaðarsamband Austurlands.
Örnefnaskrá fyrir Einarstaði. Björgvin Sigfússon skráði. Örnefnastofnun Íslands.
Viðbót við Örnefnaskrá fyrir Einarstaði. Helgi Gíslason skráði (Heimildamaður: Jón Haraldsson). Örnefnastofnun Íslands.

Einarstaðir 156461 53 - 22

(4. mynd)

Hlutverk: Beitarhús

Tegund: Tóft

Staðsetning: X : 676931,73 Y: 569719,04

Lengd: 10 m

Breidd: 3 m

Ástand: Gott

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Vegaframkvæmdir

Heimildamaður: Grétar Jónsson

Staðhættir

Í Sveitum og jörðum segir: „Beitarhús voru inni á dal utan við Tunguá í notkun eitthvað fram á þessa öld” (Sjm, 141). Í örnefnaskrá segir: „Húsgrund heitir dálítið fyrir innan Krákugrundina. Þar voru beitarhús” (ÖBS, 2). „Beitarhús voru á Húsagrund” (ÖHG, 5). Beitarhús liggja um 30 m ofan við áætlaða veglínu á flatlendi ofan við nokkuð bratta melbrekku. Grétar Einarsson bóndi á Einarstöðum segir svæðið alltaf hafa verið kallað Beitarhúsagrund.

Lýsing

Fjórar tóftir eru greinilegar á svæðinu. Vestast er fjárhústóft um 10 x 3 m að innanmáli. Tóftin liggur norðaustur-suðvestur og liggur garði eftir miðju hússins. Dyr hafa verið við norðvestur horn. Vegghæð er um 1,7 m og þykkt 1 m. Grjót sést í hleðslu og vex gras á tóftinni.

Heimildaskrá

Sveitir og jarðir í Múlaþingi I, 1974, bls.140-142. Búnaðarsamband Austurlands.
Örnefnaskrá fyrir Einarstaði. Björgvin Sigfússon skráði. Örnefnastofnun Íslands.
Viðbót við Örnefnaskrá fyrir Einarstaði. Helgi Gíslason skráði (Heimildamaður: Jón Haraldsson). Örnefnastofnun Íslands.

Einarstaðir 156461 53 - 23

(4. mynd)

Hlutverk: Beitarhús

Tegund: Tóft

Staðsetning: X : 676936,75 Y: 569725,91

Lengd: 2 m

Breidd: 6 m

Ástand: Gott

Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegaframkvæmdir
Heimildamaður: Grétar Jónsson

Staðhættir


Í Sveitum og jörðum segir: „Beitarhús voru inni á dal utan við Tunguá í notkun eitthvað fram á þessa öld” (Sjm, 141). Í örnefnaskráum segir: „Húsgrund heitir dálítið fyrir innan Krákugrundina. Þar voru beitarhús” (ÖBS, 2). „Beitarhús voru á Húsagrund” (ÖHG, 5). Beitarhús liggja um 30 m ofan við áætlaða veglínu á flatlendi ofan við nokkuð bratta melbrekku. Grétar Einarsson bóndi á Einarstöðum segir svæðið alltaf hafa verið kallað Beitarhúsagrund.

Lýsing

Fjórar tóftir eru greinilegar á svæðinu. Tóft liggur ofan, sunnan, við vestari fjárhúsin og virðist nyrðri langveggur tóftarinnar liggja samsíða eða fast upp við vegg fjárhúsanna. Tóftin er nokkru grónari en aðrar tóftir á svæðinu og grjót var ekki sýnilegt í hleðslum. Tóftin er um 2 x 6 m að innanmáli og dyr hafa verið við norðvesturhorn tóftarinnar. Veggir eru um 1 m á þykkt og um 70 sm á hæð.

Heimildaskrá

Sveitir og jarðir í Múlaþingi I, 1974, bls.140-142. Búnaðarsamband Austurlands.
Örnefnaskrá fyrir Einarstaði. Björgvin Sigfússon skráði. Örnefnastofnun Íslands.
Viðbót við Örnefnaskrá fyrir Einarstaði. Helgi Gíslason skráði (Heimildamaður: Jón Haraldsson). Örnefnastofnun Íslands.



vesturs. Ekki virðist hafa verið innangengt á milli. Veggir eru um 2 m á þykkt og um 60 sm á hæð. Tóftin er gróin grasi og víði en grjót sést á stöku stað í hleðslu.

Einarsstaðir 156461 53 - 26

(4. mynd)

Hlutverk: Kofi

Tegund: Tóft

Staðsetning: X : 678037,02 Y: 570638,94

Lengd: 2 m

Breidd: 1 m

Ástand: Gott

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Vegaframkvæmdir

Staðhættir

Smátóft er í brekku um 20 m austan Krákár og um 30 m suður af beitarhúsum austan Krákár.

Lýsing

Smákofi, ef til vill smalakofi um 2 x 1 að innanmáli, dyr hafa verið í austur. Kofatóftin er algróin og sést hvergi í grjót í hleðslum. Veggjaþykkt er um 40 sm og hæð um 40 sm.

Einarsstaðir 156461 53 - 24

(4. mynd)

Hlutverk: Beitarhús

Tegund: Tóft

Staðsetning: X : 678047,94 Y: 570681,05

Lengd: 7 m

Breidd: 2 m

Ástand: Gott

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Vegaframkvæmdir

Heimildamaður: Grétar Jónsson

Staðhættir

Fjánhús og hlaða eru uppí brekku sunnan Hofsár um 40 m austan við svokallaða Kráká, innan túns á Einarstöðum.

Lýsing

Fjánhústóftin er 7 x 2 að innanmáli og hafa dyr snúið til norðausturs. Vestari langveggur er nokkuð þykkari en sá eystri og kann að vera að jata hafi verið upp við þann vegg. Áföst sunnan við er hlöðutóft 2 x 3 m að innanmáli, dyr virðast hafa verið úr hlöðunni til vesturs en ekki er hægt að sjá hvort innangengt hefur verið milli hlöðu og fjárhúss. Veggur er um 1,5 m að þykkt og um 70 sm að hæð. Grjóthrúga er í hlöðutóftinni og virðist sem grjót hafi verið fjarlægð úr veggjum. Tóftin er annars algróin grasi.

Einarsstaðir 156461 53 – 27

(4. mynd)

Hlutverk: Rétt

Tegund: Tóft

Staðsetning: X : 678589,98 Y: 571397,11

Lengd: 3 m


Breidd: 4 m

Ástand: Gott

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Vegaframkvæmdir, ábúð

Heimildamaður: Grétar Jónsson



Staðhættir

Lítill rétt er um 10 m vestan heimreiðar niður að gamla bæjarstæðinu á Einarsstöðum.

Lýsing

Réttin er torf- og grjóthlaðin um 3 x 4 m að innanmáli. Veggir eru um 1,5 m á þykkt og um 80 sm á hæð. Inngangur hefur verið í réttina á norðausturhlið. Um 3 m langt garðbrot liggur til norðausturs frá norðausturhorni réttarinnar. Tóftin er gróin grasi en grjót sést þó í hleðslu.

Einarsstaðir 156461 53 - 28

(5. mynd)

Hlutverk: Mylla

Tegund: Tóft

Staðsetning: X : 678863,79

Y: 571569,09

Lengd: 5 m


Breidd: 5 m

Ástand: Gott

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Vegaframkvæmdir, ábúð

Heimildamaður: Grétar Jónsson



Staðhættir

Myllutóft er við lækinn Kvísl þar sem hann rennur austan og neðan Einarsstaðabæjar.

Lýsing

Myllutóftin er um 5 x 5 m að utanmáli liggur nálega a-v. Renna sem leitt hefur vatn úr læknum í mylluna hefur legið í vestur að bug í læknum. Veggþykkt 1,5 m, hæð 40

sm. Rof er á vestur- og austurveggjum myllunnar þar sem vatnið hefur runnið í gegn.

Einarsstaðir 156461 53 -29

(5. mynd)

Hlutverk: Varða

Tegund: Varða

Staðsetning: X : 679644,00 Y: 572391,91

Ástand: Gott

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Vegaframkvæmdir

Staðhættir

Tvær vörður eru norðvestan megin vegar sem liggur að Einarsstöðum. Báðar vörðurnar eru hrundar.

Einarsstaðir 156461 53 - 30

(5. mynd)

Hlutverk: Varða

Tegund: Varða

Staðsetning: X : 679691,18 Y: 572462,39

Ástand: Gott

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Vegaframkvæmdir

Staðhættir

Tvær vörður eru norðvestan megin vegar sem liggur að Einarsstöðum. Báðar vörðurnar eru hrundar.

Þorbrandsstaðir 156538 54 – 11

(6. mynd)

Sérheiti: Frambær

Hlutverk: Beitarhús, bústaður?

Tegund: Tóft

Staðsetning: X : 681514,40 Y: 574912,70

Lengd: 3 m

Breidd: 1,5 m

Ástand: Gott


Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Vegaframkvæmdir

Heimildamaður: Hallgrímur Helgason

Staðhættir

Beitarhús og túngarður á Frambæ



Í Sveitum og jörðum segir: „Hjáleiga ein, Frambær, var eitthvað byggð, síðast á 19. öld. Hún var utan við Steinsá. Þar voru og eru enn beitarhús” (Sjm, 142). Í örnefnaskrá segir: „Frambær heita fjárhús rétt utan við Steinsá, draga nafnið af því, að hér voru einu sinni tveir bæir, og var sá fremri kallaður Frambær. Síðan hafa verið þarna fjárhús og nafnið fylgt. Ekki veit ég, hvað langt er síðan þarna var búið, sennilega mjög langt síðan” (ÖPE, 1).

Vestan og norðan við veginn frá Einarstöðum vestan við útihús frá Þorbrandsstöðum eru tóftir beitarhúsa og samkvæmt heimildarmanni eru leifar tóftar þar austan við. Sú tóft fannst ekki vegna gróðurs.

Lýsing

Tóftirnar eru nokkuð heillegar, öll þök eru fallin og eru tóftirnar fullar af timbri og járni. Greinileg fjárhústóft um 10 x 4 m að innanmáli og aftan hennar hlöðutóft um 3 x 5 m að innanmáli Þykkt veggja er 1-1,5 m og hæð veggja er mest um 50 sm frá gólfi en allt að 120 sm utanfrá. Túngarður er umhverfis 1 m breiður og 40-50 sm hár.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá fyrir Þorbrandsstaði. Páll Einarsson skráði.

Þorbrandsstaðir 156484 54 - 40

(6. mynd)

Hlutverk: Heytóft

Tegund: Tóft

Staðsetning: X : 681446,45 Y: 574895,44

Lengd: 3 m

Breidd: 1,5 m

Ástand: Gott

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Vegaframkvæmdir

Heimildamaður: Hallgrímur Helgason.

Staðhættir

Norðvestur af beitarhúsatóftinni (156538 54 - 11) á austurbakka lækjar sem rennur suðvestan við tóftirnar er önnur tóft. Hallgrímur Helgason fyrrum ábúandi á Þorbrandsstöðum taldi tóftina vera lítið hesthús eða fjárhús. Í hans minni var hey haft í tóftinni.

Lýsing

Tóftin er um það bil hringlaga með dyrum til norðvesturs. Mesta hæð veggja er um 20-30 sm og breidd þeirra er frá 1-1,5 m. Sina og mosi er í kringum tóftina og á tóftinni.

Þorbrandsstaðir 156484 48 – 41

(6. mynd)

Sérheiti: Frambær

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Staðsetning: X : 681521,54 Y: 574960,59

Lengd: 3 m

Ástand: Gott

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Vegaframkvæmdir

Heimildamaður: Hallgrímur Helgason.

Staðhættir

Túngarður liggur í kringum beitarhúsatóft, áður Frambæ. Hluti garðsins er farinn undir veg að sögn Hallgríms Helgasonar.

Garðurinn liggur til norðausturs frá fjárhústatóftinni í átt að uppistandandi fjárhúsum á um 55 m löngum kafla. Þar hefur hluti garðsins horfið við vegagerð. Handan (austan) vegar sést garðurinn ógreinilegar á um 25 m löngum kafla en verður aftur greinilegur 35 m sunnan við suðurhorn uppistandandi útihúsa. Þar liggur hann svo greinilega á 75 m kafla til norðausturs, austast í sléttuðu túni. Garðurinn liggur svo á 80 m kafla yfir sléttað túnið til norðvesturs og aftur að veginum. Á þessum kafla sást garðurinn ekki á vettvangi vegna gróðurs en hann sést þó á loftmynd. Þar er garðurinn svo horfinn á um 120 m löngum kafla þar sem vegurinn liggur en verður aftur greinilegur um 30 m beint vestan uppistandandi fjárhúsa og liggur þar í boga í um 120 m aftur að beitarhústatóftinni.

Engar tóftir eru nú greinilegar innan túngarðs en þar hefur verið sléttað. Grjóthrúga er við austurvegg túngarðsins suðaustan uppistandandi húsa sem kunna að vera úr tóft sem sléttuð hefur verið.

Þorbrandsstaðir 156484 48 – 10

(6. mynd)

Sérheiti: Frambær

Hlutverk: Bústaður

Tegund: Heimild

Staðsetning: X : 681401,69 Y : 575949,24

Lengd: 3 m

Ástand: Slæmt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Vegaframkvæmdir

Heimildamaður: Hallgrímur Helgason.

Staðhættir

Í Sveitum og jörðum segir; „Hjáleiga ein, Frambær, var eitthvað byggð, síðast á 19. öld. Hún var utan við Steinsá. Þar voru og eru enn beitarhús” (Sjm, 142). Í örnefnaskrá segir: „Frambær heita fjárhús rétt utan við Steinsá, draga nafnið af því, að hér voru einu sinni tveir bæir, og var sá fremri kallaður Frambær. Síðan hafa verið þarna fjárhús og nafnið fylgt. Ekki veit ég, hvað langt er síðan þarna var búið, sennilega mjög langt síðan” (ÖPE. 1). „Frambær heitir fast við Steinsá. Eru það beitarhús nú, en var áður bær“ (ÖJE, 6).

Lýsing

Óvíst er hvar býlið Frambær hefur staðið og vissi heimildamaður ekki hvar bærinn hefur staðið. Það hefur þó annað hvort verið þar sem nú er fjárhústóft [54-40]. Einnig kann bærinn að hafa staðið þar sem nú standa steypt fjárhús um 10 m austan við núverandi veg en þar virðist einhver hólmyndan en engin veggjalög eða tóftir greinilegar enda mikill gróður og bæjartóftir þá horfnar undir núverandi steypt fjárhús.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá fyrir Þorbrandsstaði, Jakob Einarsson skráði (Heimildarmenn: Páll og Björgvin Einarssynir). Örnefnastofnun Íslands.

Örnefnaskrá fyrir Þorbrandsstaði, Páll Einarsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Teigur 156530-49-28

(6. mynd)

Hlutverk: Náttthagi/Rétt

Tegund: Tóft


Staðsetning: X : 681401,69 Y : 575949,24

Lengd: 10 m

Breidd: 7 m

Ástand: Gott

Hættumat: Mikil hætta



Hættuorsök: Vegaframkvæmdir
Heimildamaður: Pétur Jónsson

Staðhættir


Tóft, ef til vill rétt eða náthaga, liggur í halla mót suðri vestan í kverk rétt vestan afleggjarans í Sunnudal þar sem hann liggur frá þjóðveginum neðan (sunnan) Teigs. Pétur Jónsson bóndi í Teigi þekkti ekki hlutverk tóftarinnar en hún var þarna þegar foreldrar hans hófu búskap í Teigi 1926.

Lýsing

Réttin er um 10 x 7 m að innanmáli og hefur hlið verið á henni til suðurs. Stór steinn er í suðvestur horni hennar en óvíst er hvort þar er um að ræða jarðfastan náttúrustein eða hvort steinninn hefur hrunið inn í réttina. Veggir eru nokkuð jarðsokknir, um 2 m að breidd og vaxnir lyngi líkt og umhverfi þeirra.

Hofsárdalsleið Bustarfellsmegin

Myndir 2, 5 og 6 aftast í skýrslu.



Mynd 5 Fornbýlið Kleif í landi Bustarfells. Kort. GZ.

Bustarfell 156452 50 - 21

(5. mynd)

Sérheiti: Kleif

Hlutverk: Býli

Tegund: Heimild

Staðsetning: X : 677974 Y: 571402

Ástand: Slæmt

Horfið: Að hluta

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Vatnsrof, vegaf framkvæmdir

Heimildamaður: Bragi Vagnsson

Staðhættir

Í Sveitum og jörðum segir: „Enn sjást glöggar menjar fjögurra hjáleigna í landi B. Þær voru Þuríðarstaðir við Þuríðará, Síreksstaðir í Bæjarnesi, Ljósstaðir í gamla túninu og Kleif í Kleifarnesi. Auk þess geta heimildir tveggja, Bjargs og Skorar” (Sjm, 133).

Í örnefnaskrá segir: „Til forna voru hér í landinu [Bustarfells] 4 býli eða hjáleigur” (ÖMM, 1-2). Þar segir einnig: „Kleif er hið fjórða býli í Bustarfellslandi. Það hefir staðið yzt og neðst í Kleifarnesi, sem er fyrir framan og neðan Borgina, (beitarhúsin). Þar eru grjóthlaðnar tættur, en nú er þar allt upp blásið í kring. ” (ÖMM,3).

Leifar fornbylisins Kleifar er á sléttendisgrund á vesturbakka áreyra Hofsár, undir brattri brekku neðan við efnistökusvæði sem merkt er A-10 á loftmynd.

Aðrar upplýsingar

„Að líkindum hefir brunnið þar, því ýmsir smá hlutir úr málmum hafa fundist þar, fyrr á tímum. Þar á meðal einhver hlutur, sem líkist brauðstúl, til að pikka með flatbrauð. Hann var úr góðum málmum, sem líktist gulli. Úr honum voru smíðaðar, af Birni Ólafssyni móðurbróður mínum, tvær slifsisnætur handa elztu bræðrum mínum. ” (ÖMM, 3).

Lýsing

Býlið hefur staðið á grónu sléttlendi á norðurbakka Hofsár. Nú hefur áin hinsvegar flætt yfir svæðið og grafið í burtu stóran hluta bæjarstæðisins. Einungis eru eftir hluti túngarðs sem liggur á um 100 m kafla frá austri til vesturs um 10 m sunnan brekkunnar, einnig er þar að finna leifar útihústóftar og svo ógreinilegar leifar tóftar sem áin hefur skemmt. Túngarðurinn er mjög jarðsokkinn og fremur ógreinilegur. Hann beygir til beggja enda en áframhaldið vantar þar sem að áin hefur rofið land og þar er nú uppþurr árfarvegur þar sem bæjarstæðið hefur áður legið. Vegslóði liggur meðfram rofbakkanum endilöngum. Sunnan slóðans er gróið svæði sem ekki hefur verið skemmt af ánni. Hluti þess svæðis hefur líklega legið innan túngarðs og kunna þar að vera fornleifar en ekki var hægt að greina neinar tóftir á yfirborði, enda gróður mikill.

Engar leifar bygginga sem gætu talist bæjarhús eru nú sýnileg en einhverjar mishæðir eru innan túngarðs sem kunna að benda til tófta en veggjalög eru ekki greinileg.

Heimildaskrá

Sveitir og jarðir í Múlaþingi I, 1974, bls.133-135. Búnaðarsamband Austurlands.

Örnefnaskrá Bustarfells. Methúsalem Methúsalemsson skráði.

Bustarfell 156452 50 - 43

(5. mynd)

Sérheiti: Kleif

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðsetning: X : 677974 Y: 571402

Ástand: Gott

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Vatnsrof, vegaf framkvæmdir

Staðhættir

Leifar fornbylisins Kleifar er á sléttendisgrund á vesturbakka áreyra Hofsár, undir brattri brekku neðan við efnistökusvæði sem merkt er A-10 á loftmynd.

Lýsing

Býlið hefur staðið á grasi grónu sléttlendi á norðurbakka Hofsár. Nú hefur áin hinsvegar flætt yfir svæðið og grafið í burtu stóran hluta bæjarstæðisins.

Tóftin er sunnan undir norðurhlið túngarðsins og er mjög jarðsokkin og gróin um 7 x 3 m að utanmáli. Tóftin liggur norðaustur-suðvestur og eru veggjalög nokkuð ógreinileg. Engar dyr eru sjástá tóftinni eða grjót í hleðslum.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Bustarfells. Methúsalem Methúsalemsson skráði.

Bustarfell 156452 50 - 44

(5. mynd)

Sérheiti: Kleif

Hlutverk: Túngarður

Staðsetning: X : 677973 Y: 571401

Tegund: Hleðsla

Ástand: Sæmilegt

Horfinn: að hluta

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Vatnsrof, vegaframkvæmdir

Staðhættir

„Kleif er hið fjórða býli í Bustarfellslandi. Það hefir staðið yzt og neðst í Kleifarnesi, sem er fyrir framan og neðan Borgina, (beitarhúsin). Þar eru grjóthlaðnar tættur, en nú er þar allt upp blásið í kring. ” (ÖMM,3).

Leifar fornbylisins Kleifar er á sléttlendisgrund á vesturbakka áreyra Hofsár, undir brattri brekku neðan við efnistökusvæði sem merkt er A-10 á loftmynd.

Lýsing

Býlið hefur staðið á grasi grónu sléttlendi á norðurbakka Hofsár. Nú hefur áin hinsvegar flætt yfir svæðið og grafið í burtu stóran hluta bæjarstæðisins. Þó er eftir hluti túngarðs sem liggur á um 100 m kafla frá austri til vesturs um 10 m sunnan brattrar brekku. Túngarðurinn er mjög jarðsokkinn en vel greinanlegur. Vestari hluti garðsins er mun ógreinilegri en aðrar hliðar garðsins vantar þar sem að áin hefur rofið land og þar er nú uppþurr árfarvegur þar sem bæjarstæðið hefur áður legið. Vegslóði liggur meðfram rofbakkanum endilöngum en sunnan slóðans í beinu framhaldi af vestari enda túngarðsins sést um 10 m langt garðbrot í formi grjótraðar en áin hefur eyðilagt garðinn að öðru leyti.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Bustarfells. Methúsalem Methúsalemsson skráði.

Bustarfell 156452 50 - 45

(5. mynd)

Sérheiti: Kleif

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft, grjótdreif

Staðsetning: X : 677931 Y: 571320

Ástand: Slæmt
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Vatnsrof, vegaf framkvæmdir

Staðhættir

„Kleif er hið fjórða býli í Bustarfellslandi. Það hefir staðið yzt og neðst í Kleifarnesi, sem er fyrir framan og neðan Borgina, (beitarhúsin). Þar eru grjóthlaðnar tættur, en nú er þar allt upp blásið í kring. ” (ÖMM,3).

Leifar fornbylisins Kleifar er á sléttlendisgrund á vesturbakka áreyra Hofsár, undir brattri brekku neðan við efnistökusvæði sem merkt er A-10 á loftmynd.

Lýsing

Býlið hefur staðið á grasi grónu sléttlendi á norðurbakka Hofsár. Nú hefur áin hinsvegar flætt yfir svæðið og grafið í burtu stóran hluta bæjarstæðisins. Leifar af norðurhlið túngarðs og tóft liggja á sléttlendi framan brattrar brekku en sunnan garðsins kemur svo rofbakki þar sem áin hefur runnið og er þar sunnan við nú uppþornaður árfarvegur og liggur vegslóði meðfram rofbakkanum endilöngum. Milli rofbakkans og vegslóðans rétt austan vestari enda túngarðs er nálega ferkantað grjótsvæði sem líklega eru leifar tóftarhleðslu um 5 x 5 m að stærð. Áin hefur runnið eyðilaggt tóftina að öðru leyti.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Bustarfells. Methúsalem Methúsalemsson skráði.

Bustarfell 156452 50 - 46

(5. mynd)

Hlutverk: Varða
Tegund: Hleðsla
Staðsetning: X : 677780 Y: 571331
Ástand: Gott
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegaframkvæmdir

Staðhættir

Frammi á brekkubrún um 10 m ofan og norðvestan við veginn þar sem hann liggur neðan frá áreyrunum upp á melana norðan Hofsár, vestan við þar sem fornbylið Kleif stóð.

Lýsing

Varðan er um 80 sm á hæð, ekki mjög vönduð smíð en stendur vel.

Bustarfell 156452 50 - 47

(5. mynd)

Hlutverk: Varða
Tegund: Hleðsla
Staðsetning: X : 677999 Y:571473
Ástand: Sæmilegt
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegaframkvæmdir

Staðhættir

Frammi á melbrún beint ofan við bæjarstæði fornbylisins Kleifar, syðst á efnistökusvæði sem merkt er A-10 á loftmynd.

Lýsing

Varðan er um 50 sm á hæð og hefur greinilega hrunið.

Bustarfell 156452 50 - 8

(6. mynd)

Sérheiti: Lambhús

Hlutverk: Fjánhús


Tegund: Tóft

Staðsetning: X : 679858,93 Y:
574046,00

Ástand: Gott

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Vegaframkvæmdir



10 m

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Ljósstaðatún, er fyrir neðan Langhólinn. Það nær niður að Lambhúsinu og takmarkaðist af garðbroti að framan, en af litlum vatnsskurði að utan og neðan. Þetta er nú allt orðið slétt” (ÖMM, 4). Þar segir einnig: „Lambhúshringir, eru fletir, beggja megin við Lambhúsin“ [horfnir] (ÖMM, 4).

Lambhústóft er rúma 190 m austsuðaustur af íbúðarhúsinu á Bustarfelli og rúma 20 m norður frá syðri jaðri heimatúnsins.

Lýsing

Tóftir tvístæðra fjárhúsa með áfastri hlöðu. Tóftin er vel greinileg, hún er vel gróin en sér þó sums staðar í vegghleðslur. Hæð veggja er um 90 sm, breidd frá 2-3 m. Utanmál tóftar er 19 x 12 og innanmál hlöðu er 5 x 6 m. Tóftin liggur n/s. Tvennar dyr eru og snúa til suðurs. Tóftin snýr nálega norður-suður og eru dyr á eystri fjárhúsunum yfir í hlöðuna.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Bustarfells. Methúsalem Methúsalemsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Bustarfell 156452 50 - 42

(6. mynd)

Sérheiti: Garður

Hlutverk: Garðlag

Tegund: Hleðsla

Staðsetning: X : 680073,55 Y: 574103,33

Lengd: 110 m

Ástand: Gott

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Vegaframkvæmdir

Staðhættir

Tæplega 400 m austur af íbúðarhúsi á Bustarfelli og um 180 m frá Lambhústóftinni (156452 50 - 8) er garðlag.

Lýsing

Garðlagið liggur í austur- vestur meðframvegslóða sunnan túns og er um 110 m langt. Það er vel gróið. Óvíst er hvaða hlutverki það hefur gegnt.

Bustarfell 156452 50 - 16

(5. mynd)

Sérheiti: Jónsstekkur

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Tóft

Staðsetning: X : 680818 Y: 575115

Ástand: Gott

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Vegaframkvæmdir

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Yzt í Dómslækjarnesinu er stekkjartóft, sem heitir Jónsstekkur. Þar hafði Jón Sölvason stekkt. Sá er bjó á móti Einari afa mínum” (ÖMM, 4).


Jónsstekkur er á sléttri gróinni grund neðan melbrekkur um 350 m niður af heimreið að Bustarfelli á austurbakka Dómslækjar svokallaðs, um 27 m austan lækjarins.

Lýsing

Stekkurinn liggur norðaustur-suðvestur. Hann er tvískiptur, að sunnan er stærra hólfi 8 x 3 m að innanmáli en norðan þess er áföst lambakró um 3 x 2 m að innanmáli, innangengt hefur verið á milli krónna. Dyr hafa verið syðst á norðaustur langhlið. Vegg hæð er um 70 sm, þykkt veggja 1 m. Tóftin stendur enn mjög vel og sést grjótt ennþá í hleðslu.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Bustarfells, Methúsalem Methúsalemsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.



Hofshálsleið

Vesturárdalsleið klofnar í tvennt um 800 m suðvestur af Hauksstöðum. Önnur leiðin liggur út Vesturárdal en hin liggur yfir Hofsháls í gegnum jarðirnar Hauksstaði og Hof og kallast Hofsárdalsleið. Hér á eftir er birt saga þeirra beggja og síðan er fornleifaskrá þar sem jarðirnar eru skráðar í landfræðilegri röð frá vestri til austurs. Millidalaleið er höfð innan þessa flokks.

Saga jarðanna

Hauksstaðir (Haukstaðir) - 156482-39

Saga

Hauksstaðir (Haukstaðir) er innsti bær í Vesturárdal. Í Jarðabók Johnsen kemur fram að í fyrri jarðabókum sé jörðin nefnd Haugstaðir en bæði í skýrslum frá prestum og sýslumanni sé Hauksstaðanafnið notað, jörðin var í eigu Hofskirkju (JJ, 351). Hauksstaða er fyrst getið í Máldögum Laurentíuskirkju á Refsstað árið 1367. Þar segir; „Kirkia hins heilaga Laurentij a refstodvm a heimaland allt. Raudz hola land. Vidarteig j ongulsnes upp fra fossnese. annan j haugstada skoge [...]” (DI III, 236). Þar segir jafnframt að sýslumaður telji jörðina 6 hundruð að dýrleika en í Jarðabók er hún talin 4 hundruð. Í jarðabók segir að Hauksstaða sé hvorki getið í brauðaskýrslu prests frá 1839, né fyrr, nema að 1804 eigi Hofskirkja þar afrétt (JJ, 351-2).

Í Hauksstaðatúninu var afbýlið Hólar og austan Vesturdalsár voru Barkastaðir. Hólar munu hafa verið útbýli í túninu, í byggð frá 1852-1871 (MÞ, 174). Örnefnið Selbotn og tóftir sem þar eru benda til að sel hafi verið á Valagilshúsum sem eru innan við Hauksstaði. Afbýlin Desjarmýri og Skálamóar (síðar Arnarvatn) byggðust úr Hauksstaðalandi (Sjm, 104-5).

Náttúrufar og jarðabætur

Bærinn stendur á undirlendi þar sem það er farið að þrengjast. Upp af ánni sem fellur í grunnu gili eru hvammar, holt, hjallar, mýrar og harðvellisbalar. Handan við fellin tekur land að lækka og eru þar melar, móar og flóadrög. Þar eru Krókavötn í allmiklu votlendi, landið hallar þaðan í átt til Selár. Undirlendi er breiðara austan Vesturdalsár en landslag að öðru leyti svipað, þar er fjölbreyttur gróður. Upprekstrarland var í Hauksstaðaheiði sem liggur milli Vesturdalsár og Selár. Gamla túnið var að stórum hluta mjög þýft en aðrir hlutar voru greiðfærir. Neðra túnið var deiglent en það efra harðlent. Engjar voru ekki samfelldar og langt að sækja sumar þeirra, þær voru víðlendar. Jörðin var ágæt til heyskapar og beitar, ræktunarskilyrði voru góð. Hlunnindi eru veiðiréttur í Selá og Vesturdalsá (Sjm, 104-5).

Landamerki

„Landið liggur um þveran dal og Hauksstaðaheiði, nv. frá Selá og sa. Í Nykurvatn. Kennileiti marka er hægt að rekja á korti: Bugur á Vesturdalsá um 1 km austur af bæ – Selá við ós Mælifellsár – Selá í bug rúman km sv. af Hrúthól – Sandhæð – norðurendi Hlíðarfells – Desjamýrarlækur frá upptökum til óss við Vesturdalsá og áin út að næsta læk innan við „foss“ (Miðfiskilækur) – suðvesturendi Fiskivatna (nyrsta vatnsins) – kíll í Nykurvatn – lína dálítið sveigð í nv. eftir Urðarfjallshlíðum úr Sandvík (nyrst í Nykurvatni) í Oddsgil – síðan Oddsgil og Vesturdalsá að fyrstnefnda kennileitinu” (Sjm, 104).

Heimildarskrá

Halldór Stefánsson: Fornbýli og eyðibýli í Múlasýslum. *Múlaþing V, 1970*, bls. 172-187.
Íslenzkt fornbréfasafn III 1262-1415. Kaupmannahöfn, 1896.
J. Johnsen: *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu*. Kaupmannahöfn. 1847. Bls. 351.
Sveitir og jarðir í Múlaþingi I, 1974, bls.104-106. Búnaðarsamband Austurlands.

Hof 156484 48

Saga

Jörðin Hof liggur yst í Hofsárdal, norðan Hofsár og í Sýslu- og sóknarlýsingum segir „er þaðan víðsýnt svo sjá má með allri Fjallasíðu og um Hofsárdal allan utanverðan og út á bvsjó”. Hof hefur verið höfuðból héraðsins frá gamalli tíð (SS, 2000 og KK, 1986).

Hofs er fyrst getið í Landnámu en fyrsti ábúandi kom þar á síðlandnámstíð. Í Landnámu segir; „Steinbjörn Körtr hét sonr Refs ins rauða. Hann fór til Íslands ok kom í Vápnafjörð. Eyvindr, föðurbróðir hans gaf honum land allt milli Vápnafjarðarar ok Vestradalsár. Hann bjó at Hofi” (LN, 176). Síðar tapaði hann jörðinni upp í skuld til Þorsteins hvíta. Seinna bjuggu þar sonarsonur Þorsteins Brodd-Helgi og loks Bjarni sonur hans (Sjm, 127-129 og KK, 5).

Samkvæmt Jarðatali Johnsens er Hof talin 12 hundruð að dýrleika en í brauðaskýrslu frá 1839 telur prestur það ásamt Hofsborg (þá eyðibýli sem taldist til 4 hundruð að dýrleika 1760) til 16 hundraði að dýrleika. Í Jarðabók frá 1760 er eyðibýlið Þorsteinsstaðir taldir með auk Bjarnareyjar sem þá er talin 6 hundruð að dýrleika (JJ, 352).

Hof er kirkjujörð og er talið að kirkja hafi verið reist þar fljótlega eftir kristnitöku, prestar munu þá hafa verið goðorðsmenn meðan sú skipan hélst. Á Hofi hafa margir merkir prestar setið. Hof var síðasti höfuðstaður forna þjóðveldisins en á Sturlungaöld bjó Þorsteinn Þórarinsson frá Valþjófsstað þar um tíma, stjórnaði hann ríki sem var sjálfstætt tveimur árum lengur en aðrir landshlutar (Sjm, 127). Árið 1854 var Hof annað tekjuhæsta prestakall á landinu samkvæmt brauðmati, kirkjujarðir voru þá alls 14, auk þessa átti hún Steinvarartungu og Bjarnarey, fuglaberg við Sauðanes, tvo eggvershólma, ítök í skógarteig í Bustarfellslandi, 17 dagsverk sóknarbarna og ósundurgreind rekaítök svo eitthvað sé nefnt (Sjm, 128).

Nokkur afbýli eða hjáleigur tilheyra Hofi. Austan Hofsár í hvammi við Sunnudalsána er hjáleigan/afbýlið Hofsborg en hún fór í eyði í Móðuharðindunum. Þar eru einnig Valdísarstaðir eða Völustaður, en engar heimildir eru um byggð þar. Í heimalandinu eru einnig Þorssteinsstaðir sem standa spölkorn frá túni, það mun hafa farið í eyði í Móðuharðindunum. Utan heimalandsins eru svo þrjú býli; Tungusel í Tunguheiði, nefnt í skrá Hofsprests 1794 (endurreist 1861-1864), Melur (sjá hér að neðan) og Hólmavatn (ekki er fullvíst hvort Hólmavatn sé í Hofskirkjulandi) (Sjm, 127-129). Allmargar fornleifar eru á Hofi, í túninu og í kringum það (KK, 3).

Jón Guðmundsson og Steinunn Torfadóttir byggðu nýbýlið Mel í Tunguheiði árið 1848. Jón eignaði sér stórt land umhverfis bæinn á þeim forsendum að um almenning væri að ræða. Árið 1856 höfðuðu séra Halldór á Hofi fyrir hönd Hofsstaðakirkju og séra Einar Hjörleifsson mál fyrir hönd Skjöldólfsstaða. Þau málalok urðu að kirkjunum varð dæmt landið og varð Jón leiguliði, átti Hofskirkja þá 4/5 og Skjöldólfsstaðakirkja 1/5. Býlið sem áður var í Hofteigssókn féll undir Hofssókn. Jörðin fór í eyði 1904 og hafði þá verið í eyði í samtals 5 ár á meðan þar var búið (Sjm, 139). Síðustu ábúendur á Mel voru Sigtryggur Þorsteinsson og Hallfríður Runólfsdóttir sem fluttust þá í Brunahvamm

(ÖHG, 8). Í örnefnaskrá segir frá þeim atburði þegar bóndinn Sigbjörn Jóhannesson varð úti stutt frá bænum, árið 1894. Mun þessi atburður vera talinn kveikjan að Heiðarharmi, skáldsögu Gunnars Gunnarssonar (ÖHG, 8).

Náttúrufar og jarðabætur

Við Hofsá eru nes og uppgrónar eyrar, þar ofan við taka við melahjallar. Ofan við hjallana, utan við bæinn er harðvellisþýfi, þar ofan taka við Hofsmýrar upp að hálsinum. Á honum er mólendi, harðvelli, kvistgróður og mýrar. Bærinn stendur á hjalla ofan við eyrarnar. Gróðurfar er svipað utan við bæinn nema þar er víða mýrlendi á milli melahjallanna. Austan við Hofsá eru eyrar meðfram ánni en ofar tekur við mólendi og harðvelli myndað af framburði úr henni á Hofsborgartungu, beutiland þar var gott. Ofar tekur við bakki og þar ofan við kjarrvaxið mólendi. Túnið á Hofi var fremur grasgefið, fremur harðlent og þýft á köflum en greiðfært annarsstaðar. Beutiland var ágætt og oftast var snjólétt. Engjar voru báðum megin árinna og voru þær víðlendar og greiðfærar en sjaldnast hægt að slá þar nema annað hvert ár (Sjm, 128-129).

Landamerki

„Jörðin Hof liggur yst í Hofsárdal og nær land af Hofshálsi og flóum utan Rangár og frá Oddsgili um þveran dal austur fyrir Hofsá allt að Sunnudalsá. Mörk við Síreksstaði og Þorbrandsstaði eru þvert yfir Þorbrandsstaðaháls (garðbrot á mörkum) lítið eitt utar en gegnt Sunnudalsbæ, mörk við Teig eru við Rangá og Fellsörk um Selfell og Deildarfell (sjá nýb. Deildarfell)” (Sjm, 128).

Heimildaskrá

Finnur N. Karlsson, Indriði Gíslason og Páll Pálsson, 2000; *Múlasýslur, Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmennnafélags 1839-1847*. Bls. 39-56. Sögufélag og Örnefnastofnun. Reykjavík.

Íslendingasögur I bindi. Landssaga og landnám, Guðni Jónsson bjó til prentunar, Reykjavík, 1946.

J. Johnsen: *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu*. Kaupmannahöfn. 1847. Bls. 352.

Kaalund, P.E. Kristian. *Íslenzkir Sögustaðir, IV. Austfirðingafjórðungur*. Reykjavík 1986. Þýðandi: Haraldur Matthíasson.

Sveitir og jarðir í Múlaþingi I, 1974, bls.127-131. Búnaðarsamband Austurlands.

Fornleifaskrá

Hofshálsleið

Myndir 7, 8 og 9 og 12 aftast í skýrslu.

Hauksstaðir 156482 39 – 43

(7. mynd)

Hlutverk: Heytóft, beitarhús?

Tegund: Tóft

Staðsetning: X : 679676,52 Y: 578897,74

Lengd: 12 m

Breidd: 4 m

Ástand: Gott

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Vegaframkvæmdir

Heimildamaður: Friðbjörn H. Guðmundsson

Staðhættir

Tóft eru skammt ofan við áætlað vegarstæði á Hofshálsleið í hlíðinni inn af svokölluðu Oddsgili í landi Hauksstaða. Austur af Sandfelli við mynni svokallaðrar Sandfells-klaufar sem gengur vestur í fellið. Friðbjörn H. Guðmundsson bóndi á Hauksstöðum mundi eftir að heyi hefði verið safnað í tóftirnar en taldi ekki að þarna hafi verið beitarhús.

Lýsing

Tóftin liggur austur/vestur og er 12 m löng og 4 m breið að utanmáli, virðist hafa verið tvískipt en er þýfð að innan og óljós. Umhverfis tóftina og í henni er mikið gras, puntur en mólent fyrir ofan og mýrlent að neðan.

Hauksstaðir 182017 39 - 44

(7. mynd)


Hlutverk: Varða

Tegund: Varða

Staðsetning: X : 680307,65 Y: 579146,23

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Vegaframkvæmdir




Staðhættir

Oddsgil er landamerki Hauksstaða og Búastaða. Rúma 275 m austan þess og 1,2 km suður og upp af Þjóðvegi er varða á smá mel. Varðan liggur innan við 100 m bæði frá svonefndri Millidalaleið og Hofshálsleið

Í brekku ofan (norðvestan) Hofs eru allmikil garðlög og fornar húsatóftir sem engar heimildir eru til um en hluti tóftanna og garðurinn eru friðlýst.

Fornbýli og friðlýstar tóftir á Hofi



Hof 156484 48 - 4

(8. mynd)

Hlutverk: Hof, útihús

Tegund: Tóft

Friðlýst: Já

Staðsetning: X : 683232,74 Y : 579133,57

Lengd: 36 m

Breidd: 12 m

Ástand: Gott

Friðlýst: Já

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Vegaframkvæmdir, vatnsrof, gróður

Staðhættir

Í Sveitum og jörðum segir; „Í Hofslandi eru víða sýnilegar menjar frá liðinni tíð. Þar er Brodd-Helgarétt og Skollahringur í túni og, að talið er, hofrúst forn undir Vörðuási skammt upp af túni og garðhleðsla forn um æðistóran blett í kring” (Sjm, 129). Í örnefnaskrá segir; „Í þessu gamla túni eru þessi örnefni: Goðahof undir ásnum, fyrir miðju túni. Hofstóftin er glögg, veggir heillegir, en goðastúkan er skemmd syðst. Hefur verið sett þarna hey endur fyrir löngu og hlaðinn aukagarður kring um það. Hálfur hlautbolli fannst í tóft þessari, en er glataður. Hofstóftin er friðlýst” (ÖJE, 12).

Hof. 1. Hoftóft, svo sem 150 föðmum beint upp frá kirkjunni.Sbr. Árb. 1893: 55-57. Skjal undirritað af MP 25.10.1930. Þinglýst 10.06.1931.Upp frá kirkjunni á Hofi er tóft ákaflega mikil og stórkostleg, sem enn í dag ber nafnið hoftóft. Tóftin snýr meðfram brekkunni, eða út og inn eftir héraðinu, þannig að hún snýr í norðaustur og suðvestur (Friðlýsingarskjal).

Nánari lýsing

„Á Hofi í Vopnafirði var hof í heiðnum sið og sjást þess nokkur merki enn í dag. Skammt frá bæ ofan við bæjarlækinn uppi undir Vörðuási, eru allmiklar rústir og garðlag um allstórt svæði. Rústirnar eru dreifðar um svæðið en ein rúst er sérstaklega kölluð Hoftótt samkvæmt fornmunnmælum. Gildi þessara munnmæla hefur ekki verið rannsakað svo ég viti, og nú í seinni tíð hafa menn hallast að því að hofið hafi verið á öðrum stað. Það lítur sem sé út fyrir að þar sem munnmælin hafa staðsett Hoftóttina þar séu bæjarrústir, við fljótlega yfirsýn, og þar í nálægð kannski griparústir. Í nokkurri fjarlægð frá aðalrústunum og neðar stutt frá Vallargerði er einstök rúst af húsi, sem mörgum nútímamönnum sýnist líkleg til þess að vera hið forna hof. nauðsyn væri ef hægt væri að skera úr því hvar hið forna hof hefur staðið. Það er ekki ósennileg að það hafi verið spölkorn frá öðrum húsum, líkt og kirkjur gerðu áður víða í sveitum og gera enn. Telja má víst, að innan garðlagsins, sem umlykur þessar rústir hafi áður fyrr verið tún, þó nú sé þar vaxið ýmislegum gróðri” (ÖVHG).

Lýsing

Tóftin er um 36 m að lengd og um 12 m að breidd í heildina og vegghæð er mest 1,8 m og breidd 4 m. Hún er nokkuð virkjamikil, veggir háir og þykkir og er hún aðallega vaxin grasi þó að lyng sé farið að skjóta rótum í tóftinni. Tóftin stendur á nokkurri upphækkun sem bendir til endurbygginga. Miðað við útlit og gróðurfar á tóftinni virðist hún mun yngri en túngarðurinn og aðrar tóftir innan hans, utan smátóftar rétt sunnan hennar og tóft sem byggð hefur verið upp við túngarð ofan Hoftóftarinnar. Túngarðurinn hefur verið að hluta til endurgerður ofan tóftarinnar og virðist sá hluti hans geta verið frá svipum tíma og tóftin.

Tóftin samanstendur af nokkrum samföstum tóftum, er aflöng og liggur norðaustur-suðvestur. Austan í henni er tvískipt tóft, innangengt á milli. Inngangur hefur verið við norðaustur horn tóftarinnar. Nyrðri hluti tóftarinnar er um 10 x 4 m að innanmáli en sá syðri er um 8 x 4 m. Ekki er hægt að gera sér grein fyrir hvort garði er sýnilegur í tóftinni en hún er hálf full af vatni þar sem að það rennur í hana vatn úr lind sem liggur við

norðurvegg tóftarinnar. Sunnan við tóftirnar eru þrjár áfastar smærri tóftir. Sú sem næst er fyrrgreindri tóft er lítil tvískipt tóft um 2 x 6 m að innanmáli. Vera kann að vera að innangengt hafi verið í hana inn í stærstu tóftina en það er nokkuð ógreinilegt, aðrar dyr sjást þó ekki á tóftinni. Áföst sunnan hennar er önnur tóft um 8 x 2 m að innanmáli og eru dyr á þeirri tóft til austurs. Syðst er svo tóft, um 3 x 4 m að innanmáli og hafa dyr verið á henni til suðurs.

Einhverskonar garðlag eða tóft er áfast ofan við norðvestur horn tóftarinnar. Veggur liggur í hálfboga um 9 m langur til norðurs. Veggurinn er mjög gróinn og ógreinilegur og við hann liggur uppspretta og svæðið því allt mjög blautt og vatnsrofið.

Allar eru tóftir þessar vaxnar svipuðum gróðri og stærsta tóftin. Tóftirnar eru yngri en þær sem liggja í móanum umhverfis og kann að vera að um sé að ræða seinni tíma útihús einhverskonar, ef til vill. beitarhús. Tóftin er þó nokkuð upphækkuð sem bendir til endurbygginga. Þar kunna því að leynast eldri minjar neðanjarðar.

Heimildaskrá

Ágúst Ó. Georgsson: *Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar*, Reykjavík, 1993 [Fjölrít].

Sveitir og jarðir í Múlapingi I, 1974, bls.139-140. Búnaðarsamband Austurlands. Örnefnaskrá Hofs. Jakob Einarsson skráði.

Örnefnasögur úr Vopnafirði. Helgi Gíslason skráði.

Hof 156484 48 - 11

(8. mynd)

Sérheiti: Gvendarbrunnur

Hlutverk: Brunnur

Tegund: Uppspretta

Staðsetning: X : 681401,69 Y: 579150,74

Ástand: Gott

Staðhættir

„Gvendarbrunnur er undir norðurgafli Hofstóftarinnar. Þornar aldrei og rennur út úr honum, nema þegar miklir þurrkar ganga. Guðmundur góði á að hafa vígt hann á sínum tíma” (ÖJE, 12). Í örnefnaskrá segir einnig; „-Vestan lækjar – í Grófardalnum – eru: [...], og Gvendarbrunnur, sem Guðmundur góði á að hafa vígt á sínum tíma og var stundum notaður, ef lækurinn þornaði” (ÖJE, 7). Í grein Sigurðar Vigfússonar í Árbók fornleifafélagsins frá 1893 segir um brunn þennan: „Við efra hornið á afhúsinu, sem snýr upp í brekkuna, sýnist sem grafinn hafi verið djúpr brunnur; er vatn í honum enn í dag; hlýtr hann að hafa verið djúpr, því að hér er beinhart harðvelli og enginn lækr í nánd. Úr brunnum hefir grafið sig farvegr inn í sjálft aðalhúsið, sem er eins og lítið afrensli, enn áður mun þetta afrensli hafa verið rétt fyrir utan húsgaflinn. Brunnur þessi virðist hafa verið *blótkelda*, sbr. blótkeldur þær, er ég hefi fundið við önnur hof, bæði við hofið í Ljárskógum, og síðan við hofið í Hofteigi sem ber nafnið enn í dag” (ÁF, 55-56).

Lýsing

Uppspretta er við norðvestur horn svokallaðrar Hofstóftar og rennur vatn úr henni í tóftina sem er að hluta full af vatni.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Hofs. Jakob Einarsson skráði. Örnefnastofnun Íslands
Sigurður Vigfússon, 1893. *Rannsókn í Austfirðingafjórðungi 1890.*

Árbók hins íslenska fornleifafélags 1893. Önnur útgáfa, eftirprentun frumútgáfu. Bls. 52-59. Bókaútgáfan Þjóðsaga, 1980.

Hof 156484 48 - 10

(8. mynd)

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Staðsetning: X : 683208,61 Y: 579137,75

Lengd:

Ástand: Gott

Friðlýst: Já

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð, gróður

Staðhættir

Í Sveitum og jörðum segir; „Í Hofslandi eru víða sýnilegar menjar frá liðinni tíð. Þar er Brodd-Helgarétt og Skollahringur í túni og, að talið er, hofrúst forn undir Vörðuási skammt upp af túni og garðhleðsla forn um æðistóran blett í kring. Allt stendur þetta órótað svo og gott sýnishorn af túngarði”. Þar segir jafnframt í búskaparannál; „[...] miklir túngarðar úr torfi[...]” (Sjm, 129). Í örnefnaskrá Jakobs Einarssonar segir: „Forn Túngarður lá í kring um gamla túnið og framhaldandi kring um móinn ofan við Grófordalinn, alla leið upp að og meðfram Vörðuási. Lá hann ofan við brekkubrún frá gömlu Heimreiðinni (Götunni), norðaustur af Gamla bænum, fram hjá Kofanum og á sveig að girðingunni, sem nú er kring um túnið, eftir henni um stund, síðan fram hjá Krosshúsunum að sunnan og þaðan áfram, vestur yfir læk, upp fyrir móinn undir Vörðuás, út með ásnum og síðan austur í stefnu nokkuð utan við Barðhúsið, þaðan austur yfir túnið á brekkubrún, ca. 2 teigshæðir út af Kirkjugarðinum og aðan í suðaustur að gömlu heimreiðinni. Svo hafði garður þessi legið og til mikils hluta af honum sást til skamms tíma í túninu, en mikið var horfið og hitt svo stungið og skemmt, að ekki standa eftir nema nokkrir bútar, er heillegastir voru, er túninu var bylt. Hlutinn kring um móinn milli Vörðuáss og Grófordals stendur hins vegar allur” (ÖJE, 6).

Lýsing

Segja má að þessi lýsing haldi enn. Forn túngarður liggur upp frá tóft, ef til vill af rétt neðst við ána sem rennur norðan Hofs um 150 m norðnorðvestur af kirkjunni. Þar liggur garðurinn á um 100 m kafla til vesturs upp brekku en beygir svo í norðvestur og liggur þannig í um 50 m. Þar verður rof á garðinum á um 30 m kafla þar sem þjóðvegurinn liggur ofan (vestan) Hofs. Garðurinn liggur svo á um 60 m kafla áfram til norðvesturs upp brekkuna ofan þjóðvegar en beygir þar í suður og liggur þar á um 176 m löngum kafla. Þar beygir hann svo til austurs og liggur þar á um 150 m kafla aftur niður að þjóðvegi. Austasti hluti garðsins á þeim stað er mjög útflattur og farinn að blása upp en þar hafa verið gerðar einhverjar framkvæmdir í tengslum við vatnsveitu. Þar sem garðurinn liggur frá norðri til suðurs ofan svokallaðrar hoftóftar hefur hann greinilega verið gildaður upp og liggur nú vírgirðing ofan á garðinum. Ef til vill hefur garðurinn

verið hækkaður upp í tengslum við seinni tíma notkun Hoftóftarinnar, þá líklega sem beitarhúss. Aðrir hlutar garðsins eru mjög fornlegir, hann er jarðsokkinn og hlaupinn í þúfur, lyngi vaxinn, um 4-5 m á breidd þar sem hann er breiðastur og hæstur er hann um einn metri. Tvær tóftir eru áfastar við túngarðinn, tóft er áföst honum suðvestur af hofatóftinni ofan garðs og smátóft er áföst honum að utan á suður hliðinni.

Heimildaskrá

Sveitir og jarðir í Múlaþingi I, 1974, bls.139-140. Búnaðarsamband Austurlands.
Örnefnaskrá Hofs. Jakob Einarsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Hof 156484 48 - 82

(8. mynd)

Hlutverk: Garður

Tegund: Garðlag

Staðsetning: X : 683249,45 Y: 579227,17

Ástand: Gott

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Vegaframkvæmdir, gróður

Staðhættir

„Milli Vörðuáss og núverandi túns er allvíður mór í halla nokkrum. Hefur hann sýnilega verið áframhald af túninu í fyrndinni. Er túngarðurinn glöggur sunnan, vestan og norðan mósins, beint áframhald af gamla túngarðinum, sem áður er getið” (Örnefnaskrá, Jakob Einarsson, 12).

Lýsing

Garðlag liggur út úr norðvestur horni túngarðsins upp brekkuna á um 60 m kafla en þar beygir garðurinn til suðurs og liggur ofan friðlýstu minjanna á um 200 m kafla, samsíða og um 30 m ofan túngarðsins. Á þeim kafla er garðurinn samvaxinn hlíðinni að ofanverðu en myndar greinilegan bakka. Þar beygir garðurinn upp brekkuna til suðvesturs og svo í boga á um 250 m kafla til suðurs og svo til austurs niður með læknum sem rennur vestan Hofs. Syðsti partur garðsins er mun ógleggri en aðrir hlutar hans. Garðurinn er um 70 sm þar sem hann rís hæst en er um 3 m þar sem hann er breiðastur. Þessi garður, líkt og túngarðurinn er fornlegur, jarðsokkinn og hlaupinn í þúfur og mjög farinn að samlagast umhverfi sínu. Tóft liggur áföst garðinum að neðanverðu.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Hofs. Jakob Einarsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Hof 156484 48 - 83

(8. mynd)

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðsetning: X : 683222,18 Y: 579101,30

Lengd: 4 m

Breidd: 6 m

Ástand: Gott

Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Ábúð, gróður

Staðhættir

Rúma 10 m sunnan við svokallaða Hoftóft eru leifar af smátóft, 4 x 6 m að utanmáli.

Lýsing

Tóftin er hlaðin á þrjá vegu en hún er opin til suðausturs. Hún er mjög gróin grasi. Steinar sáust ekki í hleðslu og var veggjahæð einungis um 30 sm að hæð og um 70 sm á breidd. Tóftin er um 3 m austur af gamalli tóft sunnan Hoftóftarinnar. Hún er þó líkari Hoftóftinni en öðrum tóftum á svæðinu hvað varðar gróðurfar og er því líklega samtíma henni.

Hof 156484 48 - 84

(8. mynd)

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðsetning: X : 683171,93 Y: 579106,31

Lengd: 2 m

Breidd: 7 m

Ástand: Gott

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð, gróður

Staðhættir

Um 45 m suðvestur af Hoftóftinni svokallaðri, áföst túngarðinum að ofanverðu er tóft.

Lýsing

Tóftin er hlaðin upp við túngarðinn þannig að hann myndar austur langvegg hennar. Tóftin er um 2 x 7 m að innanmáli og hafa dyr verið til suðurs. Grjót sést ekki í hleðslu en tóftin er grasi vaxin og virðist frá þeim tíma er túngarðurinn hefur verið gildaður upp, hún er því líklega samtíma Hoftóftinni.

Hof 156484 48 - 85

(8. mynd)

Hlutverk: Garður

Tegund: Garðlag

Staðsetning: X : 683216,23 Y: 579134,85

Lengd: 13 m

Ástand: Gott

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð, gróður

Staðhættir

Garðlag liggur upp frá Hoftóftinni miðri og upp að túngarðinum.

Lýsing

Garðlagið er um 13 m langt, 1 m að breidd og vel gróið. Garðurinn er greinilega frá þeim tíma er túngarðurinn hefur verið endurgerður og þá samtíma Hoftóftinni.

Hof 156484 48 - 34

(8. mynd)

Hlutverk: Býli

Tegund: Tóft

Staðsetning: X : 683209,74 Y: 579097,78

Lengd: 18 m

Breidd: 5

Ástand: Gott

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Vegaframkvæmdir, gróður

Staðhættir

„Auk þessa eru margar tættur, ævafornar og sumar óglöggar, í þessu forna túni, sem ekkert nafn er vitað á. Einkum eru þær miklar skammt suður af hofinu. Virðast það vera ævafornar bæjarrústir í elzta stílnum (sbr. “Gullöld Íslendinga” eftir Jón Jónsson (Aðils), útg. 1906, bls. 288). Annars er yzti parturinn af rústum þessum mjög óglöggur og einkum þó aðrar rústir í þessu gamla túni, nema ein stór rúst, sem er norðaustast í því og virðist hafa verið einhver konar rétt og fremur ung, þótt engin munnmæli fylgi henni, fremur en öðru þarna, nema Hofinu og Gvendarbrunni” (ÖJE, 12).

Um 10 m suðvestur af Hoftóftinni svokallaðri er tóft.

Lýsing

Tóftin er aflöng og liggur norðaustur-suðvestur líkt og Hoftóftin. Hún er um 18 x 5 m að innanmáli. Tóftin er mjög vallgróin og jarðsokkin og eru veggir þaktir lyngi. Húsið hefur líklega verið tvískipt en veggjalög eru öll mjög ógreinileg. Nyrðri endi tóftarinnar er mjög óglöggur og veggjalög þar ekki greinileg. Veggir eru um 3 m breiðir og um 70 sm á hæð. Tóftin er mun fornlegri en svokölluð Hoftóft og hefur tilheyrt ónefndu fornbylí en fleiri minjar eru í túninu sem því tilheyra.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Hofa. Jakob Einarsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Hof 156484 48 - 86

(8. mynd)

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðsetning: X : 683197,63 Y: 579155,64

Lengd: 15 m

Breidd: 5

Ástand: Gott

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Vegaframkvæmdir, gróður

Staðhættir

„Auk þessa eru margar tættur, ævafornar og sumar óglöggar, í þessu forna túni, sem ekkert nafn er vitað á” (ÖJE,12).

Tóft er áföst neðan við vallargarðinn sem liggur ofan túngarðs og samsíða honum á kafla um 35 m beint ofan (norðvestan) Hoftóftarinnar.

Lýsing

Tóftin er aflöng, 15 x 5 m að utanmáli. Tóftin er mjög útflött og gróin lyngi og nokkuð erfitt er að gera sér grein fyrir nákvæmu veggjalagi en hún virðist þó hafa verið tvískipt. Veggjabreidd er 1,5 m en hæð um 40 sm. Engar dyr voru greinanlegar á tóftinni. Tóftin er mun fornlegri en svokölluð Hoftóft og hefur tilheyrt ónefndu fornbylí en fleiri minjar eru í túninu sem því tilheyra.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Hof. Jakob Einarsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Hof 156484 48 - 87

(8. mynd)

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðsetning: X : 683257,44 Y: 579153,99

Lengd: 6 m

Breidd: 4

Ástand: Gott

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Vegaframkvæmdir, gróður

Staðhættir

Tvær smátóftir eru tæpa 15 m norðaustur af svokallaðri Hoftóft.

Lýsing

Tóftin sem liggur sunnar er um 6 x 4 m að utanmáli og hafa dyr verið á henni til norðausturs. Tóftin er mjög jarðsokkin og gróin og er veggjaþykkt um 40 sm. Tóftin er mun fornlegri en svokölluð Hoftóft og hefur tilheyrt ónefndu fornbylí en fleiri minjar eru í túninu sem því tilheyra.

Hof 156484 48 - 88

(8. mynd)

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðsetning: X : 683259,59 Y: 579162,17

Lengd: 8 m

Breidd: 6 m

Ástand: Gott

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Vegaframkvæmdir, gróður

Staðhættir

Tvær smátóftir eru 15 m norðaustur af svokallaðri Hoftóft.

Lýsing

Tóftin sem liggur norðar er dálítið stærri, um 8 x 6 m að utanmáli. Hún er mjög vallgróin og jarðsokkin en þó mótar fyrir dyrum á henni og hafa þær vitað í austur. Veggþykkt er um 2 m og hæð um 40 sm. Tóftin er mun fornlegri en svokölluð Hoftóft og hefur tilheyrt ónefndu fornbyli en fleiri minjar eru í túninu sem því tilheyra.

Hof 156484 48 - 89**(8. mynd)**

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðsetning: X : 683201,94 Y: 579125,18

Lengd: 7 m

Breidd: 3 m

Ástand: Gott

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Vegaframkvæmdir, gróður

Staðhættir

Tóft er áföst túngarðinum austanverðum um 11 m ofan (vestur af) syðsta hluta Hoftóftarinnar.

Lýsing

Tóftin er mjög jarðsokkinn og veggjalög fremur ógreinileg. Hún snýr norðvestur-suðaustur og hafa dyr verið í austur. Tóftin er 7 x 3 m að innanmáli. Veggþykkt 2 m og hæð um 50 sm. Tóftin er mun fornlegri en svokölluð Hoftóft og hefur tilheyrt ónefndu fornbyli en fleiri minjar eru í túninu sem því tilheyra.

Hof 156484 48 - 90**(8. mynd)**

Hlutverk: Tóftaþyrping

Tegund: Tóft

Staðsetning: X : 683208,08 Y: 579056,89

Lengd: 40 m

Breidd: 16 m

Ástand: Gott

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Vegaframkvæmdir, gróður

Staðhættir

Tóftaþyrping liggur um 40 m suðsuðvestur af Hoftóftinni.

Lýsing

Tóftirnar mynda eina heild sem er um 40 m að lengd og um 16 m að þykkt. Tóftin er mjög vaxin lyngi og mosa, vallgróin og hrunin. Nyrst eru tvær samliggjandi tóftir sem

liggja norðaustur-suðvestur sú vestari er 11 x 3 m að innanmáli en sú eystri um 6 x 3 m að innanmáli. Veggjalög eru nokkuð ógreinileg en þó virðast dyr hafa verið á báðum tóftunum til norðausturs. Sunnan þeirra er nokkur upphækkun á um 5 m löngum kafla þar sem engin veggjalög eru greinileg. Sunnan hennar eru svo tvær tóftir. Önnur liggur norðaustur-suðvestur og er um 5 x 3 m að innanmáli en hin liggur norðvestur-suðaustur og er 8 x 3 m að innanmáli. Veggjalög eru nokkuð ógreinileg en þó virðist hafa verið innangengt milli þessara tveggja tófta. Dyr út hafa verið á suðaustur skammhlið eystri tóftarinnar. Sunnan þeirra liggja svo fjórar smátóftir í röð og virðast hafa verið dyr á þeim öllum til austurs nema þeirrar syðstu, þar eru engar dyr sýnilegar. Þessi smáhólf eða byggingar eru allar um 2 x 1-2 m að innanmáli.

Tóftir þessar eru allar vallgrónar og jarðsokknar og eru mun fornlegri en svokölluð Hoftóft og hafa tilheyrt ónefndu fornbyli. Litlu tóftirnar syðst á tóftasvæðinu kunna þó vera eitthvað yngri þar sem að þær eru töluvert greinilegri en stærri tóftirnar.

Friðlýsingarstaur er á þessari tóft.

Hof 156484 48 - 91

(8. mynd)

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðsetning: X : 683192,72 Y: 579018,44

Lengd: 4 m

Breidd: 6 m

Ástand: Gott

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Vegaframkvæmdir, gróður

Staðhættir

Um 100 m suðsuðvestur af Hoftóftinni svokallaðri er ferköntuð upphækkun um 4 x 6 m að þvermáli. Þarna hefur líklega staðið einhver bygging en engin veggjalög eru lengur greinileg.

Hof 156484 48 - 92

(8. mynd)

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðsetning: X : 683154,30 Y: 579019,75

Lengd: 3 m

Breidd: 2 m

Ástand: Gott

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Vegaframkvæmdir, gróður

Staðhættir

Við suðurhlið túngarðs utanverðan er smá tóft áföst garðinum. Tóftin er 3 x 2 m að innanmáli. Veggir eru um 40 sm háir og um 70 sm breiðir. Dyr hafa vitað til austurs.

Hof 156484 48 - 93**(8. mynd)**

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðsetning: X : 683351,71 Y: 579048,52

Lengd: 12 m

Breidd: 4 m

Ástand: Gott

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð, vegaf framkvæmdir

Staðhættir

Um 135 m beint neðan (suðaustan) Hoftóftarinnar, innan girðingar neðan þjóðvegur er tóft.

Lýsing

Þrjár tóftir eru í túninu neðan vegar, tvær nærri þjóðvegi og svo tóft neðst við túngarðinn við ána. Tóftin sem næst stendur vegi er um 12 x 4 m að innanmáli, liggur norðaustur-suðvestur og hafa dyr verið nyrst á austurhlið. Hún er mjög gróin og lyngvaxin en nokkuð virkjamikil, veggir um 3 m á þykkt og um 60 sm þar sem hæstir. Tóftin er mjög jarðsokkin en liggur á nokkurri upphækkun og er því greinilegri en flestar hinnar fornu tófta í túninu.

Tóftin virðist yngri en Hoftóftin svokölluð og tilheyrir líklega öðrum fornum tóftum hins óþekktu fornþýlis.

Hof 156484 48 - 94**(8. mynd)**

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðsetning: X : 683351,64 Y: 579007,92

Lengd: 5 m

Breidd: 2 m

Ástand: Gott

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð, vegaf framkvæmdir

Staðhættir

Þrjár tóftir eru í túninu neðan vegar, tvær nærri þjóðvegi og svo tóft neðst við túngarðinn við ána. Smærri tóft liggur um 24 m suður af tóftinni sem næst er vegi.

Lýsing

Tóftin er nokkuð óleggri en ofanskráð tóft, um 5 x 2 m að innanmáli, dyr á nyrðri enda austurhliðar. Veggir eru um 1 m á breidd og um 40 sm á hæð. Tóftin er mjög lynggróin og tilheyrir eldra byggingaskeiði á svæðinu.

Mjög er þýft umhverfis tóftir þessar og kunna fleiri minjar að leynast þar.

Hof 156484 48 - 35

(8. mynd)

Hlutverk: Rétt

Tegund: Tóft

Staðsetning: X : 683497,18 Y: 579095,79

Lengd: 11 m

Breidd: 3 m

Ástand: Gott

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð, vatnsrof

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir; „Annars er yzti parturinn af rústum þessum mjög óglöggur og einkum þó aðrar rústir í þessu gamla túni, nema ein stór rúst, sem er norðaustast í því og virðist hafa verið einhver konar rétt og fremur ung, þótt engin munnmæli fylgi henni, fremur en öðru þarna, nema Hofinu og Gvendarbrunni” (ÖJE, 12).

Þrjár tóftir eru í túninu neðan vegar, tvær nærri þjóðvegi og svo tóft neðst við túngarðinn við ána. Neðst við norðausturhlið túngarðs þar sem hann liggur niður að bæjarlæknum vestan Hofis er tóft ef til vill af rétt eða gripheldi einhverskonar.

Lýsing

Tóftin er um 11 x 3 m að innanmáli, liggur norðaustur-suðvestur. Tóftin er unglegrri en hinar tóftirnar neðan þjóðvegur og kann að tilheyra sama byggingaskeiði og Hoftóftin, eða jafnvel yngri. Tóftin er grasi vaxin, veggir um 1 m á þykkt og um 70 sm á hæð.

Vera kann að hér sé um réttina að ræða sem um er getið í örnefnaskrá en engin önnur tóft svarar til þeirrar lýsingar.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Hofis. Jakob Einarsson skráði.

Hof 156484 48 – 57

(9. mynd)

Sérheiti: Þorsteinsstaðir

Hlutverk: Bústaður

Tegund: Bæjarhóll

Staðsetning: X : 683694,15 Y: 579921,61

Ástand: sæmilegt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Staðhættir

Í Sveitum og jörðum segir; „Afbýli eru þrjú í heimalandi og þrjú í Tunguheiði. Í heimalandinu eru Hofsborg og Valdísarstaðir, áður getið og Þorsteinsstaðir, býli fyrr á öldum, útnorður nokkurn spöl frá túni. Býlið mun hafa farið í eyði í Móðuharðindunum (Eyðibýlaskrá Múlaþ. 5) [...]Þar [Þorsteinsstöðum]voru byggð beitarhús í ljúfu tíðinni á jólaföstu 1924” . Og í búskaparannál; 1948: Lögð niður beitarhús á Þorsteinsstöðum” (Sjm, 129-30).

Í örnefnaskrá segir; „Þorsteinsstaðir, gömul hjáleiga, síðan beitarhús, byggð 1924, lögð niður 1948 (höfðu og verið áður, endur fyrir löngu). Þ.st. eru suðaustur af Háupúfu, ca. 15 mín. gang frá Hofi” (ÖJE, 14).

Fjárhús og hlöðutóft standa á bæjarhóli Þorsteinsstaða rétt austan við sumarbústað sem þar er.


Lýsing

Bæjarhóllinn liggur í norðaustur-suðvestur og er frekar óreglulegur, 45 m langur og 23 m breiddur. Á hólnum er greinileg beitarhúsatóft [156484 48 – 58] en erfitt var að gera sér grein fyrir öðrum tóftum á svæðinu vegna gróðurs.

Heimildaskrá

Sveitir og jarðir í Múlaþingi I, 1974, bls.127-131. Búnaðarsamband Austurlands.

Örnefnaskrá Hof. Jakob Einarsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.



Hof 156484 48 – 58

(Sama og númer 57 á 9. mynd)

Sérheiti: Þorsteinsstaðir

Hlutverk: Beitarhús

Tegund: Tóft

Staðsetning: X : 683694,15 Y: 579921,61

Lengd: 13 m

Breidd: 6 m

Ástand: Gott

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Staðhættir

Í Sveitum og jörðum segir; „Afbýli eru þrjú í heimalandi og þrjú í Tunguheiði. Í heimalandinu eru Hofsborg og Valdísarstaðir, áður getið og Þorsteinsstaðir, býli fyrr á öldum, útnorður nokkurn spöl frá túni. Býlið mun hafa farið í eyði í Móðuharðindunum (Eyðibýlaskrá Múlaþ. 5) [...]Þar [Þorsteinsstöðum]voru byggð beitarhús í ljúfu tíðinni á jólaföstu 1924” . Og í búskaparannál; 1948: Lögð niður beitarhús á Þorsteinsstöðum” (Sjm, 129-30).

Í örnefnaskrá segir; „Þorsteinsstaðir, gömul hjáleiga, síðan beitarhús, byggð 1924, lögð niður 1948 (höfðu og verið áður, endur fyrir löngu). Þ.st. eru suðaustur af Háupúfu, ca. 15 mín. gang frá Hofi” (ÖJE, 14).

Fjórúsi með hlöðu á gömlum bæjarhóli. Sjálfur bæjarhóllinn liggur í norðaustur-suðvestur og er frekar óreglulegur, 45 m langur og 23 m breiður.

Lýsing

Á norðvesturhluta hans eru tóftir fjárhúsa, tveggja garða með hlöðu til norðausturs. Fjórúsin eru 13 m löng og 6 m breið, trúlega tvær burstir með timburvegg á milli og þilstafni. Garðar og veggir eru að mestu úr grjóti, en steipt hefur verið ofan á garðana. Hlaðan er 8 m löng og 5 m breið, liggur þvert á húsin í norðvestur/suðaustur, með dyrum til suðausturs, en auk þess innangengt inn í fjárhúsin á garðana. Veggjahæð er allt að 160 sm og veggjabreidd 1-3 m. Hlaðan er um 50 sm lægri en fjárhúsin. Erfitt var að gera sér grein fyrir öðrum tóftum á svæðinu vegna gróðurs.

Heimildaskrá

Sveitir og jarðir í Múlaþingi I, 1974, bls.127-131. Búnaðarsamband Austurlands.

Hof 156484 48 - 95

(9. mynd)

Sérheiti: Þorsteinsstaðir

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Staðsetning: X : 683660,55 Y : 579980,94

Ástand: Gott

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Vegaframkvæmdir

Staðhættir

Garður liggur að hluta til umhverfis gamla túnið á Þorsteinsstöðum.

Lýsing

Garðurinn er mjög greinilegur að ofan eða til norðvesturs en búið er að slétta úr honum að mestu þar sem hann liggur til suðausturs norðan við gamla bæjarstæðið, gróðurskil gefa þó vísbendingar um hvar hann hefur legið þar sem garðurinn er óhreyfður er hann um 100-130 sm breiður og allt að 160 sm hár undan brekkunni að norðvestan.

Hof 156484 48 – 96

(9. mynd)

Sérheiti: Þorsteinsstaðir

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðsetning: X : 683765,31 Y : 579885,97

Lengd: 10

Breidd: 6

Ástand: Gott

Hættumat: Mikil hætta



Hættuorsök: Vegaframkvæmdir

Staðhættir

Tóft liggur neðan við brekkuna á Þorsteinsstöðum utan garðs rúma 70 m austsuðaustur frá fjárhústóftinni [48-58].

Lýsing

Tóftin er 10 x 6 m að utanmáli og 2 x 6 m að innan, dyr eru til norðausturs. Mikill og hár gróður er inni í tóftinni en minni utan hennar. Veggjahæð er 20 sm og veggjabreidd 1 m. Af gróðrinum að dæma er tóftin ekki mjög forn.

Hof 156484 48 - 97

(9. mynd)

Sérheiti: Þorsteinsstaðir

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Þúst

Staðsetning: X : 683786,29 Y: 579833,45

Ástand: Gott

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Vegaframkvæmdir

Staðhættir

Á tveimur stöðum austan og suðaustan við bæjarstæðið á Þorsteinsstöðum, utan garðs, eru nokkur gróðurskil sem gefa vísbendingar um að þar hafi áður verið einhverskonar mannvirki sem búið er að slétta út. Bæði svæðið eru innan við 20 m frá fyrirhugaðri miðlínu vegar, það sem liggur lengra til suðvesturs er um 128 m suðaustur af fjárhústóftum á Þorsteinsstöðum.

Hof 156484 48 - 98

(9. mynd)

Sérheiti: Þorsteinsstaðir

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Þúst

Staðsetning: X : 683873,88 Y: 579892,41

Ástand: Gott

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Vegaframkvæmdir

Staðhættir

Á tveimur stöðum austan og suðaustan við bæjarstæðið á Þorsteinsstöðum, utan garðs, eru nokkur gróðurskil sem gefa vísbendingar um að þar hafi áður verið einhverskonar mannvirki sem búið er að slétta út. Bæði svæðin eru innan við 20 m frá fyrirhugaðri miðlínu vegar, það sem liggur lengra til norðausturs er um 166 m austur af fjárhústóftum á Þorsteinsstöðum.

Millidalaleið – Frá Vesturárdalsleið við Oddsgil að ofanverðri brekku niður af Vopnafjarðarheiði, Hofsárdalsmegin

Á korti frá Vegagerðinni eru sýndar tvær mögulegar tengileiðir milli Vesturárdals og Hofsárdals. Hún liggur upp með Oddsgilinu en sú vestari tekur nokkurn sveig vestur fyrir gilið. Tvær vörður eru við leiðina **varða 182017 54 - 44** er talin með minjum á Hofshálsleið.

Mynd 7 aftast í skýrslu.

Hauksstaðir 182017 39 - 45

(7. mynd)

Hlutverk: Varða

Tegund: Varða

Staðsetning: X : 680061,61 Y: 579525,02

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Vegaframkvæmdir

Staðhættir

Oddsgil er landamerki Hauksstaða og Búastaða. Rúma 470 m austan þess og 760 m í suður af Þjóðvegi er varða. Hún liggur um 115 m austan við vestari tengileiðina.

Vesturárdalsleið

Á fyrirhugaðri veglínu um Vesturárdal voru skráðar fornleifar á eftirfarandi jörðum: Brunahvammi, Hauksstöðum, Búastöðum, Vakurstöðum, Norður-Skálanesi og Leiðarhöfn. Verður saga þessara jarða birt fremst í kaflanum (nema saga Hauksstaða sem birt var í kaflanum um Hofshálsleið) en síðan skráðar fornleifar í landfræðilegri röð frá vestri til austurs. .

Saga jarðanna

Brunahvammur (Brúnahvammur) 156449 52

Saga

Brunahvammur er í Fossdal innan við bæinn Foss. Jarðarinnar er fyrst getið í Máldaga frá 1397 en þar segir [tilvitnunum í te x ta er sleppt]; “Allra heilagra kirkia ath hofe j uopnafirde æ heimaland allt ok tungoland allt ok sire x tade, asdisarstade. Saudardal ok brunahvam [...]” (DIIV, 215; Sjm, 138). Samkvæmt Jarðatali Johnsen er bærinn nefndur sem hjáleiga frá Bustarfelli (Johnsen, 352) en í Sveitum og jörðum í Múlaþingi kemur fram að jörðin hefur lengi verið í eign Bustarfellsmanna og fylgjörð Bustarfells. Í Johnsen er bærinn nefndur Brúnahvammur og nafnið þá dregið af hálsbrúnum ofan við bæinn en í síðari heimildum er hann nefndur Brunahvammur og nafnið þá dregið af fellinu Bruna í Tunguheiði sem er gegnt bænum. Ábúð hefur verið nokkuð samfelld á 19. öld en áður hafa verið nokkrar eyður í ábúð, tvíbýli var oft á árum áður. Jörðin fór í eyði 1945. (Johnsen, 352, Sem, 138).

Náttúrufar og jarðabætur

Brunahvammur var í Jarðatali Johnsens talin fjögurra hundruða jörð, hún þótti góð til búskapar en mannfrek til heyskapar og fjárgæslu. Tún var slétt og engjar góðar en oft langt að sækja þær (JJ, 352; Sjm, 138).

Milli ár og hlíðar er mjótt hallandi undirlendi þar sem skiptast á harðlendar og sléttlendar grundir og mýrar. Ofan við breitt undirlendi rís Brunahvammsháls, brattur og um 100 m hár. Hálsinn er grýttur og gróðurlítill og í hlíðunum er gróður slitróttur og eru þær skornar af þverlækjum. Hlunnindi eru grastekja, fuglaveiði og silungsveiði er í Skeljungsdalsárkíl (SS, 2000, Sjm, 138).

Landamerki

„Að utan er Foss (sjá þar). Að nv. eru mörk við Arnarvatn um Skeljungskvos, Skeljungsá, á Súlendur, í læk framan við Súlendur (sbr. Súlendugróf á korti), Höltná (Hölná á korti), Hofsa” (Sjm, 138).

Heimildarskrá

Finnur N. Karlsson, Indriði Gíslason og Páll Pálsson, 2000; Múlasýslur, Sýslu- og sóknalýsingar Hins Íslenska Bókmenntafélags 1839-1847. Bls. 39-56. Sögufélag og Örnefnastofnun. Reykjavík.

Íslenskt fornbréfasafn IV. 1265-1449. Kaupmannahöfn, 1907.

J. Johnsen: *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripum úr búnaðartölum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu.* Kaupmannahöfn. 1847. Bls. 352. (JJ).

Sveitir og jarðir í Múlaþingi I, 1974, bls.138. Búnaðarsamband Austurlands. (Sjm).

Búastaðir - 156450-41

Saga

Búastaðir eru í Vesturárdal norðan Vesturdalsár. Jörðin var í bændaeign er hennar fyrst getið í Vopnfirðingasögu, þar segir; „En með Bjarna [Brodd-Helgasyni] váru í för Þorvarðr læknir af Síreksstöðum, Brúni af Þorbrandsstöðum, Elífr Tjörvason af Torfastöðum, bræðr tveir af Búastöðum, Bergr og Brands, Skíði, fóstri Bjarna, ok Haukr Loftsson, ok báru þeir átján saman” (ÍS; X , 54). Jörðin var í eigu Krossvíkinga þar til Ólöf ríka Stefánsdóttir seldi Sigurjóni Sigurðssyni hana árið 1893. Afréttarlandið Búastaðatungur var þó áfram í eigu Krossvíkinga (Sjm, 107).

Bænhús var á Búastöðum og er þess getið í Máldaga 1491-1518. Þar segir; [undirmálgreinum sleppt] „gamall maldagi. Jtem bænhús æ Buastodum i somu kirkiusokn a tuau kugilde. Þar skulu syngiazt tolf messur, gialldazt presti se x aurar i tidaoffur” (DI VII, 20).

Gröf var hjáleiga Búastaða þar til hún var seld Jóni Jónssyni hreppstjóra á Vakursstöðum um eða upp úr miðri 19. öld, og jörðin gerð að hjáleigu þaðan (Sjm, 107).

Náttúrufar og jarðabætur

Samkvæmt Jarðatali Johnsens voru Búastaðir 12 hundruð að dýrleika (JJ, 352). Búastaðaland liggur allt í halla frá hálsi og niður að Vesturdalsá. Innan við hálsinn eru flóar og hefur vatn úr þeim grafið rásir í hlíðina. Utan og ofan við hálsinn eru örfoka melar. Meðfram ánni eru malarkambar sem mynda hjalla og liggja nokkuð inn fyrir bæinn, undir þeim eru lág nes á löngu svæði. Bærinn og túnin eru þar sem breiðast er neðan hjallanna, þar utar eru vallendi og mýrar. Á hjallanum sem gengur fram í Vesturdalsá innan við bæinn eru mýrar, hálfdeygjur og móar. Bærinn stendur á Hólbarði. Gamla túnið var að stórum hluta stórþýft og erfitt að vinna á því, fleytingsþýfi var þó sumstaðar. Í bithaganum voru engjar á víð og dreif en misgóð spretta var eftir árferði. Búastaðir voru taldir góð bújörð og hættalaus búpeningi. Svarðartekja á Búastöðum er góð og var mikið notuð fram undir miðja 20. öldina. Önnur hlunnindi eru lax - og silungsveiði (Sjm, 107-8).

Landamerki

„B eru sa. við Vesturdalsá, og nær land upp á vatnaskil á Hofshálsi. Að sv. eru Hauksstaðamörk við Oddsgilslæk sem líklega hefur fyrr heitið Barká og Barkárdalur verið við kenndur; lækurinn er barkarlitaður af leir. Mörk að na. við Vakursstaði (land Grafar) eru af vörðu á Selfjalli (186m) norðan til, í Vesturdalsá gegnt mörkum Vakursstaða og Ytri-Hlíðar. Landið er um 5 ½ km út og fram, en 1-2 km frá ánni og upp á háls (kort)” (Sjm, 107).

Heimildarskrá

Íslenzkt fornbréfasafn IV 1265-1449. Kaupmannahöfn, 1907.

J. Johnsen: *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu.* Kaupmannahöfn. 1847. Bls. 352.

Sveitir og jarðir í Múlaþingi I, 1974, bls.107-110. Búnaðarsamband Austurlands.

Vakursstaðir 156534 35

Saga

Vakursstaðir voru í bændaeign og þeirra er fyrst getið í Jarðakaupabréfi frá 1453, þar segir; „ok fram ath læk merkehvame firir avttan vakursstade I selardal fram ath diupagile ok vth ath gilium til mo x vid breidamyre ok reika j kroki huals ok vidar firir hamundarstaudum” (DI V, 111). Vakursstaðir voru og eru í eign bænda og sýslumanna. Árið 1744 voru þeir á jarðeignaskrá Björns Péturssonar sýslumanns. Á Vakursstöðum bjó meðal annarra Jón Jónsson hreppstjóri en hann gekkst fyrir fyrstu búnaðarsamtökum Vopnafjarðar eftir miðja 19. öld (Sjm, 95-96). Í jarðatali 1874 er jörðin talin 12 hundruð að dýrleika (Johnsen, 351).

Eyðibýlið Gröf sem er austan Vesturdalsár heyrir undir Vakursstaði. Það var ekki byggt við manntalið 1703 og hefur verið í eyði frá Móðuharðindunum. Í Jarðatali Johnsen frá 1847 er þess getið að í jarðatali frá 1804 hafi eyðijörðin Gröf verið yrkt frá Vakursstöðum (Johnsen, 351). Einnig var hjáleiga eða fornbylí frá Vakursstöðum á Úlfsstöðum, engin vitneskja er um ábúendur þar. Á árunum 1856-68 var hjáleigan Selárþakki í byggð. Einnig eru sagnir um sel á Selhrygg á Vesturdalshálsi, þar eru rústir. Nú er þríbýli á Vakursstöðum, fyrra nýbýlið var stofnað 1953 en það síðara 1960 (Sjm, 95-96).

Náttúrufar og jarðabætur

Meðfram Vesturdalsá eru nes og tangar. Upp af nesjunum, vestan árinna þar sem bærinn stendur, er aflíðandi hlíð með melöldum, botnum og hjöllum. Á hálsinum tekur við mýrlendi með ásum og holtum. Síðan hallar landið niður að Selá, þar er gróður fjölbreyttur. Í landi Grafar taka melir við ofan nesja, ofan þeirra mýrahallir og hjallabotnar upp á Fellsás og Selfjall. Jörðin þótti heppileg til búskapar, víðlendi var mikið, vetrarhagar og sumarheit gott góð. Gamla túnið var bæði greiðfært og grasgefið, engjar voru víðlendar niður við ána en annarsstaðar reytingssamar og langsóttar. Hlunnindi eru veiðiréttur í Selá og Vesturdalsá (Sjm, 96).

Landamerki

„Vakursstaðaland nær nv. frá Selá í Selárdal um þveran Vesturárdal og sa. á Hraunlínu upp af Ásbrandsstöðum og Felli í Hofárdal. Mörk við Lýtingsstaði eru við Dimmagil, síðan rúman km na. með Lýtingsstaðamörkum og þaðan sa. mitt á milli V og Ljósstaða (ytri bæjarins) allt sa. á Hraunlínu í nokkurn veginn beina stefnu á Ásbrandsstaðabæ. Ytri hlíðarmörk frá Selá eru um 1,5 km innan við Dimmagil og sa. yfir hálsinn um Merkgil skammt fram og upp af bæ og með læknum niður í á og þaðan á móti Búastöðum á Selfjall (varða) með stefnu á ytra vatnið nv. undir Selfjalli” (Sjm, 95-6).

Heimildaskrá

Íslenzkt fornbréfasafn V.1330-1476. Kaupmannahöfn og Reykjavík 1899-1902.

J. Johnsen: *Jarðatal á Íslandi*, Kaupmannahöfn. 1847. Bls. 351.

Sveitir og jarðir í Múlaþingi I, 1974, bls.95-97. Búnaðarsamband Austurlands.

Norður-Skálanes 156507 42

Saga

Skálanesjarðanna er fyrst getið 1398 en þá seldi Ólafur Jónsson Guðmundi Þorsteinssyni jörðina Bessastaði í Fljótstal fyrir Torfastaði í Vopnafirði, þar segir; „her J mot gefur gudmundr prestur Þorsteinsson fur greindum olafe jonssyni iord at torfhastodum j uopnafirde oc þar med jarder tuar er skalanes heita med ollum þeim gognum oc gædum sem ollum þessum fur nefndum jordum fylger” (DI III, 639). Í Íslenskum fornbréfum er einnig bréf frá 1417 þar sem Járngerður Ormsdóttir selur Gunnlaugi Guðmundssyni jarðirnar Torfastaði og Norður-Skálanes (DI IV, 256-7) .

Norður-Skálanes liggur á innanverðum Kolbeinstanga og mun líklega draga nafn sitt af verbúðarsetu. Í Jarðabók Johnsens (bls. 352) er Norður-Skálanes talin 8 hundruð að dýrleika og var hún þá í bændaeign. Í lok 19. aldar var jörðin í eigu Péturs Guðjónsens og Þórunnar Halldórsdóttur. Þórunn seldi hana síðan Vopnafjarðarhreppi árið 1915 en á þeim tíma var þörf á viðbótarlandi. Sjálfstæð ábúð féll niður í kringum 1930 (Sjm, 110).

Náttúrufar og jarðabætur

Bærinn stóð á hjalla við norðurmynni Vatnsdals niður frá honum að lónum er mólendi en klettur inn á milli. Utan lónanna eru móar, hálfdeigjur og mýrar, þar var gott ræktunarland, þar voru þorpsbúar með ræktunarlönd eftir að jörðin féll úr ábúð. Í hálsinum skiptist á mólendi og harðvelli. Harðvellisbakkar eru meðfram Vesturdalsá en innan við Skógarlón eru leirur. Mótekja var framundir 1930 á Búðarö x I. Á harðvellisbökkunum meðfram ánni og á mýrunum þar ofan við voru engjar góðar en litlar og dreifðar annarsstaðar, jörðin var snjólétt og beitiland gott (Sjm, 110-111).

Landamerki

„Jörðin er að norðvestanverðu á Kolbeinstanga utan frá Lónaósi og inn með Vesturdalsá (sjá þó Skóga) inn á móts við Torfastaði. Suðausturmarkalínan liggur sunnan frá vörðu á Skolladalshrauni (169 m, kort) inn og upp af Vatnsdalsgerði og nokkurn veginn beint út og norður Kolbeinstangahrygginn lengi vel og gengur í odd út með Nýpslónunum að Lónaósi úti við Nýpsfjörð. Landið er nær 8 km sv.-na. (kort)” (Sjm, 110).

Heimildaskrá

Íslenzkt fornbréfasafn III 1262-1415. Kaupmannahöfn, 1896. (DI III)

Íslenzkt fornbréfasafn IV 1265-1449. Kaupmannahöfn, 1907. (DI IV)

J. Johnsen: *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu*. Kaupmannahöfn. 1847. Bls. 352.

Sveitir og jarðir í Múlaþingi I, 1974, bls.110-111. Búnaðarsamband Austurlands.

Leiðarhöfn 156500 43

Saga

Jarðarinnar er fyrst getið í manntali 1703, þá bjuggu þar Jón Sigurðsson og Ólöf Guðlaugsdóttir með vinnufólki (MT, 380). Jörðin er í bændaeign en ekki er eignarhaldssaga hennar kunn nema á köflum. Meðal ábúenda má nefna Grím Grímsson, nefndur Álfa-Grímur (Sjm, 111). Hans er víða getið í þjóðsögum. Í Álfa-Gríms þætti í þjóðsögum Sigfúsar Sigfússonar segir að hann hafi þótt hinn mesti gæfumaður og „allt var honum vel gefið er honum var ósjálfrátt”. Gæfa hans átti þó eftir að snúast þegar ástir hans og ungar álfameyjar gengu ekki upp og hún lagði á hann þau álög að hann ætti eftir að verða hinn mesti ógæfumaður (ÍSP, 88-91). Síðar flutti Andrés F. Nielsen verslunarmaður frá Vopnafirði í Leiðarhöfn og mun jörðin hafa verið í eign afkomenda hans síðan. Í Sveitum og jörðum segir að getið sé um hafnsögumenn á Leiðarhöfn á síðari öldum. Og að samkvæmt munnmælum muni nafngift bæjarins vera komin til af því að skip er sigldu á Vopnafjörð hafi fengið leiðsögn í Leiðarhöfn, til þess að sigla milli hólma og skerja þeirra sem liggja fyrir landi verslunarstaðarins (Sjm, 111).

Nákvæm lýsing er í Ferðabók Ólafs Olavíusar á samnefndri vík þeirri sem að bærinn liggur við. Þar er einnig getið sagna um bardaga milli danskra og enskra sjómanna sem sigldu til Vopnafjarðar. Orðrétt segir: „Það er víst, að bæði Danir og Englendingar hafa fyrrum siglt á báðar þessar hafnir, því að enn ganga sagnir um deilur þeirra, sem af leiddu vopnaviðskipti, þar sem Danir fengu sigur og felldu nokkra Englendinga í túninu á Leiðarhöfn, og er dys þeirra þar enn til sýnis” (ÓO, 169).

Á leigulóðum inn við kaupstaðarmörkin byggðust nokkur húsmannsbýli, fyrir og eftir aldamót. Ábúendur höfðu smá land til ræktar en jafnan var lítill búskapur stundaður þar (Sjm, 112).

Náttúrufar og jarðabætur

Í sóknarlýsingu frá 1840 er jörðin metin á 4 hundruð að dýrleika og einnig í jarðatali frá 1847 (SS, 48; JJ, 352).

Lágir klettakkar með víkum og vogum eru niður við sjó. Ofan þeirra tekur við harðvelli og mólendi. Þarna fer land að hækka og eru melar og klettarið sem ná upp á háhrygg tangans. Hæstu klettarnir nefnast, Fagrafjall, Miðfell, Stóratafla og Litlatafla. Látrafjara, fornt selalátur, er ein af mörgum fjörum sem liggja milli klettahleina sem skaga fram í sjó. Gamla túnið var að mestu þýft og fremur jarðgrunnt, það var ræktað upp með fiskúrgangi og spratt vel. Engjar voru engar á jörðinni og var útheyskapur sóttur á aðra bæi. Fjörubeit var góð og jörðin var snjólétt og skjólgóð en beitiland var lítið (Sjm, 112).

Jörðin var talin með betri bújörðum þrátt fyrir beitar- og heyskaparannmarka vegna mikilla hlunninda og góðra skilyrða til útræðis. Hlunnindi voru reki, grjó- og malarnám, hrognkelsaveiði og dúntekja í Leiðarhafnarhólma. Fiskveiðar voru mikið stundaðar frá Leiðarhöfn og tíðkaðist að reka einnig útgerð frá Bjarnarey, en útgerð þaðan var hætt um 1910 og voru þá seld verbúðarhús sem þar stóðu (Sjm, 112).

Landamerki

Landamerki eins og þeim er lýst í Sveitum og jörðum: „Jörðin er á Kolbeinstanga austan- og utanverðum. Mörk við Norður-Skálanes liggja frá Merkjakambi við Lónaós nv. á tanganum og inn tangahrygginn í Merkidal na. við Búðaö x I (86 m) og þaðan austur af í sjó utarlega í kaupstaðnum. (Þúfukambur). Þaðan eru 4,4 km (kort) út á Tangasporð” (Sjm, 111).

Heimildaskrá

Finnur N. Karlsson, Indriði Gíslason og Páll Pálsson, 2000; *Múlasýslur, Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1847*. Bls. 39-56. Sögufélag og Örnefnastofnun. Reykjavík.

J. Johnsen: *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripum úr búnaðartölum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu*. Kaupmannahöfn, 1847.

Manntal á Íslandi 1703. Tekið að tilhlutan Árna Magnússonar og Páls Vídalín. Hagstofa Íslands. 1924-1947.

Ólafur Olavius: *Ferðabók, Landshagi í norðvestur-, norður, og norðaustursýslum Íslands 1775-1777, ásamt ritgerðum Ole Heckels um brennistein og brennisteinsnám og Christian Zieners um surtarbrand*. II. Bindi. Reykjavík, 1965.

Sigfús Sigfússon. *Íslenskar þjóðsögur og sagnir*. III, 89-93. Óskar Halldórsson bjó til prentunar. Reykjavík 1982.

Sveitir og jarðir í Múlaþingi I, 1974. Búnaðarsamband Austurlands.

Fornleifaskrá

Vesturárdalsleið frá Hölkná um Vesturárdal út á Tanga

Myndir 1, 10, 11, 12, 7, 13, 14 aftast í skýrslu.

Brunahvammur 156449 52 – 28

(1. mynd)

Hlutverk: Rétt

Tegund: Tóft

Lengd: 6

Breidd: 10

Staðsetning:

X : 663837,53

Y: 560902,14

Ástand: Gott

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Vegaframkvæmdir

Heimildamaður: Grétar Jónsson



Staðhættir

Grænn grasbali er í klettakvos sem er beint neðan vegar þar sem brúin er á Hölkná.

Svæðið er afmarkað af Hölkná til austurs og svo klettaveggjum á þrjá vegu sem mynda náttúrulegt aðheldi. Í kvosinni

eru tvær grjóthlaðnar tóftir önnur líklega rétt, hin fjárhús eða einhverskonar gripaheldi líka. Tóftirnar liggja um 50 austur af þjóðvegi og um 15 m suður af fossi í Hölkná. Tóftirnar munu vera í landi fornbylisins Mels. Telur Grétar Jónsson bóndi á Einarstöðum að þarna gætu verið fráfarustekkir frá Brunahvammi.

Lýsing

Vestari tóftin liggur uppi við klettavegginn vestanverðan og er hún um 6 x 3 m að innanmáli. Hún er eingöngu hlaðin úr grjóti, hleðslur standa vel en eitthvað farnar að hrynja. Tóftin snýr norðaustur-suðvestur og hefur hlið verið á suðvestur hlið hennar. Veggjahæð er mest um metri og þykkt um 70 sm.

Brunahvammur 156449 52 - 29

(1. mynd)

Hlutverk: Rétt

Tegund: Tóft

Lengd: 6

Breidd: 2

Mynd 6. Horft til suðurs yfir réttartóftir við Hölkná.

Staðsetning: X : 663854,35 Y: 560885,89

Ástand: Gott

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Vegaframkvæmdir

Staðhættir

Grænn grasbali er í klettakvos sem er beint neðan vegar þar sem brúin er á Hölkná. Svæðið er afmarkað af Hölkná til austurs og svo klettaveggjum á þrjá vegu sem mynda náttúrulegt aðhaldi. Í kvosinni eru tvær grjóthlaðnar tóftir önnur líklega rétt, hin fjárhús eða einhverskonar gripheldi líka. Tóftirnar liggja um 50 austur af þjóðvegi og um 15 m suður af fossi í Hölkná. Tóftirnar munu vera í landi fornbylisins Mels.

Lýsing

Eystri tóftin er um 20 m austar en réttin og er hún einnig einungis hlaðin úr grjóti. Hún liggur nálega n-s og er 6 x 2 m að innanmáli, inngangur hefur verið nyrst á vestur langhlið. Veggir eru um metri á hæð og um 70 sm á þykkt. Vestan við tóftina er um 6 m langt lágt garðbrot eða veggur sem kann að hafa myndað smá hólf við vesturhlið tóftarinnar.

Bustarfell 156452 52 - 30

(1. mynd)

Hlutverk: Varða

Tegund: Varða

Staðsetning:

X : 663957,54

Y: 561581,47

Ástand: Gott

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Vegaframkvæmdir



Mynd 7. Varða 50-30.

Staðhættir

Hleðsla/hrúgald er ofan á nokkuð stórum steini í grýttri urð sem liggur austan vegar til Vopnafjarðar um 240 m vestur af Hofsa. Það er að öllum líkindum ekki mjög gamalt.

Brunahvammur 156449 52 - 31



Mynd 8. Smalabyrgi og varða 50 – 31.

(1. mynd)

Hlutverk: Smalabyrgi

Tegund: Tóft

Staðsetning:

X : 663966,80

Y: 561961,45

Lengd: 0,5 m

Breidd: 1,30 m

Ástand: Gott

Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegaframkvæmdir

Staðhættir

Tóft af grjóthlöðnum smalakofa liggur á melunum um 230 norðvestur af Hofsá.

Lýsing

Tóft af litlum kofa um það bil 50 x 130 sm að utanmáli. Veggir eru hrundir og hefur verið hlaðið upp á steininn. Hún er hlaðin upp við stóran stein og er lítil varða ofan á steininum.

Brunahvammur 156449 52 - 32

(1. mynd)

Hlutverk: Smalabyrgi

Tegund: Tóft

Staðsetning: X : 663997,42 Y: 562096,06

Ástand: Gott

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Vegaframkvæmdir

Staðhættir

Rúma 270 m suðaustur af Hofsá eru tóftir smalabyrgis

Lýsing

Smalabyrgi hlaðið úr grjóti upp við stóran stein. Um 1 x 1,5 m að innanmáli. Norðurveggur stendur nokkuð vel en aðrir veggir að mestu hrundir.

Brunahvammur 156449 52 - 33

(1. mynd)

Hlutverk: Varða

Tegund: Varða

Staðsetning: X : 663984,60 Y: 562113,86

Ástand: Gott

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Vegaframkvæmdir

Staðhættir

Rúma 20 m norðvestur af smalabyrginu (156452 50 – 32) er vörðuhrúga.

Brunahvammur 156449 52 – 34

(1. mynd)

Hlutverk: Varða

Tegund: Varða

Staðsetning: X : 664112,45 Y: 562262,36



Mynd 9. Varða 52-34.

Ástand: Gott
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegaframkvæmdir

Staðhættir

Fremst á melbrún um 280 m í norður af Hofsá er há og stæðileg varða um 155 sm á hæð. Grjótdreif er umhverfis vörðuna og virðist hún hafa hrunið en síðan verið endurhlaðin.

Brunahvammur 156449 52 – 35 (1. mynd)



Hlutverk: Varða
Tegund: Varða
Staðsetning: X : 664255,25 Y: 562454,66
Ástand: Gott
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegaframkvæmdir

Staðhættir

Um 200 m í norðvestur frá efnistökusvæði merkt A1 og um 300 m í norðvestur frá Hofsá, á fremur grýttu svæði stendur varða um 60 sm há. Hefur greinilega hrunið.

Mynd 10. Varða 52-35.

Brunahvammur 156449 52 - 36 (1. mynd)

Hlutverk: Varða
Tegund: Varða
Staðsetning: X : 664562,57 Y: 562858,65
Ástand: Gott
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegaframkvæmdir

Staðhættir

Varða stendur á nokkuð grýttum mel 215 m í norðnorðvestur frá Hofsá og rúmlega 450 m til suðurs frá Brunahvammi. Varðan er hlaðin ofan á stórum steini.



Mynd 11. Varða 52-36

Brunahvammur 156449 52 - 37 (1. mynd)

Hlutverk: Varða
Tegund: Varða
Staðsetning: X : 664685,79 Y: 563106,35

Ástand: Gott
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegaframkvæmdir

Staðhættir

Leifar vörðu standa á brún rúma 200 m suður af Brunahvammi og 250 m vestur af Hofsá.

Brunahvammur 156449 52 - 38

(1. mynd)

Hlutverk: Varða

Tegund: Varða

Staðsetning: X : 664657,65 Y: 563410,82

Ástand: Gott

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Vegaframkvæmdir

Staðhættir

Um 320 m í norður af Hofsá er varða. Hún er um 150 sm há og rést ofan á stóru grjóti, hún stendur vel. Varðan er ofan Brunahvamms.



Mynd 12. Varða 52-38.

Brunahvammur 156449 52 - 1



Mynd 13. Brunahvammur, fjárhústóftir, bæjarhóllinn og Grundirnar í baksýn.

(10. mynd)

Hlutverk: Bæjarhóll

Tegund: Bústaður

Staðsetning: X : 664924,17 Y : 563403,91

Lengd: 30 m

Breidd: 35 m

Ástand: Gott

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Vegaframkvæmdir

Staðhættir

„Bærinn stóð í harðvellishvammi nokkuð upp frá Hofsá” (Sjm, 138). Í örnefnaskrá segir: „Þá koma Græfur. Innan við þær er bærinn Brunahvammur. Stendur hann í vinalegum hvammi skammt frá ánni” (ÖBS, 2). „Bærinn stóð við Bæjarlind”, Bali var kallað túnið á Brunahvammi” (ÖHG, 4).

Bæjarstæði Brunahvamms liggur á grösugum bala um 80 m upp af (norðvestur) Hofsár um 18 km suðvestur af Bustarfelli og um 2,6 km norður af þar sem Hölkná rennur í Hofsá.

Nánari lýsing

Í örnefnaskrá segir: „Bærinn Brunahvammur í Vopnafjarðarhreppi er langt inn með Hofsá að vestanverðu. Næsti bær fyrir utan er Foss. Er alllangt á milli bæjanna. Báðir þessir bæir eru nú í eyði” (ÖBS, 1).

Lýsing

Í Sveitum og jörðum er bænum lýst svo: „Baðstofa 8 x 5 ½ alin, portbyggð, þiljuð og tvískipt uppi, reisifjöl, tvískipt og þiljuð hálf niðri. Bæjardyrhús 8 x 6 álnir með stafngluggum á svefnlofti” (Sjm, 138).

Rústir seinasta bæjarins í Brunahvammi liggja 30 m austan bæjarlækjar sem rennur í gegn um mitt túnið. Tóftirnar liggja á nokkurri hólhækkun sem bendir til endurbygginga. Veggir standa enn mjög vel enda fór bærinn ekki í eyði fyrr en um miðja 20. öldina. Veggjahæð er mest um 2,5 m og þykkt um 3 m. Hleðslur standa enn mjög vel og er grjót sýnilegt í þeim auk þess sem þekja er hálfhrunin ofan í tóftirnar.

Bæjarhóllinn er um 30 m langur nv-sa og um 35 m í na-sv. Greinileg eru um fimm samfastar tóftir á bæjarstæðinu sjálfu sem mynda eina heild. Tvær þeirra hafa snúið til austurs fram á hlað en tvær liggja vestan þeirra. Tvær smærri tóftir eru svo sýnilegar inni í bæjarþorpinu. Erfitt var að mæla bæjartóftirnar nákvæmar þar sem tóftirnar voru fullar af timbri.

Heimildaskrá

Sveitir og jarðir í Múlaþingi I, 1974, bls.138-139. Búnaðarsamband Austurlands.

Örnefnaskrá fyrir Brunahvamm. Helgi Gíslason skráði.

Örnefnaskrá fyrir Brunahvamm. Jón Eiríksson skráði (Heimildarmaður: Björgvin Stefánsson).

Brunahvammur 156449 52 - 3

(10. mynd)

Hlutverk: Fjánhús

Tegund: Tóftaþyrping

Staðsetning: X : 664918,90 Y: 563441,13

Lengd: 25 m

Breidd: 20 m

Ástand: Gott

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Vegaframkvæmdir

Staðhættir

Í búskaparannál í Sveitum og jörðum segir: „Skammt út og norður af bæ fjánhús 4 sambyggð f. 240 og 50 hb. hlaða” (Sjm, 139).

Um 10 m norður af bæjarhúsatóftunum eru tóftir útihúsa.

Lýsing

Fimm samliggjandi tóftir liggja norðvestur-suðaustur og hafa dyr verið á þeim öllum til norðausturs. Veggir standa enn mjög vel um 2 m á hæð og eru um 2 m á þykkt. Garði er greinilegur í tveimur tóftanna. Þrjár tóftir liggja svo áfastar aftan þessara tófta, líklega hlöðutóftir. Sú stærsta af þeim liggur þvert á tvær tóftanna og hefur verið innangengt þar á milli.

Heimildaskrá

Sveitir og jarðir í Múlaþingi I, 1974, bls.138-139. Búnaðarsamband Austurlands.

Brunahvammur 156449 52 - 21

(10. mynd)

Hlutverk: Hesthús

Tegund: Tóft

Staðsetning: X : 664846,73 Y: 563342,93

Lengd: 30 m

Breidd: 35 m

Ástand: Gott

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Vegaframkvæmdir

Heimildamaður: Gunnlaugur Einarsson

Staðhættir

Um 85 m suðvestur af bæjarhólnum, sunnan bæjarlækjar eru tóftir af hesthúsi.

Lýsing

Hesthúsið er tvískipt 8 x 10 m að utanmáli. Að austan er hesthús og hafa dyr vitað í austur. Áföst vestan við er svo hlöðutóft, innangengt hefur verið á milli hlöðu og hesthúss. Veggir eru um 1,8 m á hæð og þykkt þeirra um 1,5 m. Grjót sést í hleðslum en þær eru nokkuð farnar að hrynja.

Brunahvammur 156449 52 - 22

(10. mynd)

Hlutverk: Rétt

Tegund: Hleðsla

Staðsetning: X :664874,78 Y: 563224,69

Lengd: 26 m

Breidd: 16 m

Ástand: Gott

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Vegaframkvæmdir

Staðhættir

Um 147 m suður af bæjarhólnum í Brunahvammi er réttartóft.

Lýsing

Tvær krær hafa verið í réttinni. Sú stærri er um 9 x 11 m að innanmáli og hefur hlið verið á henni til norðausturs. Áföst henni norðanverðri en hin króin og er innnagengt milli þeirra. Sú kró er 10 x 4 m að innanmáli og hlið hefur verið á henni til norðausturs. Hleðslur standa vel en eru eitthvað farnar að hrynja. Hæð veggja er mest 1,5 m og þykkt einnig um 1,5 m, grasi vaxnar.

Brunahvammur 156449 52 - 23**(10. mynd)**

Hlutverk: Útihús

Tegund: Tóft

Staðsetning: X : 664937,14 Y: 563445,83

Lengd: 2 m

Breidd: 6 m

Ástand: Gott

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Vegaframkvæmdir

Staðhættir

Við norðausturhorn stóru útihúsatóftanna er smærri, mun ógreinilegri tóft.

Lýsing

Tóftin er um 2 x 6 m að innanmáli. Tóftin er mun jarðsokknari og grónari en hinar útihúsatóftirnar og greinilega eldri. Vegghæð var mest um 30 sm og þykkt um metri. Engar dyr voru greinanlegar á tóftinni.

Brunahvammur 156449 52 - 24**(10. mynd)**

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðsetning: X : 664900,71 Y: 563333,98

Lengd: 3 m

Breidd: 16 m

Ástand: Gott

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Vegaframkvæmdir

Staðhættir

Um 60 m suður af bæjarhúsatóftunum í Brunahvammi, sunnan bæjarlækjarins er gömul tóft.

Lýsing

Tóftin er töluvert eldri en aðrar bæjar- og útihúsatóftir í Brunahvammstúninu. Hún snýr norðaustur-suðvestur er mjög jarðsokkin og gróin, um 3 x 16 m að innanmáli, dyr hafa verið syðst á austur langhlið tóftarinnar. Ekkert grjót er sýnilegt í hleðslu.

Brunahvammur 156449 52 - 25**(10. mynd)**

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Þúst

Staðsetning: X : 664881,82 Y: 563360,19

Lengd: 20 m

Breidd: 10 m

Ástand: Gott

Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Vegaframkvæmdir

Staðhættir

Um 50 m suðvestur af bæjarhúsatóftum í Brunahvammi, um 10 m sunnan bæjarlækjar er dálítil hólmyndun eða þúst.

Lýsing

Hóllinn er um 20 m að lengd x 10 m á breidd. Hann er nokkuð greinilegur í túninu og á honum eru einhverjar mishæðir og gróður er öðruvísi í umhverfinu. Ekki er hægt að greina nein veggjalög en greinilegt er að þarna hafa einhver bygging staðið og upphækkunin bendir til endurbygginga.

Brunahvammur 156449 52 - 16

(10. mynd)

Hlutverk: Matjurtagarður
Tegund: Matjurtagarður
Staðsetning: X : 664907,49 Y: 563464,67
Lengd: 4 m
Breidd: 4 m
Ástand: Gott
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegaframkvæmdir

Staðhættir

Í búskaparannál í Sveitum og jörðum segir: „Dálítið rófnarækt til heimilis” (Sjm, 139). Um 50 ofan (norðvestan) við stóru útihúsin í Brunahvammi, uppi í brekkunni á vesturbakka lækjar sem rennur austan Brunahvammsbæjar.

Lýsing

Um 4 x 4 m stórt ferkantað svæði þar sem greinilega hefur verið stunginn upp jarðvegur. Liggur í brekku mót suðri og er líklega kartöflugarður eða einhverskonar matjurtagarður.

Heimildaskrá

Sveitir og jarðir í Múlaþingi I, 1974, bls.138-139. Búnaðarsamband Austurlands.

Brunahvammur 156449 52 – 26



(10. mynd)

Hlutverk: Varða
Tegund: Varða
Staðsetning: X : 666257,61
Y: 565254,33
Ástand: Gott
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegaframkvæmdir

Mynd 14. Varða 52-26.

Staðhættir

Varða er frammi á brekkubrún um 1,1 km utan (norðaustan) Brunahvamms. Hún er um 1,5 m á hæð, stendur um 30 m suður af stiku 9800VD. Óvíst um aldur

Brunahvammur 156449 52 – 27

(10. mynd)

Hlutverk: Varða

Tegund: Varða

Staðsetning: X : 666818,26 Y : 566215,71

Ástand: Gott

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Vegaframkvæmdir



Mynd 15. Varða 52-27.

Staðhættir

Leifar af hruninni vörðu er á brekkubrún um 2,3 km utan (norðaustan) Brunahvamms um 40 m suðaustur af stiku 11000VD. Fremur ólöglegt hrúgald, óvíst um aldur.

Hauksstaðir 156482 39 – 24

(11. mynd)

Hlutverk: Smalakofi?

Tegund: Tóft

Staðsetning: X : 673542,86

Y: 575949,32

Lengd: 2 m

Breidd: 1 m

Ástand: Gott

Hættumat: Mikil hætta



Mynd 16. Smalatóft 39-24.

Hættuorsök: Vegaframkvæmdir

Staðhættir

Byrgið er norðaustan í svolitlu barði eða brekkustalli í aflíðandi brekku sem hallar til norðurs niður að Vesturdalsá.

Lýsing

Veggir tóftar eru mosa og lyngi vaxnir. Þeir eru um 2 x 1 að innanmáli og um 50 sm háir frá gólfi þar sem þeir eru hæstir. Inni í tóftinni er lágvaxið birki- og víðikjarr.

Hauksstaðir 156482 39 – 25

(11. mynd)

Hlutverk: Smalakofi

Tegund: Tóft

Staðsetning: X : 673798,81

Y: 576423,63

Lengd: 3 m

Breidd: 2 m

Ástand: Gott

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Vegaframkvæmdir

Staðhættir

Tóftir eru sunnan og suðvestan í háum malarhól.

Lýsing

Á hólnum sjálfum er varða og smalabyrgi um 7 m norðaustur af henni 3 x 2 m að utanmáli. Stór steinhella myndar austurvegg byrgisins en svo hefur verið hlaðið út frá henni til vesturs. Byrgið hefur ekki verið meira en 1 x 2 m að innanmáli en er nú að miklu leyti hrunið inn.



Mynd 17. Smalabyrgi 39-25.

Hauksstaðir 156482 39 – 26

(11. mynd)

Hlutverk: Varða

Tegund: Tóft

Staðsetning: X : 673797,55 Y: 576417,31

Ástand: Gott

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Vegaframkvæmdir

Staðhættir

Tóftir eru sunnan og suðvestan í háum malarhól.

Lýsing

Á hólnum sjálfum er varða og smalabyrgi um 7 m norðaustur af henni 3 x 2 m að utanmáli.

Hauksstaðir 156482 39 – 27

(11. mynd)

Hlutverk: Útihús

Tegund: Tóft

Staðsetning: X : 673790,60 Y: 576392,34

Lengd: 7 m
Breidd: 3 m
Ástand: Gott
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegaframkvæmdir

Staðhættir

Tóftir eru sunnan og suðvestan í háum malarhól.

Lýsing

Efri tóftin suðvestan í hólnum er tvískipt, stærra hólfíð er 7 x 3 m að innanmáli og það minna (það suðvestara) 1,5 x 1 m. Dyr eru á milli hólfanna og snúa til suðausturs. Veggjabreidd er um 1-1,5 m og veggjahæð 40-50 frá gólfi, mun hærra að utan þeim megin sem snýr undan brekkunni. Báðar tóftirnar eru lyngi- og mosavaxnar og virðast nokkuð gamlar.

Hauksstaðir 156482 39 - 16

(11. mynd)

Sérheiti: Réttarhólar

Hlutverk: Útihús

Tegund: Tóft

Staðsetning: X : 673799,13

Y: 576384,44


Lengd: 17 m

Breidd: 8 m

Ástand: Gott

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Vegaframkvæmdir



Staðhættir

„Innan við Skarðsgrófina eru melhólar á stangli, sem heita Hólar og Réttarhólar fremst” segir í örnefnaskrá (ÖJE, 3).

Tóftir eru sunnan og suðvestan í háum malarhól.

Lýsing

Fimm metrum suðvestar við rætur hólans er löng a.m.k þrískipt tóft sem liggur norðvestur-suðaustur. Veggjahæð er um 30-40 sm frá gólfi, minni að utan mót brekkunni. Breidd veggja er 1-1,5 m. Báðar tóftirnar eru lyngi- og mosavaxnar og virðast nokkuð gamlar.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá fyrir Hauksstaði. Jakob Einarsson skráði (Ritað eftir handriti Friðbjörns Kristjánssonar).

Hauksstaðir 156482 39 – 28**(11. mynd)**

Hlutverk: Varða

Tegund: Varða

Staðsetning: X : 673739,72 Y: 576470,71

Ástand: Gott

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Vegaframkvæmdir

Staðhættir

Á mel, tæpa 80 m suðaustur af vörðu (156482 39 – 26) er önnur varða. Lítil varða, hrúnin.

Hauksstaðir 156482 39 – 29**(11. mynd)**

Hlutverk: Varða

Tegund: Varða

Staðsetning: X : 674060,05 Y: 576948,83

Ástand: Gott

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Vegaframkvæmdir

Staðhættir

Um 570 m norðaustur af vörðu (156482 39 – 28) er önnur varða mjög lítil og óvönduð.

Hauksstaðir 156482 39 - 30**(12. mynd)**

Hlutverk: Garður

Tegund: Garðlag

Staðsetning: X : 675826,84 Y: 578326,01

Lengd: 7 m

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Vegaframkvæmdir, ábúð

Staðhættir

Suður af Hauksstöðum eru hólur og liggur veglínun að hluta í gegnum þá. Hvammar eru á milli hólanna og liggur veglínun í gegnum þá efsti í efsta hvamminum.

Lýsing

Í hvamminum eru þrjár tóftir og 3 hlutar af gördum. Sá fyrsti er syðst í horni hvammsins, hann er aðeins um 7 m langur og sér ekki móta fyrir neinu framhaldi. Hann liggur til norðurs út frá hlíðinni. Hann er grasi gróinn og vel greinilegur. Ekkert framhald virðist á garðinum og óvíst hvaða hlutverki hann hefur gegnt.

Hauksstaðir 156482 39 - 31

(12. mynd)

Hlutverk: Garður

Tegund: Garðlag

Staðsetning: X : 675809,90 Y: 578333,26

Lengd: 4 m

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Vegaframkvæmdir, ábúð

Staðhættir

Suður af Hauksstöðum eru hólar og liggur veglínán að hluta í gegnum þá. Hvammar eru á milli hólanna og liggur veglínán í gegnum þá efsti í efsta hvamminum.

Lýsing

Í hvamminum eru þrjár tóftir og 3 hlutar af görðum. Garðbrot um 4 m langt liggur um 20 m norðvestur af garði (156482 39 - 30).

Hauksstaðir 156482 39 - 32

(12. mynd)

Hlutverk: Garður

Tegund: Garðlag

Staðsetning: X : 675794,06 Y: 578436,38

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Vegaframkvæmdir, ábúð

Staðhættir

Suður af Hauksstöðum eru hólar og liggur veglínán að hluta í gegnum þá. Hvammar eru á milli hólanna og liggur veglínán í gegnum þá efsti í efsta hvamminum.

Lýsing


Í hvamminum eru þrjár tóftir og 3 hlutar af görðum. Hluti af garði um 4 m löngum liggur suðvestur af nr. (156482 39 - 30). Neðar er annar hvammur þar sem annar garður er sem liggur norður/suður og er hann töluvert lengri en hin garðlögin eða um 46 m. Punktur tekinn við norðurenda garðs.

Hauksstaðir 156482 39 - 33

(12. mynd)

Hlutverk: Óþekkt, beitarhús?

Tegund: Tóft



Staðsetning: X : 675860,62 Y: 578354,19

Lengd: 12 m

Breidd: 8 m

Ástand: Gott

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Vegaframkvæmdir, ábúð

Heimildamaður: Friðbjörn H. Gunnarsson

Staðhættir

Suður af Hauksstöðum eru hólar og liggur veglínán að hluta í gegnum þá. Hvammar eru á milli hólanna og liggur veglínán í gegnum þá efst í efsta hvamminum. Samkvæmt heimildamanni Friðbirni H. Guðmundssyni bónda á Hauksstöðum nefnist svæðið milli hólanna Grófordalur og lækurinn sem um það rennur Grófordalslækur. Í hvamminum eru þrjár tóftir og 3 hlutar af gördum. Heimildamaður vissi ekki frá hvaða tímabili tóftirnar eru en mundi eftir að heyi hafi verið safnað saman í þær.

Lýsing

Fremst á brún efri hvammsins fyrir miðju er tóft, 12 x 8 m að utanmáli. Hún er vel greinileg og algróin grasi. Veggirnir sem nokkuð eru teknir að falla eru hæstir um 1 m og mesta breidd þeirra er um 2 m. Tóftin snýr vestnorðvestur/austsuðaustur.

Hauksstaðir 156482 39 - 40

(12. mynd)

Hlutverk: Óþekkt, beitarhús?

Tegund: Tóft

Staðsetning: X : 675876,72 Y: 578387,10

Lengd: 17 m

Breidd: 8 m

Ástand: Gott

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Vegaframkvæmdir, ábúð

Heimildamaður: Friðbjörn H. Gunnarsson

Staðhættir

Suður af Hauksstöðum eru hólar og liggur veglínán að hluta í gegnum þá. Hvammar eru á milli hólanna og liggur veglínán í gegnum þá efsti í efsta hvamminum. Samkvæmt heimildamanni Friðbirni H. Guðmundssyni bónda á Hauksstöðum nefnist svæðið milli hólanna Grófordalur og lækurinn sem um það rennur Grófordalslækur. Í hvamminum eru þrjár tóftir og 3 hlutar af gördum. Heimildamaður vissi ekki frá hvaða tímabili tóftirnar eru en mundi eftir að heyi hafi verið safnað saman í þær.

Lýsing

Norður af tóft (156482 39 – 33) er önnur tóft, nokkuð stærri um 8 x 17 m að utanmáli, hugsanlega önnur rétt eða beitarhús. Hún er tvískipt og virðist smærra hól norðan til í henni. Sá hluti tóftar er snýr til norðurs stendur á hól og á háhólnum virðist vera 3ja hólfið, etv. seinni tíma heytóft. Veggir eru hæstir um 120 sm og allt að 2ja m breiðir. Tóftin er vel greinileg og vel gróin. Tóftin liggur norður/suður.

Hauksstaðir 156482 39 - 34

(12. mynd)

Hlutverk: Óþekkt, beitarhús?

Tegund: Tóft

Staðsetning: X : 675908,21 Y: 578388,16

Lengd: 9 m

Breidd: 7 m

Ástand: Gott

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Vegaframkvæmdir, ábúð

Staðhættir

Suður af Hauksstöðum eru hólur og liggur veglínin að hluta í gegnum þá. Hvammar eru á milli hólanna og liggur veglínin í gegnum þá efsti í efsta hvamminum. Samkvæmt heimildamanni Friðbirni H. Guðmundssyni bónda á Hauksstöðum nefnist svæðið milli hólanna Grófardalur og lækurinn sem um það rennur Grófardalslækur. Í hvamminum eru þrjár tóftir og 3 hlutar af görðum. Heimildamaður vissi ekki frá hvaða tímabili tóftirnar eru en mundi eftir að heyi hafi verið safnað saman í þær. Norðaustan við beitarhúsin (156482 39 - 40) liggur tóft í hlíðum eins af hólunum.

Lýsing

Tóftin er alveg opin mót norðvestri og eru veggir hennar nokkuð hrundir en þó vel greinilegir. Tóftin er algróin. Mesta breidd veggja er 1-1,5 m og mesta hæð frá gólfi er 1,5 m. Tóftin virðist tvískipt.

Hauksstaðir 156482 39 - 35**(12. mynd)**

Hlutverk: Varða

Tegund: Hleðsla

Staðsetning: X : 676049,00 Y: 578465,03

Ástand: Lélegt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Vegaframkvæmdir, ábúð

Staðhættir

Leifar vörðu eru á smá mel sem er um 210 m suður af Vesturdalsá og rúmlega 380 m til suðurs frá íbúðarhúsi á Hauksstöðum.

Hauksstaðir 156482 39 - 36**(12. mynd)**

Hlutverk: Varða

Tegund: Hleðsla

Staðsetning: X : 676152,86 Y: 578605,71


Ástand: Gott

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Vegaframkvæmdir, ábúð

Staðhættir

Varða stendur um 170 m í suðvestur frá tóft (156482 39 – 35) og rúma 80 til suðurs frá Vesturdalsá.



Hauksstaðir 156482 39 - 37

(12. mynd)

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Tóft

Staðsetning: X : 676511,97

Y: 578588,05

Lengd: 8 m

Breidd: 17 m

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Vegaframkvæmdir, ábúð

Staðhættir

Stekkjartóft liggur um 320 m suðvestur af brúnni sem liggur yfir Vesturdalsá til

Hauksstaða. Hún liggur í smá halla á vestari lækjarbakka.

Lýsing

Tóftin er mjög vel gróin og aðeins sér í grjót í veggjum milli króa. Dyr eru á henni til norðurs. Nokkur gróðurskil eru við tóftina og sker hún sig þannig úr landslagi. Hún er nokkuð þýfð, einkum lambakróin. Breidd veggja er um 1,5-2 m og hæð þeirra um 50 sm. Innmál stærri króar er 8 x 3 m en lambakróar 2,5 x 3 m. Tóftin liggur nálega norður/suður.

Hauksstaðir 156482 39 - 38

(12. mynd)

Hlutverk: Varða

Tegund: Hleðsla

Staðsetning: X : 676672,55 Y: 578686,23

Ástand: Gott

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Vegaframkvæmdir, ábúð

Staðhættir

Varða stendur um 145 m í suðvestur frá brúnni sem liggur yfir Vesturdalsá austur af Hauksstöðum.

Hauksstaðir 156482 39 - 39

(12. mynd)

Hlutverk: Varða

Tegund: Hleðsla
Staðsetning: X : 677266,99 Y: 578874,03
Ástand: Sæmilegt
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegaframkvæmdir, ábúð

Staðhættir

Rúma 530 m austur af brú þeirri sem liggur yfir Vesturdalsá austan við Hauksstaði og við túnið sem liggur meðfram veginum austan brúarinnar, eru leifar vörðu á smá melhól.

Hauksstaðir 156482 39 - 40

(12. mynd)

Hlutverk: Varða
Tegund: Hleðsla
Staðsetning: X : 678491,02 Y: 578964,98
Ástand: Gott
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegaframkvæmdir, ábúð

Staðhættir

Nokkuð stór melur liggur milli veglínanna tveggja í Vesturárdal tæpa 400 m suðvestur af hlöðunni. Um það bil fyrir miðjum mel er varða.

Hauksstaðir 156482 39 – 14

(7. mynd)

Sérheiti: Hringhús
Hlutverk: Beitarhús
Tegund: Tóft
Staðsetning: X : 678806,05 Y: 579501,01
Ástand: Sæmilegt
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Ábúð

Staðhættir

Í búskaparannál í Sveitum og jörðum segir: „Beitarhús tvenn. Hringhús skammt utan við bæ aflögð um 1894. Önnur inn af bæ til ‘58, og tún við, 3ha” (Sjm, 109). „Hringurinn, gamalt beitarhúsatún, hér stóðu beitarhús 80 kinda fram til 1905, þá rifin og efnið flutt í Krossavík” segir í örnefnaskrá (ÖB, 2).

Lýsing

Suður af veginum sem liggur til Hauksstaða er steipt hlaða og norðan við hana er smá tún og í því fremur óljósar tóftarleifar og hugsanlega einhver garðlög. Erfitt var að gera sér grein fyrir tóftum á vettvangi vegna gróðurs en túngarður er greinilegur um 15 m norðan við steiptu hlöðuna.

Heimildaskrá

Sveitir og jarðir í Múlaþingi I, 1974, bls.107-110. Búnaðarsamband Austurlands.
Örnefnaskrá fyrir Bústaði. Örnefnastofnun Íslands.

Hauksstaðir 156482 39 - 13

(7. mynd)

Sérheiti: Kot (Barkarstaðir?)

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóftasvæði

Staðsetning: X : 679261,61 Y : 579625,70

Lengd: 31 m

Breidd: 18 m

Ástand: Gott

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð, vegaf framkvæmdir

Heimildamaður: Friðbjörn H. Guðmundsson

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Litlu innar [við Pyttalæk] og stutt ofan við árbakkann eru gamlar uppgrónar tóttarústir, sem heita Kot. Þar innan við tætturnar fellur lítill lækur niður í gegn um árbakkann og heitir hann Kotlækur” (ÖJE, 1). Heimildamaður Friðbjörn H. Guðmundsson bóndi Hauksstöðum sagði að einhverjir hefðu talið að býlið Barkarstaðir hafi staðið þar sem tóftirnar af Koti eru.

Allmikill tóftahóll er á milli ræktaðra túna austur af rétt og norðaustur af svokölluðum Hringhúsum [39-14].

Lýsing

Á hólnum eru greinilegar leifar tóftabrota sem eru þó mjög óljósar vegna gróðurs. Hóllinn er vel sléttur og virðist vera húsgrunnur á honum og jafnvel eldri tóftir undir. Mikill arfi og elfting en einnig puntur. Tóftasvæðið er um 31 x 18 m.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá fyrir Hauksstaði. Jakob Einarsson skráði (Ritað eftir handriti Friðbjörns Kristjánssonar). Örnefnastofnun Íslands.

Hauksstaðir 156482 39 - 42

(7. mynd)

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Tóft

Staðsetning:

X : 679634,88

Y : 579943,02


Lengd: 3 m

Breidd: 6 m

Ástand: Gott

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Vegaf framkvæmdir, ábúð



Staðhættir

Ofan eða austan við veginn á leiðinni til Hauksstaða er lágur hóll og ofan á honum varða og í hlið hans er tóft.

Lýsing

Í norðvestur hlið hólsins er tóft sem liggur í halla. Tóftin er tvískipt, hugsanlega lítil stekkjartóft. Hún nær alveg upp að vörðunni. Hún er 3 x 6 m að utanmáli.

Búastaðir 156450 41 - 15

(7. mynd)

Sérheiti: Steinn/Tungusteinn

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garður

Staðsetning: X : 680411,25 Y: 580306,57

Lengd: 30 m

Ástand: Gott

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Vegaframkvæmdir, ábúð

Staðhættir

„Tungusteinn, nokkuð stórkarlalegur og ábúðarmikill stendur þar í Tungunni og spölkorn neðan við hann kúra nokkrar vallgrónar tættur sels eða afbýlis, sögulausar og þöglar sem steinninn er, og vallargarður í kring. Ef til vill eru þarna minjar eyðibýlis sem Olavíus getur í Vopnafirði, en enginn veit nú deili á. Það hét Steinn” (Sjm, 108).

Norðaustan við Oddsgil þar sem 2 veglínur Hofshálslínu koma niður á veginn eru tóftir, útihúsa og garðlag til norðausturs frá þeim.

Lýsing

Til norðausturs frá tóftunum liggur garðlag í átt að veginum (átt er við veg sem liggur inn að Hauksstöðum). Garðurinn er algróinn um 40 sm á hæð. Hann er um 30 m að lengd og liggur lítil renna eða hugsanlega gamall lækjarfarvegur meðfram honum. Punktur tekinn við norðausturenda hans.

Heimildaskrá

Sveitir og jarðir í Múlaþingi I, 1974, bls.107-110. Búnaðarsamband Austurlands.

Búastaðir 156450 41 - 14

(7. mynd)

Sérheiti: Steinn/Tungusteinn

Hlutverk: Útihús

Tegund: Tóftaþyrping

Staðsetning: X : 680391,88 Y: 580242,02

Lengd: 14 m

Breidd: 8 m

Ástand: Gott

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Vegaframkvæmdir, ábúð

Heimildamaður: Hólmfríður Ófeigsdóttir

Staðhættir



5 m

„Tungusteinn, nokkuð stórkarlalegur og ábúðarmikill stendur þar í Tungunni og spölkorn neðan við hann kúra nokkrar vallgrónar tættur sels eða afbýlis, sögulausar og þöglar sem steinninn er, og vallargarður í kring. Ef til vill eru þarna minjar eyðibýlis sem Olavíus getur í Vopnafirði, en enginn veit nú deili á. Það hét Steinn” (Sjm, 108).

Norðaustan við gilið þar sem 2 veglínur Hofshálslínu koma niður á veginn eru tóftir, útihúsa um 110 m í suður frá veginum. Hólmfríður Ófeigsdóttir bóndi á Búastöðum sagði að talið hefði verið að þarna gæti verið fornbylíð Steinn en það nafn væri einnig þekkt utar í Vopnafirði.

Lýsing

Útlit og gróðurfar á tóftunum bendir til að þær séu nokkuð gamlar. Þær liggja saman og er norðaustari tóftin nokkuð stærri. Veggir eru um 2ja m breiðir og hæð þeirra um 75 sm. Inn í tóftinni virðast vera tvö stærri herbergi og tvö minni. Tvennar dyr eru á tóftinni og snúa báðar til suðausturs.

Suðvestan við er samliggjandi tóft. Hún nær út að gilbrúninni. Veggir eru hæstir rúmlega 1 m og breidd þeirra er um 1-1,5 m. Engir greinilegir innveggir eru í tóftinni (A680365,50/N580232,72).

Heimildaskrá

Sveitir og jarðir í Múlaþingi I, 1974, bls.107-110. Búnaðarsamband Austurlands.

Búastaðir 156450 41 - 4

(13. mynd)

Hlutverk: Beitarhús

Tegund: Tóft

Staðsetning: X : 680927,99 Y: 581254,99

Lengd: 18 m

Breidd: 17 m

Ástand: Gott

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Vegaframkvæmdir


Heimildamaður: Hólmfríður Ófeigsdóttir

Staðhættir

Í búskaparannál í Sveitum og jörðum segir: „Beitarhús tvenn. Hringhús skammt utan við bæ aflögð um 1894.

Önnur inn af bæ til '58, og tún við, 3ha” (Sjm, 109).

Tóftir beitarhúsa er við veginn suður af bænum Fremri-Hlíð og sagði Hólmfríður Ófeigsdóttir bóndi á Búastöðum húsin hafa verið byggð 1880 og notkun hætt um eða rétt fyrir 1960.



10 m

Lýsing

Tóftin stendur nokkuð vel en veggir eru þó teknir að falla á nokkrum stöðum. Utanmál tóftar er 18 x 17 m. Grjót- og torfhleðslur eru vel greinilegar en veggir þó orðnir nokkuð grónir, veggheðslur sjást mjög vel í hlöðu. Tóftin samanstendur af tvöföldu fjárhúsi með hlöðu til norðvesturs og einu húsi enn til norðausturs. Timbur og bárujárn er í tóftinni. Tóftin liggur norðvestur/suðaustur.

Heimildaskrá

Sveitir og jarðir í Múlaþingi I, 1974, bls.107-110. Búnaðarsamband Austurlands.

Vakursstaðir 156534 35 - 29

(13. mynd)

Sérheiti: Gröf

Hlutverk: Torfbrú

Tegund: Brú

Staðsetning: X : 684686, 98 Y: 584416,06

Lengd: 9 m

Breidd: 2 m

Ástand: Gott

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Vegaframkvæmdir

Staðhættir

Brúin liggur yfir lítið sund af þýfðu mólendi, hól yfir á votengjar, efst í votum geira upp af Gröf. Undir brúna rennur lækur úr votlendinu ofan við.

Lýsing

Torfræsi/engjabrú. 9 m löng og 2 m breidd. Hæst um 60 sm við neðri kant en 10-40 sm við efri kantinn.

Vakursstaðir 156534 35 - 30

(13. mynd)

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðsetning: X : 684673,40 Y: 584427,67

Lengd: 3 m

Breidd: 4 m

Ástand: Gott

Hættumat: Lítil hætta


Hættuorsök: Vegaframkvæmdir, ábúð

Staðhættir

Á melunum austur af Gröf eru tvær tóftir.

Lýsing

Tóftirnar eru nokkuð gamlar að sjá og eru vaxnar



grasi, lyngi og mosa. Sú minni liggur suðaustur af stærri tóftinni. Hún er 2 x 2 m að innanmáli. Hún er hálfhringlaga með dyr sem snúa mót austri. Hæð veggja er um 40 sm og mesta breidd 1 m.

Vakursstaðir 156534 35 - 31

(13. mynd)

Sérheiti: Gröf

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðsetning: X : 684666,09 Y : 584431,94

Lengd: 3 m

Breidd: 11 m

Ástand: Gott

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Vegaframkvæmdir, ábúð

Staðhættir

Á melunum, tæplega 100 m austur af Gröf eru tvær tóftir.

Lýsing

Tóftirnar eru nokkuð gamlar að sjá og eru vaxnar grasi, lyngi og mosa. Stærri tóftin er 3 m á breidd og virðist vera 11 m á lengd en hluti tóftar er mjög óglöggur að sjá. Mesta breidd veggja er um 1 m og veggir eru hæstir um 40 sm.

Vakursstaðir 156534 35 - 13

(13. mynd)

Sérheiti: Gröf

Hlutverk: Beitarhús

Tegund: Tóft

Staðsetning: X : 684500,78 Y : 584470,20


Lengd: 25 m

Breidd: 10 m

Ástand: Gott

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Vegaframkvæmdir, ábúð



Staðhættir

„Undir V[akursstaði] heyrir nú eyðibýlið Gröf austan Vesturdalsár. Það er ekki byggt 1703 og hefur verið í eyði frá Móðuharðindum (talið eyðibýli 1785)” segir í Sveitum og jörðum (Sjm, 96). Í örnefnaskrá segir: „Landið austan Vestradalsár er gamalt býli, er hét Gröf (eða Gróf). Var það keypt og lagt undir Vakursstaði á fyrri hluta 19. aldar” (ÖJE, 2).

Í örnefnaskrá segir einnig: „Grafarmelur utan við Grafarlækinn. Gróf (gamla býlið) framan við hann, nú beitarhús, með túni í kring” (ÖJE, 2).

Tæplega 230 m suðvestur af Þjóðveginum og tæpa 800 m suðaustur af Vakursstöðum er hóll, 80 x 95 m að utanmáli, og á honum norðvestanverðum eru tóftir beitarhúsa sem samkvæmt örnefnaskrá eru þau byggð þar sem áður stóð býlið Gröf.

Lýsing

Tóftin er 25 x 10 m að ummáli. Mesta hæð veggja er 2 m frá gólfi og mesta breidd þeirra er 2 m. Tóftin er vel gróin, mikið þýfð en sér í grjóthleðslur í veggjum. Nokkuð er hrúnið úr veggjum.

Heimildaskrá

Sveitir og jarðir í Múlaþingi I, 1974, bls.95-98. Búnaðarsamband Austurlands.

Örnefnaskrá Vakursstaða. Jakob Einarsson skráði (Heimildarmenn: Sigurður Pétursson ofl). Örnefnastofnun Íslands.

Vakursstaðir 156534 35 - 32

(13. mynd)

Sérheiti: Gröf

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Staðsetning: X : 684522,39 Y: 584416,13

Lengd: 230 m

Ástand: Gott

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Vegaframkvæmdir, ábúð

Staðhættir

Umhverfis hólinn þar sem Gröf (156534 35 - 13) liggur túngarður.

Lýsing

Garðurinn er vel greinilegur næstum hringinn í kringum hólinn en á norðurhlið hólsins er hann slitróttur og víða horfinn eða hlaupinn í þúfur. Garðurinn þar sem hann er greinilegur er um 230 m að lengd.

Vakursstaðir 156534 35 - 33

(13. mynd)

Sérheiti: Gröf

Tegund: Tóft

Staðsetning: X : 684563,11 Y: 584440,71

Lengd: 4 m

Breidd: 5 m

Ástand: Gott

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Vegaframkvæmdir, ábúð

Staðhættir

Austan við hól þann sem Gröf stendur á er tóft, tæplega 4 m austur af túngarðinum. Austan tóftarinnar tekur við mýri.

Lýsing

Tóftin virðist nokkuð gömul, utanmál hennar er 4 x 5 m og veggjalög eru óljós, gæti verið náttúrulegt.

Vakursstaðir 156534 35 - 34

(13. mynd)

Sérheiti: Gröf

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðsetning: X : 684608,44 Y : 584487,62

Lengd: 6 m

Breidd: 4 m

Ástand: Gott

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Vegaframkvæmdir, ábúð

Staðhættir

Í hvamminum um 60 m austur af hólnum sem beitarhúsin á Gröf standa á, er tóft undir brekkunni.

Lýsing

Tóftin er vel gróin, dyr snúa til vesturs. Utanmál hennar er 6 x 4 m. Mesta hæð veggja er 40 sm og mesta breidd þeirra er 70 sm.

Vakursstaðir 156534 35 - 35

(13. mynd)

Sérheiti: Gröf

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðsetning: X : 684375,70 Y : 584526,74


Lengd: 7 m

Breidd: 5 m

Ástand: Gott

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Vegaframkvæmdir, ábúð



Staðhættir

Um 120 m norðvestur af Gröf, á suðurbakka lækjar þess sem rennur sunnan við hólinn sem Gröf stendur á, er tóft.

Lýsing

Tóftin er algróin og nokkuð þýfð. Hún er tvískipt. Dyr eru til suðurs og á minni hluta tóftar eru dyr til suðvesturs. Breidd veggja er um 70-100 sm og hæð þeirra um 50 sm. Tóftin er um 7 x 5 m að utanmáli.

Vakursstaðir 156534 35 - 36

(13. mynd)



Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðsetning: X : 684309,61 Y: 584312,60

Lengd: 7 m

Breidd: 11 m

Ástand: Gott

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Vegaframkvæmdir, ábúð

Staðhættir

Rúmlega 200 m suðvestur af Gröf liggur mýrarsund sem nefnt er Gonta (ÖJE, 2) milli tveggja mela og í honum eru 2 tóftir. Tóftin sem liggur lengra til suðvesturs er 20 m ofan eða vestan við læk sem rennur milli melanna.

Lýsing

Tóftin virðist tvískipt með dyr til suðausturs. Tóftin er algróin og mjög þýfð. Utanmál tóftar er 7 x 11 m. Mesta breidd veggja er tæpir 3 m og mesta hæð þeirra er um 50 sm. Tóftin liggur norðaustur/suðvestur.

Heimildaskrá

Vakursstaðir 156534 35 - 37

(13. mynd)

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðsetning: X : 684333,56 Y: 584361,43

Lengd: 6,5 m

Breidd: 9 m

Ástand: Gott

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Vegaframkvæmdir, ábúð



Staðhættir

Tæplega 170 m suðvestur Gröf liggur mýrarsund sem kallað er Gonta (ÖJE, 2) milli tveggja mela og í honum eru 2 tóftir. Tæplega 50 m norðaustur af tóft nr. 156534 35 - 36 er önnur tóft sem liggur rúma 20 m norðvestan við lækinn.

Lýsing

Tóftin er 8 x 8 m að utanmáli. Veggir eru um 45 sm að hæð frá gólfi. Breidd veggja er óviss þar sem tóftin er mjög þýfð og fremur erfitt er að átta sig á innra skipulagi.

Norður-Skálanes 156507 42 - 23

(14. mynd)

Hlutverk: Útihús

Tegund: Tóftarleifar

Staðsetning: X : 689408,68

Y: 589995,10

Ástand: Gott

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök:

Vegaframkvæmdir, þéttbýli

Staðhættir

Á norðanverðum Tanganum rúman kílómetra í suðvestur frá Vopnafjarðar kaupúni er hesthús og norðan þess leifar tófta.

Lýsing

Einhverjar tóftarleifar misgreinilegar eru á svæðinu við hesthúsið. Upp við hesthúsið sjálf eru leifar af

torf- og grjóthlöðnum tóftarvegg en aðrar ógreinilegri leifar eru einnig á svæðinu umhverfis. Þarna hafa líklega staðið einhverjar útihúsatóftir á 20. öld.



Mynd 18. Leifar af tóft við hesthús.

Norður-Skálanes 156507 42 - 24

(14. mynd)

Hlutverk: Rétt

Tegund: Tóft

Staðsetning: X : 690752,28

Y: 591165,74

Ástand: Gott

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Vegaframkvæmdir, þéttbýli



Staðhættir

Klettur er meðfram veginum sem liggur úr Vesturárdal að austanverðu og eru þar leifar réttar, upp við girðingu sem liggur til austurs og liggur veggur í boga í norðurátt frá girðingunni að klettunum og mynda þannig þríhyrnda rétt. Við suðausturhornið er nýlegur matjurtagarður (E690763,24/N591153,65).

Norður-Skálanes 156507 42 - 25

(14. mynd)

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðsetning: X : 690995,07 Y: 591332,95

Lengd: 8

Breidd: 3

Ástand: Gott

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Vegaframkvæmdir, þéttbýli



Staðhættir

Tóftir eru við klöpp í mólendi á Tanganum, rúma 70 m norðaustur af húsi vegagerðarinnar.

Lýsing

Klöppin er um 8 m löng og 3m breið og rúmlega 1m há. Slétt til suðausturs að mestu, þar er tóft eða hólf sem er 3 m langt til norðausturs, 4 m til suðausturs, 4 til suðvesturs og 3 til norðvesturs. Annað minna hólf er norðaustur af klöppinni 3 x 2 keilulaga, mjóst til norðausturs. Dyr eru og snúa mót suðaustri eins og á stærri tóftinni/hólfinu.

Norður-Skálanes 156507 42 - 26

(14. mynd)

Hlutverk: Mógrafir

Tegund: Mógrafir

Staðsetning: X : 691071,91 Y: 591495,03

Ástand: Gott

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Vegaframkvæmdir, gróður

Staðhættir

Tæplega 300 m norðvestur af Vopnafjarðarkauptúni er skógræktarsvæði og í suðaustur jaðri hennar eru mógrafir.

Norður-Skálanes 156507 42 – 27

(14. mynd)

Hlutverk: Mógrafir

Tegund: Mógrafir

Staðsetning: X : 691072,97 Y: 591493,98

Ástand: Gott

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Vegaframkvæmdir, gróður

Staðhættir

Tæplega 300 m norðvestur af bænum er skógræktarsvæði og í suðaustur jaðri hennar eru mógrafir. Svæðið er mjög gróið trjágróðri.

Leiðarhöfn 156500 43 - 26

(14. mynd)

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðsetning: X : 691290,26 Y: 591408,46

Lengd: 6,5

Breidd: 6

Ástand: Gott

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Vegaframkvæmdir, þéttbýli



Staðhættir

Við útmörk bæjarins rúma 22 m suður af vegi sem liggur til norðvesturs frá vegi til Leiðarhafnar og 250 m í norðvestur frá suðvesturhorni kirkjugarðsins er tóft.

Lýsing

Tóftin er ferhyrnd 6,5 x 8 m að utanmáli. Engar dyr sjást á tóftinni. Veggir eru um 110 sm á hæð og breidd þeirra er um 1-1,5 m.



Leiðarhöfn 156500 43 - 27

(14. mynd)

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Húsgrunnur

Staðsetning: X : 691312,00 Y: 591394,56

Lengd: 5

Breidd: 6

Ástand: Gott

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Vegaframkvæmdir, þéttbýli

Staðhættir

Um 30 metra suðaustur af tóft hér að framan (182017 – 44) er 5 x 6 m stór sléttur grunnur, hugsanlega undan kofa. Vel gróinn, sléttur að ofan.

Leiðarhöfn 156500 43 - 17

(14. mynd)

Hlutverk: Útihús

Tegund: Tóft

Staðsetning: X : 691495,65 Y: 591262,80

Lengd: 2,5 m

Breidd: 4,5 m

Ástand: Gott

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Vegaframkvæmdir, þéttbýli

Staðhættir

6 m vestur af bílastæðinu við kirkjugarðinn og 22 m frá suðvestur horni kirkjugarðsins er tóft, hugsanlega útihúss.

Lýsing

Tóftin er algróin 2,5 x 4,5 m að utanmáli með litlar dyr til suðurs. Hæð veggja er um 60 sm og breidd um 100 sm.

Leiðarhöfn 156500 43 - 18

(14. mynd)

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðsetning: X : 691474,54 Y: 591268,76

Lengd: 8 m

Breidd: 4 m

Ástand: Gott

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Vegaframkvæmdir, þéttbýli


Staðhættir

Um 20 m vestur af tóft (156500 43 - 17) og 30 m suðvestur af túngarðinum er önnur tóft, hugsanlega útihúsatóft.

Lýsing

Tóftin algróin og veggir teknir að hrynja. Dyr virðast vera mót austri. Veggir eru hæstir 1,5 m að breidd og 70 sm að hæð, heldur hærri upp í hlíðina til norðvesturs og lægstir við norðaustur enda tóftar. Ummál tóftar er 8 x 4 m.

Tóftir á Tanga, við kirkjugarð



Mynd 19. Tóftir í nágrenni kirkjugarðs yst í Vopnafjarðarkauptúni. Kort.GZ.

Leiðarhöfn 156500 43 - 19

(14. mynd)

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Tóft

Staðsetning: X : 691466,89 Y: 591174,46

Lengd: 14 m

Breidd: 18 m

Ástand: Gott

Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegaframkvæmdir, þéttbýli
Heimildamaður: Gunnar Sigmarsson

Staðhættir

Fjárhús hefur staðið suðvestanvert í túninu, um 35 m norðnorðvestur af horni rauðs bárujárnshúss sem heitir Gata og 40 m norðaustur af spennustöð RARIK. Samkvæmt heimildarmanni Gunnari Sigmarssyni á Vopnafirði er líklegt að þetta séu fjárhúsin frá býlinu Götu yst í bænum.

Lýsing

Tóftin er vel greinileg en mikið gróin og því erfitt að greina innviði tóftar. Tóftin liggur austur/vestur og er þrískipt og dyr á öllum húsum. Ummál hennar er 14 x 18 m. Mesta hæð veggja frá gólfi er 140 sm og mesta breidd þeirra er um það bil 250 sm. Norðan við bæinn er matjurtagarður.

Leiðarhöfn 156500 43 -20

(14. mynd)

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Garður

Staðsetning: X : 691464,98 Y: 591204,38

Lengd: 20 m

Breidd: 17 m

Ástand: Gott

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Vegaframkvæmdir, þéttbýli

Staðhættir

Tæplega 10 m norður af fjárhústóftinni hefur verið matjurtagarður 20 x 17 m að utanmáli.

Leiðarhöfn 156500 43 - 21

(14. mynd)

Hlutverk: Kofi

Tegund: Tóft

Staðsetning: X : 691467,99 Y: 591234,01

Lengd: 1m

Breidd: 1 m

Ástand: Gott

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Vegaframkvæmdir, þéttbýli

Staðhættir

Milli tóftasvæðanna tveggja eru tóftir lítils kofa um 1 x 1 m að utanmáli, örlítið niðurgrafið

Leiðarhöfn 156500 43 - 22

Hlutverk: Brunnur

Tegund: Brunnur

Staðsetning: X : 691488,98 Y: 591205,05

Lengd: 1m

Breidd: 1 m

Ástand: Gott

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Vegaframkvæmdir, þéttbýli

Staðhættir

Við veginn sem liggur að kirkjugarðinum, tæplega 80 m suður af honum, er brunnur um 1 x 1 m að ummáli. Ekki hefur verið byrgt fyrir brunninn og enn sér í vatn um það bil 50 sm djúpt, ekki sér í neinar hleðslur.

Leiðarhöfn 156500 43 - 23

(14. mynd)

Hlutverk: Rétt

Tegund: Tóft

Staðsetning: X : 691496,97 Y: 591278,38

Lengd: 15 m

Breidd: 10 m

Ástand: Gott

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Vegaframkvæmdir, þéttbýli

Staðhættir

Við norðvesturhorn kirkjugarðsins eru tóftir gripheldis sem liggur áföst norðausturhorni túngarðsins.

Lýsing

Dyr eru á réttinni til norðurs. Utanmál er um 15 x 10 m, mesta hæð veggja er um 1 m og breidd um 50 sm. Tóft er innan í gripheldinu um 3 x 8 m að utanmáli.

Leiðarhöfn 156500 43 - 24

(14. mynd)

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðsetning: X : 691452,32 Y: 591291,66

Lengd: 18 m

Breidd: 14 m

Ástand: Gott

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Vegaframkvæmdir, þéttbýli

Staðhættir

Um það bil 50 m vestur af kirkjugarðshorninu eru tóftir efst undir brekkubrún.

Lýsing

Hæð veggja frá gólfi um það bil 70 sm en 150 sm þar sem hæst er, undir brekkunni. Ummálið er um 18 x 14 m. Tóftin er nokkuð óljós í laginu og virðist sem einhverja veggjanti. Mikið gróið og erfitt að átta sig á breidd veggja og einnig eru þeir ekki greinilegir þar sem tóftin er grafin inn í brekkuna. En þar sem veggir eru greinilegir er breidd þeirra um 50 sm. Einn hornstaur úr timbri sést og einnig er smá bárujárn í tóftinni.

Leiðarhöfn 156500 43 - 25

(14. mynd)

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Staðsetning: X : 691496,20 Y : 591233,29

Lengd: 143 m

Ástand: Gott

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Vegaframkvæmdir, þéttbýli

Staðhættir

Garður liggur meðfram veginum að kirkjunni til norðurs og beygir við suðvesturhorn kirkjugarðsins til vesturs. Hann er um 143 m á lengd vera kann að þarna hafi verið hlaðið undir girðingu.

Leiðarhöfn 156500 43 - 12

(14. mynd)

Hlutverk: Íshús

Tegund: Tóft

Staðsetning: X : 691577,73 Y : 591215,97

Lengd: 18

Breidd: 19

Ástand: Gott

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Vegaframkvæmdir, þéttbýli

Heimildamaður: Gunnar Sigmarsson

Staðhættir

Í Örnefnaskrá segir: „Íshústótt og Íshústjörn voru ofan við Höfða og Kamb. Um langan tíma var þar torfhús með þykkum veggjum og þaki, og í það safnað ís og snjó að vetrinum, sem síðan var seldur til kælingar á fiski í fiskibátum að sumrinu” (ÖHG, 6).

Lýsing

Ferhyrnd tóft, 18 x 19 m að utanmáli liggur við veginn inn að Leiðarhöfn, rúma 40 m suðaustur af kirkjugarðinum.

Heimildaskrá

Viðbót við örnefnaskrá fyrir Leiðarhöfn. Helgi Gíslason skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Leiðarhöfn 156500 43 - 26

(14. mynd)

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðsetning: X : 691487,68 Y: 591340,45

Lengd: 17 m

Breidd: 10 m

Ástand: Gott

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Vegaframkvæmdir, þéttbýli

Staðhættir

Um 50 m vestan og ofan kirkjugarðs er tóftarupphækkun. Erfitt var að greina lögun nákvæmlega vegna gróðurs en veggjalög voru þó ekki vel greinileg. Þarna eru þó sýnilegar einhverjar mishæðir sem benda til veggja.

Samantekt

Við fornleifaskráningu á vettvangi vegna mats á umhverfisáhrifum vegagerðar eru gengnar þær veglínur sem fyrirhugaðar eru og skráðar allar fornleifar sem eru í 100 m fjarlægð frá miðlínu vegar (sbr. lög um mat á umhverfisáhrifum frá árinu 2000 nr. 106 25. maí/3. viðauki. iii, c).

Í heild voru skráðar þrjár aðalleiðir og ein aukaleið: Hofsárdalsleið sem greinist í tvær leiðir á ytri hluta leiðarinnar, Hofsárdalsleið Einarstaðamegin og Hofsárdalsleið Bustarfellmegin, Vesturárdalsleið og Hofshálsleið. Aukaleið milli Vesturárdals og núverandi Norðausturvegar um Bustarfellsbrekkur er kölluð Millidalaleið.

Alls voru skráðar 151 minjar, sem skiptast þannig eftir leiðum:

1. tafla. Fjöldi skráðra fornleifa eftir fyrirhuguðum veglínunum.

Leið	Fjöldi
Hofsárdalsleið	50
Vesturárdalsleið yfir Hofsháls	26
Millidalaleið	1
Vesturárdalsleið	74
Samtals	151

Af þessum 151 minjum eru 84 þeirra um eða innan við 50 m frá framkvæmdasvæðum þar af eru 48 innan 20 m frá útbrún vegar eða efnistökusvæðum og 25 minjar koma til með að lenda undir vegi eða eru á efnistökusvæðum skv. loftmynd frá Vegagerðinni. Aðrar fornleifar á leiðunum eru rétt við eða innan 100 m frá framkvæmdasvæðum og taka þarf tillit til við framkvæmdirnar þótt þær teljist ekki í mikilli hættu vegna þeirra.

Hér eftir fylgir listi yfir þær fornleifar sem fundust við vettvangsskráningu og eru í eða mjög nærri mögulegum framkvæmdasvæðum. Listi yfir minjarnar eru í töflum 2-6 og er skipt niður á einstaka veglínur. Einnig er gerð tillaga að mívægisaðgerðum og verndun minjanna.

Aðrar minjar sem liggja fjær framkvæmdasvæðum en eru innan hundrað metra frá þeim eru svo í lista yfir hnit sem fylgir, ásamt kortum, aftast í skýrslunni. Þær minjar eru ekki taldar í verulegri hættu vegna framkvæmdanna en taka ber tillit til þeirra við framkvæmdir.

Minjar í og við framkvæmdasvæði /mótvægisáðgerðir

Við margar af þeim minjum sem hér eru skráðar er nægilegt að sérstaklega sé tekið tillit til þeirra við skipulagningu framkvæmdasvæða, vega til og frá efnistöðum o.s.frv. Sumar minjanna í nágrenni eða jaðri framkvæmdasvæða þyrfti að merkja til að komast hjá því að þær verði fyrir skemmdum vegna umferðar stórra vinnuvéla. Sumar minjanna eru svo í eða við veglínu og koma til með að vera í beinni hættu vegna framkvæmdanna. Allar framkvæmdir sem kunna að valda skaða á minjum ber að tilkynna til Fornleifaverndar ríkisins sem tekur ákvarðanir um mótvægisáðgerðir og veitir ef við á leyfi til að fjarlægja eða hylja minjar skv. 10 gr. Þjóðminjalaga nr 107, 2001.

Helstu mótvægisáðgerðir væru

- Að hnika til veglínu þar sem það er mögulegt eða fýsilegt sökum kostnaðarauka.
- Heildaruppgröftur og/eða uppmæling fornleifa áður en vegurinn er lagður.
- Könnunarskurðir og nákvæm uppmæling til að kanna aldur og gerð minjanna sem síðan yrðu fjarlægðar eða huldar með leyfi Fornleifaverndar.
- Minjarnar yrðu fjarlægðar eða huldar með leyfi Fornleifaverndar án frekari fornleifarannsóknar.
- Framkvæmdaefirlit þar sem fornleifafræðingur fylgist með framkvæmdum á viðkvæmum svæðum þar sem fornleifar kunna að vera í hættu.

Hér eftir fylgja tillögur að mótvægisáðgerðum en hafa ber í huga að hér er einungis um tillögur að ræða. Fornleifavernd ríkisins ákvarðar nánar til hvaða áðgerða verður gripið til verndar minjum og einnig með hvaða skilyrðum leyfi til að hylja eða fjarlægja minjar eru háð.

Hér eftir koma töflur sem sýna fornleifar sem liggja um eða undir 50 m frá framkvæmdasvæðum. Minjar sem merktar eru með gulu liggja innan 20 m frá framkvæmdarsvæðum en minjar merktar með grænu eru á milli 20 og 50 m. Hér skal tekið fram að allar tölur um fjarlægðir miðast við upplýsingar um legu framkvæmdasvæða á kortum frá Vegagerðinni. Gefin er upp fjarlægð minjanna frá framkvæmdasvæði og er þar átt við fjarlægð frá útlínum veglínu, skeringa, fyllinga, fláa og efnistökuastaða. Minjar eru sagðar í veglínu ef þær lenda innan ystu marka framkvæmdasvæða.

Hofsárdalsleið Einarstaðamegin:

Í töflu 2 eru sýndar minjar sem eru innan við 50 m frá framkvæmdasvæði, veglínum, fláum, skeringum eða efnistökusvæðum.

Veglína/Jörð	Númer	Tegund	Fjarlægð í metrum frá framkvæmdasvæði	Mynd aftast í skýrslu
Hofsárdalsleið Einarstaðamegin				
Brunahvammur	156449 52 - 40	Leið	Í veglínu	1
	156449 52 - 43	Varða	7	1
	156449 52 - 44	Varða	Í veglínu	1
	156449 52 - 45	Tóft	4	1
	156449 52 - 46	Varða	Í veglínu	1
	156449 52 - 47	Stekkur	15	1
	156449 52 - 48	Varða	19	1
Hof/Tungusel	156484 48 - 52	Bústaður	Í veglínu	2 og 3
	156484 48 - 54	Beitarhús	Í veglínu	2 og 3
	156484 48 - 56	Túngarður	Í veglínu	2 og 3
	156452 48 - 96	Garður	Í veglínu	2 og 3
	156452 48 - 99	Tóft	Í veglínu	2 og 3
	156452 48 - 100	Tóft	16	2 og 3
	156452 48 - 101	Tóft	48	2 og 3
	156452 48 - 102	Tóft	31	
	156452 48 - 103	Tóft	36	
Einarstaðir	156484 53 - 20	Leið	22	2 og 3
	156484 53 - 31	Fjánhús	16	4
	156484 53 - 21	Kofi	7	4
	156484 53 - 2	Fjánhús/hlaða	28	4
	156461 53 - 22/23	Fjánhús	30	4
	156461 53 - 25	Stekkur	12	4
	156461 53 - 26	Kofi	18	4
	156461 53 - 24	Beitarhús	Í veglínu	4
Þorbrandsstaðir	156538 54 - 11	Beitarhús	20	6
	156538 54 - 41	Túngarður	Í núverandi veglínu	6
	156538 54 - 10	Býli	17	6
Teigur	156530-49-28	Rétt/Nátthagi	12	6

Tafla 2. Hofsárdalsleið, minjar innan 50 metra frá framkvæmdasvæði. Minjar merktar með gulu liggja innan 20 m en með grænu milli 20 og 50 m.

Alls eru 36 minjar innan 50 m frá framkvæmdasvæðum á þessari leið. Nítján þeirra liggja innan 20 m frá veglínu og þar af eru 11 í veglíunni sjálfri.

- **Leið 156449 52 – 40** liggur rétt sunnan væntanlegs vegar. Leiðin liggur samsíða ánni að norðanverðu og svo út dalinn sunnanverðan. Annar gps punktur var tekinn á leiðinni rétt austan Tunguár. Þarna er um að ræða gamla póstleið/alfaraleið sem lá niður af heiðinni niður í Vopnafjörð. Væntanlegur vegum mun koma til með að liggja yfir þessa leið á nokkrum stöðum og þarf að sækja um leyfi til Fornleifaverndar að fá að hylja leiðina.

- **Varða 156449 52 – 43** er samkvæmt loftmynd um 7 m sunnan fláa á veginum. Sé nauðsynlegt að fjarlægja vörðuna vegna framkvæmdanna ber að sækja um leyfi til þess til Fornleifaverndar.
- **Varða 156449 52 – 44** er innan fláa á veginum. Varðan er hlaðin ofan á stóran stein en tilgangur hennar er ekki þekktur. Varðan er ekki mjög vönduðu smíð og aldur hennar óviss. Sækja þarf um leyfi til Fornleifaverndar sé sýnt að fjarlægja þurfi vörðuna.
- **Tóft 156449 52 – 45** liggur rétt norðan við fláa á veginum. Tóftin er vel gróin og ekki sjást á henni neinar dyr. Vera kann að hér sé um einhverskonar heytóft að ræða. Ef hægt væri að minnka fláann eitthvað á þessum stað gæti tóftin sloppið en þó þyrfti að merkja hana greinilegum hætti vegna nálægðar við framkvæmdasvæðið. Sé ekki hægt að breyta veglínu þarf að sækja um leyfi til að hylja eða fjarlægja tóftina að undangenginni fornleifakönnun.
- **Varða 156449 52 – 46** verður innan fláa á veginum. Varðan er hlaðin ofan á stóran náttúrustein og er um 1 m á hæð. Sækja þarf um leyfi til Fornleifaverndar sé sýnt að fjarlægja þurfi vörðuna.
- **Stekkur 156449 52 – 47** liggur um 15 m sunnan veglínu á suðurbakka lækjar. Merkja þarf stekkin eða girða af á áberandi hátt þannig að hann verði ekki fyrir skemmdum af völdum framkvæmda eða umferðar við framkvæmdasvæðið.
- **Varða 156449 52 – 48** er 19 metrum norðar við væntanlegt efnistökusvæði. Sækja þarf um leyfi til Fornleifaverndar sé sýnt að fjarlægja þurfi vörðuna
- **Tungusel** var býli á 19 öld og þar voru beitarhús og skilarétt fram á 20 .öldina. Töluverðar minjar eru á Tunguseli, túngarður, garðlög og tóftir. Margar minjanna bera þess merki að þarna hefur verið býli fyrr á öldum, jafnvel aftur á miðöldum. Vegurinn eins og hann er skipulagður mun liggja yfir nyrsta hluta minjasvæðisins þar á meðal gamla bæjarhólinn að hluta eða mestöllu leyti. Minjar sem eru í og fast við framkvæmdasvæðið eru **bæjarhóll 156484 48 – 52**, **beitarhús 156484 48 – 54**, **túngarður 156484 48 – 56**, **garðlag við túngarð 156452 48 – 96** og **tóft 156452 48 – 99**, **156452 48 – 102**, **156452 48 – 103**. Segja má að allt minjasvæðið sé innan áhrifasvæðis framkvæmdanna. Æskilegast væri að veglínan yrði færð frá bæjarstæðinu og minjarnar afgirtar eða merktar á augljósan hátt. Einnig þyrfti fornleifafræðingur að hafa eftirlit með framkvæmdunum á meðan veglagningu stendur í nágrenni Tungusels. Ef færsla vegar er ekki möguleiki þarf að fá álit Fornleifaverndar um framhald verksins. Nánari fornleifarannsókn yrði óumflýjanleg og kynni hún að verða nokkuð umfangsmikil og kostnaðarsöm framkvæmd miðað við legu vegar eins og hann er skipulagður núna.
- **Leið 156484 53 – 20**. Austan Tunguár var skráður annar punktur á almannaleið eða póstleið sem einnig var skráð innan Brunahvamms **Leið 156449 52 – 40**. Þessi gata liggur út með suðurhlið dalsins
- **Fjárhús eða 156484 53 – 31** liggur um 16 m ofan (sunnan) veglínunnar í hvammi austan Tunguár. Með því að afgirða tóftina eða merkja á annan áberandi hátt má forða henni frá skemmdum vegna veglagningarinnar eða umferð um svæðið.
- **Beitarhúsagrund** liggur ofan (sunnan) veglínu í landi Einarstaða. Þar eru fjórar tóftir sem tilheyra beitarhúsum er þar stóðu. Minjarnar liggja á sléttri flöt ofan brekku sem vegurinn á að liggja um. Töluverðar skeringar fylgja veginum á

- Þessum stað og er neðsta tóftin á svæðinu **kofi 156484 53 – 21** einungis um 7 m ofan við skeringar. Aðrar tóftir á svæðinu eru um 30 m ofan við og teljast vart í hættu. Ef sýnt þykir að ekki sé hægt að hnika veglínu eilítið til norðurs og að fjarlægja þurfi kofatóftina þarf að fá leyfi frá Fornleifavernd til þess og hún gerir kröfur um undangengna fornleifarannsókn ef þurfa þykir. Ef ekki þarf að fjarlægja tóftina þarf að merkja hana og aðrar tóftir á svæðinu vel.
- **Stekkur 156461 53 – 25** stekkur liggur rétt vestan Krákár norðan undir mel sem merktur er sem efnistökusvæði á loftmynd og um 10 m sunnan við væntanlega veglínu. Stekkurinn er mjög nærri framkvæmdasvæðinu og í mikilli hættu af þess völdum. Æskilegast væri að veglínunni væri hnikað eitthvað til norðurs til að hlífa tóftinni. Að öðrum kosti þyrfti að merkja tóftina greinilega og má þá líklega komast hjá því að hún verði fyrir skemmdum vegna framkvæmdanna.
 - **Kofi 156461 53 – 26** liggur um 18 sunnan og ofan við skeringar við veglínu á austurbakka Krákár. Vegna nálægðar við veglínuna og einnig efnistökusvæði á mel vestan tóftarinnar er hún í hættu. Með því að merkja tóftina á greinilegan hátt má komast hjá því að hún verði skemmd.
 - **Fjánhús og hlaða 156461 53 – 24** liggur í miðri veglínu rétt utan við þar sem hún liggur yfir Kráká. Aldur tóftarinnar er óviss en hún ber þó þess merki að vera nokkuð gömul. Ekki eru merki um eldri byggingar undir tóftinni. Æskilegast væri að veglínunni yrði hnikað í norður til að tóftin sleppi og þar með einnig tóftir 156461 53 – 25 og 26. Sé þess ekki kostur þarf að sækja um leyfi hjá Fornleifavernd að tóftin verði fjarlægð og þá með þeim skilyrðum sem þeir setja um mögulega fornleifarannsókn.
 - Í landi Þorbrandsstaða mun væntanleg veglína liggja eftir núverandi vegi í gegn um tún fornbylisins **Frambæjar** syðst í Þorbrandsstaðatúni. Skráð voru á svæðinu **beitarhús 156538 54 – 11**, **mögulegt bæjarstaði Frambæjar 156538 54 – 10** og **túngarður 156538 54 – 41**. Ekki er vitað með vissu hvað bærinn stóð en þó eru leiddar líkur að því að það sé annað hvort undir beitarhúsatóftinni syðst í túni eða undir þar sem enn standa steipt fjánhús og greinileg er nokkur upphækkun í túni[**156538 54 – 10**]. Núverandi vegur liggur í gegn um túnið og hefur túngarðurinn verið sléttaður að hluta í tengslum við þá vegagerð. Áætluð veglína mun að hluta liggja yfir túngarðinn og inn á það svæði sem beitarhúsin standa á og kann að vera bæjarstaði Frambæjarins. Besta lausnin væri að færa veglínuna vestur fyrir gamla túnið en slíkt hefði í för með sér töluverðar breytingar á veglínunni. Ef slík tilfærsla er ekki möguleg þarf að sækja um leyfi til Fornleifaverndar að hylja minjarnar að undangengnum fornleifarannsóknnum til að ákvarða aldur og ef hægt er staðsetningu býlisins. Nauðsynlegt er að hafa framkvæmdaefirlit á meðan að veg framkvæmdum stendur við Þorbrandsstaði.
 - **Rétt eða náttugi 156530-49-28** er um 13 m sunnan við væntanlegan fláa á veglínu í landi Teigs. Tóftin er nokkuð fornleg á að líta og samgróin umhverfi sínu. Við framkvæmdir er nauðsynlegt að merkja tóftina vel til að forða henni frá hnjaski vegna framkvæmdanna og umferð þeim tengdum. Ef sýnt þykir að tóftin kunnist að lenda undir veglínu að fullu eða hluta þarf að sækja leyfi til Fornleifaverndar um að tóftin verði hulin og þá að undangenginni fornleifarannsókn til að kanna aldur hennar.

Hofsárdalsleið Bustarfellsmeigin:

Í töflu 3 eru sýndar minjar sem eru innan við 50 m frá framkvæmdasvæði, veglínunum, fláum, skeringum eða efnistökusvæðum.

Veglína/Jörð	Númer	Tegund	Fjarlægð í metrum frá framkvæmdasvæði	Mynd aftast í skýrslu
Hofsárdalsleið				
Bustarfell	156452 50 - 21	Fornbýlið Kleif	50	5
	156452 50 - 43	Tóft - Kleif	50	5
	156452 50 - 44	Túngarður-Kleif	50	5
	156452 50 - 45	Tóft - Kleif	80	5
	156452 50 - 46	Varða	Í veglínu	5
	156452 50 - 47	Varða	Á efnistökusvæði	5
	156452 50 - 8	Fjánhús	10	6
	156452 50 - 42	Garður	47	6

Tafla 3. Hofsárdalsleið norðan ár, minjar innan 50 m frá veglínunum. Minjar merktar með gulu liggja innan 20 m en með grænu milli 20 og 50 m.

Átta minjar eru um eða innan 50 m frá framkvæmdasvæðum á leiðinni. Þar af liggja þrjár þeirra innan 20 m frá framkvæmdasvæðum og tvær á framkvæmdasvæðum.

- **Fornbýlið Kleif 156452 50 – 21, 156452 50 – 43, 156452 50 – 44, 156452 50 – 44, 156452 50 – 45** er neðan við mela þar sem merkt sem efnistökusvæði á korti. Óvíst er hversu stór hluti minjanna er eftir þar sem að miklar landbreytingar hafa orðið af völdum Hofsár á svæðinu. Þó er greinilegur túngarður og amk. ein tóft uppi við melbrekku neðan við þar sem efnistakan mun fara fram. Ekki eru miklar líkur á því að þessar minjar skemmist við framkvæmdirnar en þó ber að taka tillit til þeirra ekki síst vegna mögulegrar umferðar á efnistökusvæði A-10 við Hofsá.
- **Varða 156452 50 - 46** liggur um 10 m norðan við veglínu á melbrún. Varðan er fremur lítilfjörleg, einungis nokkrir steinar. Aldur óviss. Ef sýnt þykir að varðan verði að víkja vegna vegagerðarinnar þar að sækja um leyfi til Fornleifaverndar.
- **Varða 156452 50 – 47** liggur frammi á melbrún syðst á efnistökusvæði ofan fornbylisins Kleifar. Varðan er nú hrunin og er nú einungis grjóthrúga. Ef sýnt þykir að varðan verði að víkja vegna vegagerðarinnar þar að sækja um leyfi til Fornleifaverndar.
- **Fjánhús 156452 50 – 8**, svokallað Lambhús, liggur neðst í túni á Bustarfelli. Tóftin er líklega frá 20 öldinni en vera kann að þar sé byggt á eldra húsi. Tóftin er um 10 m norðan veglínu. Óvíst er að tóftin komi til með að verða fyrir skaða af völdum framkvæmdanna en nauðsynlegt væri að girða hana af eða merkja með viðeigandi hætti til að forða henni frá skemmdum.
- **Garðbrot 156452 50 – 42**, liggur meðfram vegslóða sem liggur sunnan túns á Bustarfelli. Garðurinn liggur um 40 m sunnan væntanlegrar veglínu og er líklega ekki í hættu vegna framkvæmdanna.
- **Stekkur 156452 50 – 42**, svokallaður Jónsstekkur liggur nokkuð utan við efnistökusvæði og langt frá veglínu. Hinsvegar er vegslóði rétt vestan hans frá væntanlegum vegi að efnistökusvæði við Hofsá. Verði umferð stórvirkra

vinnuvéla um þennan veg verður að merkja stekkin eða afgirða til að forða honum frá raski.

Hofshálsleið:

Í töflu 4 er sýndar minjar sem eru innan við 50 m frá framkvæmdasvæði, veglínunum, fláum, skeringum eða efnistökusvæðum.

Veglína/Jörð	Númer	Tegund	Fjarlægð frá framkvæmdasvæði	Mynd aftast í skýrslu
Hofshálsleið				
Hauksstaðir	182017 39 - 43	Beitarhús/heyttóftir	42	7
	182017 39 - 44	Varða	20	7
Hof	156484 48 - 82	Garður	85	8
	156484 48 - 86	Tóft	87	8
(Þorsteinsstaðir)	156484 48 - 95	Túngarður	33	9
(Þorsteinsstaðir)	156484 48 - 96	Tóft	19	9
(Þorsteinsstaðir)	156484 48 - 97	Þúst	Í veglínu	9
(Þorsteinsstaðir)	156484 48 - 98	Þúst	4	9

Tafla 4. Hofshálsleið, minjar innan 50 m frá veglínunum. Minjar merktar með gulu liggja innan 20 m en með grænu milli 20 og 50 m.

Á Hofshálsleið eru 6 minjar innan 50 m frá veglínu, þrjár minjar eru innan 20 m frá veglínu og ein þeirra er í vegfláa.

- **Beitarhús** eða **heyttóftir 182017 39 – 43** í landi Hauksstaða liggja um 40 m ofan og sunnan tilvonandi veglínu. Minjarnar eru líklega ekki í hættu vegna framkvæmdanna en vegna nálægðar við þær þarf að taka sérstakt tillit til þeirra.
- **Varða 182017 39 – 44** liggur uppi á melhóli um 20 sunnan veglínunnar. Varðan liggur nokkuð hærra en veglínun og er líklega ekki hættu vegna framkvæmdanna.
- Hér eru einnig taldar upp **friðlýstra minjar** í landi Hofs en þar eru miklar og fornar minjar bæði ofan og neðan núverandi þjóðveggar norðan Hofs. Túngarður og tóftir innan hans mynda minjahlé sem var skráð í heild sinni þó svo að flestar minjanna séu langt utan áhrifasviðs hugsanlegs framkvæmdasvæðis. Nyrsti hluti minjanna, friðlýstur **túngarður 156484 48 - 82** og **tóft 156484 48 - 86** við hann eru í um 80 m fjarlægð frá væntanlegu framkvæmdasvæði. Vegurinn mun liggja í töluverðum halla ofan minjanna og þar mun verða nokkur flái á veginum. Minjarnar kunna því að lenda nær væntanlegu vegstæði en sést á loftmynd. Fullt tillit verður að taka til minjasvæðisins og merkja á greinilegan hátt þannig að það verði á engan hátt fyrir hjaski af völdum framkvæmdanna.
- **Túngarður 156484 48 – 95** á Þorsteinsstöðum, afbýli Hofs, er greinilegur að hluta umhverfis bæjarhól Þorsteinsstaða. Garðurinn er horfinn að miklu leyti og er varla í hættu vegna vegagerðar. Bæjarhóll Þorsteinsstaða liggur uppi í brekku ofan veglínu og er ólíklegt að hann sé í hættu vegna framkvæmdanna.
- **Tóft 156484 48 – 96** er um 20 m ofan, norðan, vegfláa. Líklega er um einhverskonar útihús að ræða. Merkja þyrfti tóftina greinilega til að henni verði ekki raskað við framkvæmdir.
- Tvær **þústir 156484 48 – 97** og **156484 48 – 98** er í og rétt við vegfláa sunnan bæjarhólsins á Þorsteinsstöðum. Merki voru um að þarna hafi einhvertímann staðið mannvirki, líklega útihús einhverskonar en engar greinilegar minjar voru sýnilegar á þessum stöðum enda er þarna nú sléttað tún. Þarna kunna þó að

leynast minjar neðanjarðar og sækja þarf um leyfi til að fá að hylja eða fjarlægja minjarnar að undangenginni fornleifakönnun.

Vesturárdalsleið út á Tanga:

Í töflu 5 er sýndar minjar sem eru innan við 50 m frá framkvæmdasvæði, veglínum, fláum, skeringum eða efnistökusvæðum.

Veglína/Jörð	Númer	Tegund	Fjarlægð frá framkvæmdasvæði	Mynd aftast í skýrslu
Vesturárdalsleið				
Brunahvammur	156449 52 – 30	Varða	13	1
	156449 52 – 31	Varða/smalabyrgi	Í veglínu	1
	156449 52 – 32	Smalabyrgi	Í veglínu	1
	156449 52 – 33	Varða	Í veglínu	1
	156449 52 – 34	Varða	Í veglínu	1
	156449 52 – 35	Varða	5	1
	156449 52 – 26	Varða	30	1
	156449 52 – 27	Varða	6	10
Hauksstaðir	156482 39 – 25	Smalakofi	Í veglínu	11
	156482 39 – 26	Varða	Í veglínu	11
	156482 39 – 27	Tóft	4	11
	156482 39 – 16	Tóft	17	11
	156482 39 – 29	Varða	34	11
	156482 39 – 34	Tóft	40	12
	156482 39 – 35	Varða	Í veglínu	12
	156482 39 – 36	Varða	16	12
	156482 39 – 38	Varða	3	12
	156482 39 – 39	Varða	11	12
	156482 39 – 40	Varða	Á efnistökusvæði	12
	156482 39 - 13	Byli	39	12
	156482 39 - 42	Stekkur	19	12
Búastaðir	156482 41 - 15	Túngarður	40	12

Tafla 5. Vesturárdalsleið, minjar innan 50 m frá veglínum. Minjar merktar með gulu liggja innan 20 m en með grænu milli 20 og 50 m.

Á Vesturárdalsleið að Kolbeinstanga eru 21 fornleifar innan 50 m frá framkvæmdasvæðum, 15 minjar innan 20 m og 8 þeirra lenda á framkvæmdasvæðum.

- **Varða 156449 52 – 30** liggur um 13 m frá væntanlegri veglínu. Varðan er einungis nokkrir steinar hlaðnir ofan á stóran náttúrustein, aldur óviss. Verði sýnt að varðan hverfi við vegagerð þarf að fá leyfi til að fjarlægja hana hjá Fornleifavernd.
- **Varða og smalabyrgi 156449 52 – 31** eru við stóran náttúrustein í væntanlegri veglínu. Smákofi hlaðinn upp við steininn, líklega smalakofi og lítil varða við hann – óvíst um aldur. Sé ekki hægt að hnika til veglínu til að forðast að skemma minjarnar þarf að sækja um leyfi hjá Fornleifavernd til að fá að fjarlægja þær.
- **Smalabyrgi 156449 52 – 32** liggur upp við stóran náttúrustein innan áhrifasvæðis væntanlegra vegaf framkvæmda. Þarna er um að ræða litla grjóthleðslu, nokkuð hrunda, aldur óviss. Sé ekki hægt að hnika til veglínu til að forðast að skemma minjarnar þarf að sækja um leyfi hjá Fornleifavernd til að fá að fjarlægja þær.

- **Varða 156449 52 – 33** liggur í veglínu. Varðan er einungis smá hrúgald etv hlaðin til að merkja nærliggjandi smalabyrgi [156449 52 – 32]. Sé ekki hægt að hnika til veglínu til að forðast að skemma minjarnar þarf að sækja um leyfi hjá Fornleifavernd til að fá að fjarlægja þær.
- **Varða 56449 52 – 34** liggur í veglínu. Hún er nokkuð vel hlaðin , um 1,5 m á hæð. Grjótdreif liggur umhverfis vörðuna og virðist hún hafa hrunið en verið endurbyggð. Sé ekki hægt að hnika til veglínu til að forðast að skemma minjarnar þarf að sækja um leyfi hjá Fornleifavernd til að fá að fjarlægja þær.
- **Varða 156449 52 – 35** liggur rétt við útmörk veglínu. Hún hefur greinilega hrunið en ekki verið endurhlaðin. Sé ekki hægt að hnika til veglínu til að forðast að skemma minjarnar þarf að sækja um leyfi hjá Fornleifavernd til að fá að fjarlægja þær.
- **Varða 156449 52 – 26** liggur um 30 m sunnan veglínu og er líklega utan framkvæmdasvæðis. Varðan en vel hlaðin en aldur er óviss. Taka þarf tillit til vörðunnar við framkvæmdir.
- **Vörðu hrúga 156449 52 – 27** liggur á brekkubrún um 6 m sunnan veglínu. Einungis er um óverulega grjóthrúgu að ræða. Sé ekki hægt að hnika til veglínu til að forðast að skemma minjarnar þarf að sækja um leyfi hjá Fornleifavernd til að fá að fjarlægja þær.
- **Bæjarstæði í Brunahvammi** var skráð þar sem það liggur rétt sunnan veglínu Vesturárdalsleiðar og norðan Hofsárdalsleiðar. Minjarnar eru ekki í hættu vegna framkvæmdanna en taka þarf tillit til þeirra vegna nálægðar við báðar veglínur.
- **Þrjár tóftir** og ein varða liggja á og við smá melhól í suðurhlíðum Vesturárdals. **Smalakofi 156482 39 – 25** liggur efst á hólnum. Grjóthlaðin smátóft á melhóli, veggir hrundir. **Varða 156482 39 – 26** liggur rétt við smalakofann [156482 39 – 25]. **Tóft 156482 39 – 27** liggur rétt sunnan hólans og nokkrum metrum sunnan hennar tóft **156482 39 – 16**. Varðan og smalakofinn lenda að óbreyttu undir veglínu en tóftirnar tvær liggja rétt sunna veglínu og eru í töluverðri hættu vegna framkvæmdanna. Útlit tóftanna bendir til að þær séu nokkuð gamlar. Engar heimildir eru til um þessar minjar en þarna kann að hafa staðið beitarhús eða etv. sel. Æskilegt væri að veglínan yrði færð aðeins norður fyrir þessar minjar til að hlífa þeim. Sé það ekki mögulegt er æskilegt að þær verði afgirtar eða merktar á annan áberandi hátt. Ef sýnt þykir að ekki sé mögulegt að hlífa þessum minjum þarf að fá leyfi Fornleifaverndar til að fjarlægja eða hylja þær að undangenginni fornleifarannsókn.
- **Varða 156482 39 – 29** liggur 34 m norðan veglínu og er líklega ekki í hættu vegna framkvæmdanna.
- **Nokkrar tóftir**, etv. beitarhúsa, og garðbrot liggja í hvammi í svokölluðum Grófarðal norðan væntanlegrar veglínu. Sú þessara minja sem næst liggur veglínu er **tóft 156482 39 – 34** sem liggur um 40 m norðan veglínu. Tóftirnar eru líklega ekki í hættu vegna framkvæmdanna en nauðsynlegt er að fara með gát um svæðið og etv. merkja þá tóft sem næst liggur veglínunni.
- **Varða 156482 39 – 35** liggur á mel syðst í veglínu. Varðan er hrugin og fremur óveruleg. Sé ekki hægt að hnika til veglínu til að forðast að skemma minjarnar þarf að sækja um leyfi hjá Fornleifavernd til að fá að fjarlægja þær.

- **Varða 156482 39 – 36 liggur** um 16 m norðan við áætlaða veglínu. Hún er líklega ekki í hættu vegna framkvæmdanna en sé sýnt að fjarlægja þurfi vörðuna þarf að sækja um leyfi til þess til Fornleifaverndar.
- **Varða 156482 39 – 38 liggur** um 3 m sunnan við veglínu og er í mikilli hættu vegna þess. Ef sýnt þykir að fjarlægja þurfi vörðuna þarf að sækja um leyfi til þess til Fornleifaverndar.
- Leifar hruninnar **vörðu 156482 39 – 39** liggja um 11 m norðan áætlaðrar veglínu. Hún er líklega ekki í hættu vegna framkvæmdanna en sé sýnt að fjarlægja þurfi vörðuna þarf að sækja um leyfi til þess til Fornleifaverndar.
- **Varða 156482 39 – 40** liggur inni á efnistökusvæði. Sækja þarf um leyfi hjá Fornleifavernd til að fá að fjarlægja vörðuna.
- **Bæjarhóll 156482 39 – 13** fornbylisins Kots liggur um 40 m sunnan væntanlegs vegar. Litlar líkur eru á að hóllinn verði fyrir skemmdum vegna framkvæmdanna en nauðsynlegt að taka tillit til hans við umferð um svæðið.
- **Stekkur 156482 39 – 42** liggur á melhóli um 19 m sunnan væntanlegrar veglínu. Við stekkurinn er einnig vörðubrot. Með því að girða tóftina af eða merkja á annan áberandi hátt má komast hjá því að tóftin verði fyrir skemmdum.
- **Túngarðsbrot 156482 41 – 15**, etv. tilheyrandi fornbyli eða sels við svokallaðan Tungustein liggur um 40 m sunnan væntanlegs vegar. Minjar garðsins og tófta við steininn eru líklega ekki í hættu við framkvæmdirnar en taka verður tillit til þeirra við umferð um svæðið.

Minjar í og við Vopnafjarðarkauptún:

Í töflu 6 eru sýndar minjar sem eru innan við 50 m frá framkvæmdasvæði, veglínunum, fláum, skeringum eða efnistökusvæðum.

Veglína/Jörð	Númer	Tegund	Fjarlægð frá framkvæmdasvæði	Mynd aftast í skýrslu
Vesturárdalsleið				
Leiðarhöfn/Norður-Skálanes	156507 42 - 23	Hesthús	Í veglínu	14
	156507 42 - 26	Mógröf	40	14
	156507 42 - 27	Mógröf	40	14
	156507 42 - 25	Tóft/rétt	36	14
	156500 43 - 17	Tóft	20	14
	156500 43 - 18	Tóft	Í veglínu	14
	156500 43 - 19	Fjánhús	Í veglínu	14
	156500 43 - 20	Matjurtagarður	6	14
	156500 43 - 21	Kofi	12	14
	156500 43 - 22	Brunnur	10	14
	156500 43 - 23	Rétt	25	14
	156500 43 - 24	Óþekkt	10	14
	156500 43 - 25	Túngarður	8	14

Tafla 6. Minjar á Vesturárdalsleið í og við Vopnafjarðarkauptún, minjar innan 50 m frá veglínunum. Minjar merktar með gulu liggja innan 20 m en með grænu milli 20 og 50 m.

Alls eru 13 minjar innan 50 metra frá framkvæmdasvæðum og þar af eru 8 þeirra innan 20 m. Þrjár minjar lenda undir vegi.

- Tóftarleifar líklega **hesthúskofa 156507 42 - 23** eru í veglínu. Kofinn mun hafa verið byggðum um miðja 20. öld og telst því ekki til fornleifa.
- **Mógröf 156507 42 – 26/247** notuð af bæjabúum fram á 20. öld. Mógrafasvæðið er um 50 m norðan væntanlegrar veglínu og því varla í hættu af framkvæmdum.
- **Tóft 156507 42 – 25**, etv. réttartóft er um 20m sunnan væntanlegrar veglínu norðan Vopnafjarðarbæjar. Líklega tilheyrir tóftin sjálfsþurftabúskap bæjarbúa á fyrri hluta 20. aldar en telst ekki fornleifar skv. lögum.
- **Smátóft 156500 43 – 17** liggur um 20 m austan veglínu. Líkt og aðrar tóftir sem skráðar voru við Vopnafjarðarkauptún er hún líklega 20. aldar smíð og telst ekki til fornleifa í skilningi laganna.
- **Tóftir 156500 43 – 18, 19, 20, 21, 22, 23 og 25** eru allar innan áhrifasvæðis vegaframkvæmdanna þar sem að athafnasvæðið afmarkast að austan af kirkjugarði bæjarins en að vestan af klettabelti. Samkvæmt heimildamanni tilheyrja þessar tóftir býlinu Götu og munu vera 20 aldar minjar. Útlit tóftanna bendir og til að þarna sé ekki um mjög gamlar minjar að ræða og þær teljast ekki til fornleifa í skilningi laganna. Hinsvegar er ekki loku fyrir það skotið að einhverjar þeirra kunni að tilheyrja þurrabúðabúskap frá upphafi kaupsinsins um aldamótin 1900. Á það einkum við um minjar næst kirkjugarði en erfitt var að greina þær sökum gróðurs. Einnig kunna tóftir sem þarna eru að standa á grunni eldri minja. Sökum þess hversu framkvæmdasvæðið er afmarkað við væntanlega innkeyrslu í bæinn er vart um að ræða færslu veglínu til að hlífa minjunum. Því

þarf að leita leyfis hjá Fornleifavernd ríkisins um að minjarnar verði fjarlægðar eða hular og þá með þeim skilyrðum sem Fornleifavernd mun setja. Æskilegt væri að framkvæmdaefirlit verði haft á þessu svæði.

Niðurlag

Niðurstaða fornleifaskráningarinnar sýna að allar veglínurnar, utan millidalaleiðar svokallaðrar, koma til með að hafa áhrif á menningarminjar. Af þeim veglínunum sem skráðar voru flestar fornleifar á Vesturárdalsleið alls 74 þar af eru 23 þeirra í eða við framkvæmdasvæði (innan 20 m). Á Hofsárdalsleið voru svo 50 fornleifar þar af 22 í og við veglínur. Á Hofshálsleið voru 26 minjar þar af 3 minjar í eða við framkvæmdasvæði. Einungis ein varða fannst við svokallaða Millidalaleið og er hún ekki í hættu. Minjarnar sem um ræðir voru allt frá vörðuhrúgöldum upp í minjaheildir eins og fornbylíð Tungusel og friðlýstar minjar Hoftóftar og fornra garðlaga. Alls voru skráðar 73 minjar í næsta nágrenni við veglínur (innan 20 m) og efnistökusvæði. Stærsti minjaflokkurinn var vörður alls 20 talsins.

Segja má að Hofsárdalsleið Einarstaðamegin sunnan ár komi verst út með tilliti til menningarminja. Þar mun veglína liggja um tún tveggja fornbyla og nokkrar tóftir munu einnig hverfa undir veg eða vera í nokkurri hættu vegna vegagerðarinnar. Þar geta því orðið dýrar fornleifarannsóknir og/eða framkvæmdaefirlit. Þar sem Hofsárdalsleið liggur Bustarfellsmegin norðan ár mun vegurinn ekki liggja í gegnum bæjarstæði en nokkrar minjar kunna þó að fara undir veg/efnistöku. Á Vesturárdalsleið eru nokkrar minjar sem koma til með hverfa undir veglínu en þar fer veglínan hvergi í gegn um bæjarstæði. Framkvæmdaefirlit þyrfti þó að hafa vegna framkvæmda við innkeyrslu í Vopnafjarðarkauptún og mögulega þyrfti að rannsaka nokkrar tóftir áður en framkvæmdir hefjast. Leiðin yfir Hofsháls mun fara framhjá friðlýstu minjasvæði á Hofi og þarf að taka sérstakt tillit til þess þó það sé nokkuð frá framkvæmdasvæði. Á þeirri leið þyrfti að rannsaka eina tóft sem mun hverfa undir veg.

Hér er einungis um að ræða skráningu fornleifa á afmörkuðu áhrifasvæði væntanlegra framkvæmda. Ekki er um heildstæða fornleifaskráningu jarða að ræða og verði frekari breytingar á veglínunum eða öðrum framkvæmdasvæðum verður að endurskoða skráninguna.

Skráðar voru minjar sem sýnilegar voru á yfirborði eða þar sem staðsetning minja sem ekki sjást lengur var þekkt. Gæta ber að því að minjar geta leynst undir yfirborði þótt þær sjáist ekki ofanjarðar. Þar sem fornleifar koma óvænt í ljós við framkvæmdir ber að stöðva framkvæmdirnar og tilkynna fundinn til Fornleifaverndar ríkisins. Fornleifavernd úrskurðar einnig um hvaða ráðstafana skal gripið til vegna minja sem kunna að raskast vegna framkvæmdanna.

Heimildaskrá

Finnur. Karlsson, Indriði Gíslason og Páll Pálsson, 2000; Múlasýslur, Sýslu- og sóknalýsingar Hins Íslenska Bókmenntafélags 1839-1847. Bls. 39-56. Sögufélag og Örnefnastofnun. Reykjavík

Halldór Stefánsson: Fornbýli og eyðibýli í Múlasýslum. *Múlaþing V, 1970*, bls. 172-187.

Íslendingasögur x bindi. Austfirðinga sögur, Guðni Jónsson bjó til prentunar, Reykjavík, 1953.

Íslenzkt fornbréfasafn III 1262-1415. Kaupmannahöfn, 1896.

Íslenzkt fornbréfasafn IV 1265-1449. Kaupmannahöfn, 1907

Íslenzkt fornbréfasafn I X. Reykjavík. 1909-1913.

Íslenzkt fornbréfasafn V.1330-1476. Kaupmannahöfn og Reykjavík 1899-1902.

J. Johnsen: *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripum úr búnaðartölum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu*. Kaupmannahöfn. 1847.

Kálund, P.E. Kristian: *Íslenzkir sögustaðir IV*. Austfirðingafjórðungur. Reykjavík 1986. Sveitir og jarðir í Múlaþingi I, 1974. Búnaðarsamband Austurlands.

Viðbót við Örnefnaskrá fyrir Einarstaði. Helgi Gíslason skráði (Heimildamaður: Jón Haraldsson). Örnefnastofnun Íslands.

Viðbót við örnefnaskrá fyrir Leiðarhöfn. Helgi Gíslason skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Örnefnaskrá Bustarfells. Methúsalem Methúsalemsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Örnefnaskrá fyrir Einarstaði. Björgvin Sigfússon skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Örnefnaskrá fyrir Hauksstaði. Jakob Einarsson skráði (Ritað eftir handriti Friðbjörns Kristjánssonar). Örnefnastofnun Íslands.

Örnefnaskrá fyrir Steinvarartungu, Tunguheiði. Helgi Gíslason skráði, 1975 (Borið undir Björgvin Sigurðsson). Örnefnastofnun Íslands.

Örnefnaskrá fyrir Steinvarartungu, Tunguheiði. Sr. Jakob Einarsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Örnefnaskrá fyrir Teig. Jakob Einarsson skráði (Heimildarmenn: Gunnar Valdimarsson ofl). Örnefnastofnun Íslands.

Örnefnaskrá Hofs. Jakob Einarsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Örnefnaskrá Vakursstaða. Jakob Einarsson skráði (Heimildarmenn: Sigurður Pétursson ofl). Örnefnastofnun Íslands.

Fylgiskjöl

Listi yfir hnit

Veglína/Jörð	Númer	Tegund	Hnit E	Hnit N	Fjarlægð frá framkvæmdasvæði í m	Mynd
Hofsárdalsleið Einarstaðamegin						
Brunahvammur	156449 52 - 40	Leið	663929,05	561281,98	Í veglínu	1
	156449 52 - 41	Varða	663978,98	561163,04	92	1
	156449 52 - 42	Varða	663979,01	561161,98	90	1
	156449 52 - 43	Varða	664017,30	561353,20	7	1
	156449 52 - 44	Varða	663996,84	561364,83	Í veglínu	1
	156449 52 - 45	Óþekkt	664016,88	561453,41	4	1
	156449 52 - 46	Varða	664174,46	562105,09	Í veglínu	1
	156449 52 - 47	Stekkur	664287,08	562235,96	15	1
	156449 52 - 48	Varða	664367,20	562232,40	19	1
Hof/Tungusel	156484 48 - 52	Bústaður	676082,72	569675,14	Í veglínu	2 og 3
	156484 48 - 54	Beitarhús	676071,08	569680,21	Í veglínu	2 og 3
	156484 48 - 55	Rétt	675986,03	569664,00	63	2 og 3
	156484 48 - 56	Túngarður	676028,59	569623,94	Í veglínu	2 og 3
	156484 48 - 95	Garður	676123,91	569558,45	89	2 og 3
	156484 48 - 96	Garður	675995,58	569750,34	Í veglínu	2 og 3
	156484 48 - 97	Stekkur	676068,99	569605,07	72	2 og 3
	156484 48 - 98	Tóft	676073,73	569634,22	41	2 og 3
	156484 48 - 99	Tóft	676025,42	569722,96	Í veglínu	2 og 3
	156484 48 - 100	Tóft	676007,98	569706,00	16	2 og 3
	156484 48 - 101	Tóft	676020,07	569691,03	27	2 og 3
	156484 48 - 102	Tóft	675983,00	569704,83	31	2 og 3
	156484 48 - 103	Tóft	676094,07	569630,97	36	2 og 3
	156484 48 - 104	Tóft	676113,00	569593,04	48	2 og 3
Einarstaðir	156461 53 - 20	Leið	676331,85	569593,04	22	2 og 3
	156461 53 - 31	Fjánhús	676685,06	569653,27	16	4
	156461 53 - 2	Beitarhús	676953,00	569732,14	28	4
	156461 53 - 21	Tóft	676937,96	569747,90	7	4


	156461 53 - 22	Fjánhús	676931,73	569719,04	30	4
	156461 53 - 23	Tóft	676936,75	569725,91	30	4
	156461 53 - 25	Stekkur	677977,95	570604,14	12	5
	156461 53 - 26	Kofi	678037,02	570638,94	18	5
Einarsstaðir	156461 53 - 24	Beitarhús	678047,94	570681,05	Í veglínu	5
	156461 53 - 27	Rétt	678589,98	571397,11	52	5
	156461 53 - 28	Mylla	678863,79	571569,09	51	5
	156461 53 - 29	Varða	679644,00	572391,91	53	5
	156461 53 - 30	Varða	679691,18	572462,39	68	5
Þorbrandsstaðir	156538 54 - 11	Beitarhús	681514,40	574912,70	20	6
	156538 54 - 40	Tóft	681432,18	574892,26	80	6
	156538 54 - 41	Túngarður	681521,54	574960,59	Í veglínu	6
	156538 54 - 10	Byli	681595,8	574963,21	17	6
Teigur	156530-49-28	Rétt/Nátthagi	681401,69	575949,24	12	6
Hofsárdalsleið Bustarfellsmegin						
Bustarfell	156452 50 - 21	Fornbýlið Kleif	677974,71	571402,75	50	5
	156452 50 - 43	Tóft - Kleif	677974,32	571402,39	50	5
	156452 50 - 44	Túngarður-Kleif	677973,53	571401,08	50	5
	156452 50 - 45	Tóft - Kleif	677931,69	571325,14	99	5
	156452 50 - 46	Varða	677780,17	571330,54	Í veglínu	5
	156452 50 - 47	Varða	677998,61	571473,3	Á efnistökusvæði	5
	156452 50 - 8	Fjánhús	679858,93	574046,00	10	6
	156452 50 - 42	Garður	680073,55	574103,33	47	6
	156452 50 - 16	Stekkur	680818,07	575117,11	113	6
Millidalaleið						
Hauksstaðir	182017 39 - 45	Varða	680061,61	579525,02	114	7
Hofshálsleið						
Hauksstaðir	182017 39 - 43	Beitarhús/heyttóftir	679676,52	578897,74	42	7
	182017 39 - 44	Varða	680306,99	579146,99	20	7
Hof	156484 48 - 4	"Hoftóft"	683232,74	579133,57	126	8
	156484 48 - 11	Brunnur	683230,71	579150,74	124	8
	156484 48 - 10	Túngarður	683208,61	579137,75	110	8

	156484 48 - 82	Garður	683249,45	579227,17	85	8
	156484 48 - 83	Tóft	683222,18	579101,30	147	8
	156484 48 - 84	Tóft	683171,93	579106,31	116	8
	156484 48 - 85	Garður	683216,23	579134,85	110	8
	156484 48 - 34	Byli	683209,74	579097,78	142	8
Hof	156484 48 - 86	Tóft	683197,63	579155,64	87	8
	156484 48 - 87	Tóft	683257,44	579153,99	116	8
	156484 48 - 88	Tóft	683259,59	579162,17	126	8
	156484 48 - 89	Tóft	683201,94	579125,18	116	8
	156484 48 - 90	Tóftaþyrping	683208,08	579056,89	179	8
	156484 48 - 91	Tóft	683192,72	579018,44	205	8
	156484 48 - 92	Tóft	683154,30	579019,75	185	8
	156484 48 - 93	Tóft	683351,71	579048,52	268	8
	156484 48 - 94	Tóft	683351,64	579007,92	301	8
	156484 48 - 35	Rétt	683497,18	579095,79	285	8
Hof/Þorsteinsstaðir	156484 48 - 57	Beitarhús	683694,15	579921,61	89	9
	156484 48 - 58	Beitarhús/Bústaður	683694,15	579921,61	89	9
	156484 48 - 95	Túngarður	683660,55	579980,94	33	9
	156484 48 - 96	Tóft	683765,31	579885,97	19	9
	156484 48 - 97	Tóft	683786,29	579833,45	Í veglínu	9
	156484 48 - 98	Tóft	683873,88	579892,41	4	9
Vesturárdalsleið						
Brunahvammur	156449 52 - 28	Rétt	663837,53	560902,14	52	1
	156449 52 - 29	Rétt	663854,35	560885,89	71	1
	156449 52 - 30	Varða	663957,54	561581,47	30	1
	156449 52 - 31	Varða og smalabyrgi	663966,80	561961,45	Í veglínu	1
	156449 52 - 32	Smalabyrgi	663966,80	561961,45	Í veglínu	1
	156449 52 - 33	Varða	663997,42	562096,06	Í veglínu	1
	156449 52 - 34	Varða	663984,60	562113,86	Í veglínu	1
	156449 52 - 35	Varða	664112,45	562262,36	5	1
	156449 52 - 36	Varða	664255,25	562454,66	40	1
	156449 52 - 37	Varða	664562,57	562858,65	100	10



	156449 52 - 38	Varða	664685,79	563106,35	99	10
	156449 52 - 39	Varða	664657,65	563410,82	61	10
	156449 52 - 1	Bæjarhóll	664924,17	563403,91	150	10
	156449 52 - 3	Fjánhús	664918,90	563441,13	126	10
	156449 52 - 21	Hesthús	664846,73	563342,93	129	10
	156449 52 - 22	Rétt	664874,78	563224,69	208	10
	156449 52 - 23	Útihús	664937,14	563445,83	148	10
	156449 52 - 24	Tóft	664900,71	563333,98	184	10
Brunahvammur	156449 52 - 25	Tóft	664881,82	563360,19	152	10
	156449 52 - 16	Matjurtagarður	664907,49	563464,67	113	10
	156449 52 - 26	Varða	666257,61	565254,33	30	10
	156449 52 - 27	Varða	666818,26	566215,71	6	10
Hauksstaðir	156482 39 - 24	Smalabyrgi	673542,86	575949,32	65	11
	156482 39 - 25	Smalakofi	673798,81	576423,63	Í veglínu	11
	156482 39 - 26	Varða	673797,55	576417,31	Í veglínu	11
	156482 39 - 27	Útihús	673790,60	576392,34	4	11
	156482 39 - 28	Varða	673739,72	576470,71	64	11
	156482 39 - 29	Varða	674060,05	576948,83	34	11
	156482 39 - 30	Garður	675826,84	578326,01	57	12
	156482 39 - 31	Garður	675809,90	578333,26	72	12
	156482 39 - 32	Garður	675794,06	578436,38	159	12
	156482 39 - 33	Gripheldi	675860,62	578354,19	47	12
	156482 39 - 40	Beitarhús	675876,72	578387,10	47	12
	156482 39 - 34	Óþekkt	675908,21	578388,16	40	12
	156482 39 - 35	Varða	676049,00	578465,03	Í veglínu	12
	156482 39 - 36	Varða	676152,86	578605,71	16	12
	156482 39 - 37	Stekkur	676511,97	578588,05	93	12
	156482 39 - 38	Varða	676672,55	578686,23	3	12
	156482 39 - 39	Varða	677266,99	578874,03	11	12
	156482 39 - 40	Varða	678491,02	578964,98	Á efnistökusvæði	12
	156482 39 - 14	Fjánhús	678806,05	579501,01	100	12
	156482 39 - 13	Býli	679261,61	579625,70	39	12

	156482 39 - 42	Stekkur	679634,88	579943,02	19	12
Búastaðir	156450-41 - 15	Garður	680411,25	580306,57	40	
	156450-41 - 14	Útihús	680391,88	580242,02	40	
	156450-41 - 4	Beitarhús	680927,99	581254,99	98	13
Gröf/Vakursstaðir	156534 35 - 29	Brú	684686,98	584416,06	59	13
	156534 35 - 30	Útihús	684673,40	584427,67	75	13
	156534 35 - 31	Útihús	684666,09	584431,94	85	13
	156534 35 - 13	Beitarhús	684500,78	584470,20	230	13
Gröf/Vakursstaðir	156534 35 - 32	Túngarður	684522,39	584416,13	166	13
	156534 35 - 34	Tóft	684608,44	584487,62	157	13
	156534 35 - 35	Útihús	684375,70	584526,74	164	13
	156534 35 - 36	Útihús	684309,61	584312,60	58	13
	156534 35 - 37	Útihús	684333,56	584361,43	67	13
Norður-Skálanes	156507 42 - 23	Hesthús	689408,68	589995,10	Í veglínu	14
	156507 42 - 24	Rétt	690752,28	591165,74	105	14
	156507 42 - 26	Mógröf	691071,99	591495,00	40	14
	156507 42 - 27	Mógröf	691072,99	591494,00	40	14
	156507 42 - 25	Tóft	690995,07	591332,95	36	14
Leiðarhöfn	156500 43 - 26	Tóft	691290,26	591408,46	54	14
	156500 43 - 27	Húsgrunnur	691312,00	591394,56	52	14
	156500 43 - 17	Tóft	691495,65	591262,80	20	14
	156500 43 - 18	Tóft	691474,54	591268,76	Í veglínu	14
	156500 43 - 19	Fjánhús	691466,89	591174,46	Í veglínu	14
	156500 43 - 20	Matjurtagarður	691464,98	591204,38	6	14
	156500 43 - 21	Kofi	691467,99	591234,01	12	14
	156500 43 - 22	Brunnur	691488,98	591205,05	10	14
	156500 43 - 23	Gripheldi	691496,97	591278,38	23	14
	156500 43 - 24	Tóft	691452,32	591291,66	10	14
	156500 43 - 25	Túngarður	691496,20	591233,29	8	14
	156500 43 - 12	Íshús	691577,73	591215,97	94	14

Yfirlitsmynd yfir kort í Vopnafirði




13. Mynd. Minjar í landi Búastaða (2) og Vakursstaða





Kortagrunnur: Loftmyndir ehf.
Kort: Bryndís Zoëga

1. Mynd. Minjar innan Brunahvamms






Kortagrunnur: Loftmyndir ehf.
Kort: Bryndís Zoëga

2. Mynd. Tungusel með Hofsdalsleið norðan ár






3. Mynd. Tungusel með Hofsárdalsleið sunnan ár




Kortagrunnur: Loftmyndir ehf.
Kort: Bryndís Zoëga

4. Mynd. Minjar í landi Einarstaða (1)



Kortagrunnur: Loftmyndir ehf.
Kort: Bryndís Zoëga


5. Mynd. Minjar í landi Einarstaða (2) og Bustarfells (1)



0 500 1000 1500 m

Kortagrunnur: Loftmyndir ehf.
Kort: Bryndís Zoëga



6. Mynd. Minjar í landi Bustarfells (2), Þorbrandsstaða og Teigs



0 500 1000 1500 2000 2500 m


Kortagrunnur: Loftmyndir ehf.
Kort: Bryndís Zoëga

7. Mynd. Minjar á Millidalaleið og í landi Hauksstaða (3) og Búastaða (1)



Kortagrunnur: Loftmyndir ehf.
Kort: Bryndís Zoëga

8. Mynd. Minjar í landi Hofsháls



Kortagrunnur: Loftmyndir ehf.
Kort: Bryndís Zoëga

9. Mynd. Minjar á Þorsteinsstöðum (Hof)





0 100 200 300 400 500 m




Kortagrunnur: Loftmyndir ehf.
Kort: Bryndís Zoëga

10. Mynd. Minjar í og við Brunahvamm



Kortagrunnur: Loftmyndir ehf.
Kort: Bryndís Zoëga



11. Mynd. Minjar í landi Hauksstaða (1)



0 500 1000 m

Kortagrunnur: Loftmyndir ehf.
Kort: Bryndís og Guðný Zoëga

12. Mynd. Minjar í landi Hauksstaða (2)



Kortagrunnur: Loftmyndir ehf.
Kort: Bryndís Zoëga

14. Mynd. Minjar í landi Vopnafjarðarkauptúns og nágrennis



Kortagrunnur: Loftmyndir ehf.
Kort: Bryndís Zoëga

Skinnhúsa

Rannsóknaskýrslur

Byggðasafns Skagfirðinga:

- 1 **Villinganesvirkjun** – Mat á umhverfisáhrifum. Fornleifaskráning í hluta lands Tyrfingsstaða, Keldulands, Stekkjarflata og Villinganess. Katrín Gunnarsdóttir september 1999.
- 2 **Hof í Hjaltadal** – Fornleifaskráning. Katrín Gunnarsdóttir apríl 2000.
- 3 **Hólar í Hjaltadal** - Fornleifaskráning. Katrín Gunnarsdóttir apríl 2000.
- 4 **Steinsstaðir í Tungusveit** - Fornleifaskráning. Katrín Gunnarsdóttir júní 2000.
- 5 **Grafarós og Hofsós** - Fornleifaskráning. Katrín Gunnarsdóttir febrúar 2001.
- 6 **Víðimelur í Skagafirði** - Fornleifaskráning. Katrín Gunnarsdóttir júní 2001.
- 7 **Reykjarhóll í Skagafirði**. Fornleifaskráning vegna frístundabyggðar. Katrín Gunnarsdóttir mars 2002.
- 8 **Fornleifaskráning vegna vegagerðar í landi Hnausa, Bjarnastaða, Másstaða og Hjallalands í Vatnsdal**. Ragnheiður Traustadóttir, Rúna Knútsdóttir Tetzschner, Sigríður Sigurðardóttir maí 2002.
- 9 **Fornleifaskráning á Hveravöllum** vegna deiliskipulags. Guðný Zoëga ágúst 2002.
- 10 **Fyrri hluti fornleifaskráningar fyrir Vestmanneyjar**. Katrín Gunnarsdóttir, Sigríður Sigurðardóttir desember 2002.
- 11 **Glaumbær**. Fornleifaskráning vegna deiliskipulags fyrir umhverfi prestsbústaðar, kirkju og safns auk aðalskipulagsskyldra minja utan þess svæðis í Glaumbæ I og II. Sigríður Sigurðardóttir febrúar 2003.
- 12 **Rannsókn á torf- og grjóthlésluleifum í Skagafirði**. Anna Björg Bjarnadóttir og Sigríður Sigurðardóttir, 2002.
- 13 **Höfði á Höfðaströnd**. Fornleifaskráning fyrir skipulagsvinnu vegna sumarbústaðar í Höfðagerðislandi og fyrir aðalskipulag. Katrín Gunnarsdóttir, Sigríður Sigurðardóttir júlí 2003.
- 14 **Hátún og Mikligarður**. Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. Sigríður Sigurðardóttir júlí 2003.
- 15 **Syðra-Skörðugil**. Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. Sigríður Sigurðardóttir júlí 2003.
- 16 **Fornleifaskráning vegna umhverfismats snjóflóðavarna í Neskaupstað**. Guðný Zoëga júlí 2003.
- 17 **Fornleifaskráning vegna vegagerðar í landi Hvamms, Eyjólfsstaða, Bakka og Hofs í Vatnsdal**. Katrín Gunnarsdóttir, Sigríður Sigurðardóttir ágúst 2003.
- 18 **Kirkjugarður í Keldudal Hegranesi**. Drög að skýrslu. Guðný Zoëga, Þór Hjaltalín september 2003.
- 19 **Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. Varmahlíð, Reykjarhóll með Barði, Brún og Laugarbrekku. Einnig Hof, Fagrihvoll og Reykjarhólssel í Brekkulandi**. Katrín Gunnarsdóttir, Sigríður Sigurðardóttir nóvember 2003.
- 20 **Fornleifakönnun vegna vegagerðar í Reyðarfirði og Fáskrúðsfirði**. Guðný Zoëga október 2003.
- 21 **Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. Áshildarholt**. Sigríður Sigurðardóttir nóvember 2003.
- 22 **Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. Kimbastaðir, Messuhólt og Lyngholt**. Sigríður Sigurðardóttir desember 2003.
- 23 **Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. Sjávarborg, Tjarnir, Lambagerði, Skógarbakki, Grænhóll**. Sigríður Sigurðardóttir desember 2003.
- 24 **Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. Borgargerði**. Sigríður Sigurðardóttir desember 2003.
- 25 **Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. Brennigerði**. Sigríður Sigurðardóttir desember 2003.
- 26 **Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. Gil, Tröð og Bergsstaði**. Sigríður Sigurðardóttir desember 2003.
- 27 **Fornleifaskráning vegna aðal- og deiliskipulags í Fjarðabyggð**. Guðný Zoëga, Ragnheiður Traustadóttir, Anna Rut Guðmundsdóttir og Bryndís Zoëga janúar 2004.

- 28 **Fornleifaskráning vegna aðalskipulags í Fjarðabyggð**. Svæðisskráning. Guðný Zoëga, Ragnheiður Traustadóttir janúar 2004.
- 29 **Fornleifaskráning vegna aðalskipulags Breiðdalsvíkur**. Guðný Zoëga, Bryndís Zoëga, Anna Rut Guðmundsdóttir, janúar 2004.
- 30 **Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á Þingeyrum**. Guðný Zoëga, mars 2004.
- 31 **Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í Skálmarbæ**. Ragnheiður Traustadóttir, Anna Rut Guðmundsdóttir, maí 2004.
- 32 **Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í Arnarneslandi**. Ragnheiður Traustadóttir og Anna Rut Guðmundsdóttir, maí 2004.
- 33 **Greining mannabeina úr kirkjugarðinum í Keldudal, Hegranesi**. Framvinduskýrsla. Guðný Zoëga, september 2004.
- 34 **Hallormsstaður og nágrenni**. Fornleifaskráning. Guðný Zoëga, nóvember 2004.
- 35 **Hálsþorp í Djúpavogshreppi**. Fornleifaskráning. Guðný Zoëga, nóvember 2004.
- 36 **Neðri-As í Hjaltadal**. Fornleifaskráning vegna deiliskipulags. Bryndís Zoëga, Guðný Zoëga desember 2004.
- 37 **Vopnafjörður**. Heimildaskráning vegna væntanlegra vegaframkvæmda. Bryndís Zoëga, Guðný Zoëga desember 2004.
- 38 **Fornleifaskráning vegna aðalskipulags á Langholti Skagafirði**. Grófargil, Brautarholt, Stóra-Seyla, Torfgarður, Ytra-Skörðugil I og II, Halldórsstaðir, Jaðar og Páfastaðir. Bryndís Zoëga, Guðný Zoëga desember 2004.
- 39 **Fornleifakönnun í landi Arnarness, Garðabæ**. Daniel Rhodes, Ragnheiður Traustadóttir október 2004.
- 40 **Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á Urriðaholti í Garðabæ**. Ragnheiður Traustadóttir og Rúna Knútsdóttir Tetzschner.
- 41 **Fornleifaskráning Vopnafjarðar, Svæðisskráning**. Bryndís Zoëga, Guðný Zoëga, maí 2005.
- 42 **Sauðá í Borgarsveit**. Fornleifaskráning vegna aðalskipulags. Guðmundur St. Sigurðarson, Guðný Zoëga, Katrín Gunnarsdóttir, Sigríður Sigurðardóttir, júní 2005.
- 43 **Steinsstaðir í Hafnarfirði /Hamarsbraut 17**. Fornleifaskráning vegna deiliskipulags. Auður Blöndal og Ragnheiður Traustadóttir.
- 44 **Fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum vegagerðar í botni Hrutafjarðar**. Bryndís Zoëga, Guðný Zoëga og Sigríður Sigurðardóttir. Október 2005.
- 45 **Greining mannabeina úr kirkjugarðinum í Keldudal, Hegranesi**. Framvinduskýrsla. Guðný Zoëga, september 2005.
- 46 **Fornleifakönnun vegna vegagerðar í Finnstungu, Bólstaðarhlíðarhreppi**. Guðný Zoëga, október 2005.
- 47 **Fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum vegagerðar í Vopnafirði**. Guðný Zoëga, Bryndís Zoëga og Guðmundur St. Sigurðarson, desember 2005.

Heimasíða Byggðasafns Skagfirðinga er: www.skagafjordur.is/byggdasafn

